



Verðbréfalýsing skuldabréfa

TM 15 1

11. september 2015

Verðbréfalýsing þessi er gefin út af Tryggingamiðstöðinni hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík (einnig nefnt „útgefandi“ í verðbréfalýsingu þessari). Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefandans dagsettri 11. september 2015 og samanstendur af verðbréfalýsingu þessari dagsettri 11. september 2015 og útgefandalýsingu dagsettri 11. september 2015.

Lýsingin er gefin út vegna fyrirhugaðrar umsóknar útgefanda um að skuldabréf útgefin af Tryggingamiðstöðinni hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland (með „Nasdaq Iceland“ er í verðbréfalýsingu þessari átt við Kauphöll Íslands hf., skráð hjáheiti NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, Reykjavík) sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Lýsingin tekur til allra skuldabréfa sem gefin hafa verið út hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. undir auðkenninu TM 15 1 (einnig nefnd „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ og „TM 15 1“ í verðbréfalýsingu þessari).

Lýsingin er birt á vef útgefanda, www.tm.is/fjarfestar, og má nálgast hana þar rafrænt. Auk þess má óska eftir henni á prentuðu formi hjá útgefanda.

ARCTICAFINANCE

Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR	4
1.1. Almenn áhætta skuldabréfa	4
1.2. Lagaumhverfi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði og töku til viðskipta	4
1.3. Áhætta tengd skuldabréfaflokknum	5
1.3.1. Markaðsáhætta	5
1.3.2. Seljanleikaáhætta.....	5
1.3.3. Lausafjárahætta	6
1.3.4. Áhætta við gjaldþrot	6
1.3.5. Sérstök skilyrði	6
1.3.6. Breyting á skilmálum háð samþykki ákveðins hlutfalls skuldabréfaeigenda	6
1.3.7. Áhætta vegna vísitölu neysluverðs.....	7
1.3.8. Uppgreiðsluáhætta	7
1.3.9. Uppgjörsáhætta.....	7
2. UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA	8
2.1. Útgefandi	8
2.2. Lánshæfismat útgefanda	8
2.3. Heimild skuldabréfaútgáfu	8
2.4. Ábyrgð á endurgreiðslu útgáfu	8
2.5. Löggjöfin sem skuldabréfin eru gefin út í samræmi við	9
2.6. Útgáfuform skuldabréfanna og greiðslufyrirkomulag	9
2.7. Framsal	9
2.8. Hlunnindi	9
2.9. Skattamál	9
2.10. Ágreiningsmál.....	9
2.11. Auðkenni skuldabréfa Tryggingamiðstöðvarinnar hf., nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.....	9
2.12. Viðskipti með skuldabréfin á skipulegum verðbréfamarkaði.....	14
2.12.1. Umsókn um töku til viðskipta.....	14
2.12.2. Tilgangur	14
2.12.3. Umsjónaraðilar og aðrir ráðgjafar	14
3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	15
3.1. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar.....	16
3.2. Skilgreiningar og tilvísanir	16
3.3. Gildistími og aðgengi að lýsingu.....	17
3.4. Skjöl til sýnis	17
3.5. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda	17

4. ÚTGÁFULÝSING TM 15 1.....	18
------------------------------	----

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti skuldabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum hluta hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfum sem Tryggingamiðstöðin hf. gefur út í flokknum TM 15 1 er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í skuldabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldabréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í útgefandalýsingu dagsettri 11. september 2015 og verðbréfalýsingu þessari, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í kafla um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á Tryggingamiðstöðina hf. og fjárfestingar í skuldabréfum útgefnum af félaginu.

Hér á eftir fer umfjöllun um þá áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt bestu vitund að eigi sérstaklega við um skuldabréf útgefin af honum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim og getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á getu útgefanda til að uppfylla skyldu sína samkvæmt skuldabréfunum.

1.1. Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og þrátt fyrir að standa framar í röð kröfuhafa en t.a.m. eigendur hlutabréfa, geta eigendur skuldabréfa tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum, að heild eða hluta. Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum og þá skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, vaxtaákvörðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Einnig má nefna áhættuþætti á borð við markaðs- og verðbólguáhættu, seljanleikaáhættu auk þátta er snúa að skilmálum og réttindum skuldabréfa útgefanda.

Fjárfesting í skuldabréfum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum skuldabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjófbarbusins í heild. Seljanleikaáhættan felst í því að eftirspurn eftir skuldabréfum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu skuldabréfa eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að skuldabréf útgefin af einstökum félögum reynist óarðbær. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

1.2. Lagaumhverfi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði og töku til viðskipta

Lýsing, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, er birt í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkur verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf, kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. Útgefandi og fjármálagerningar sem hann gefur út falla undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, samanber lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Um skuldabréfin gilda enn fremur lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf.

Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra hefur verið innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum IX og XIII við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 17. desember 2013.

Frá því útgefandi óskar eftir því við NASDAQ OMX Iceland hf. að skuldabréfaflokkurinn verði tekinn til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gilda um hann og verðbréfin reglur Fjármálaeftirlitsins (einnig nefnt „FME“ í verðbréfalýsingu þessari) nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en slík umsókn telst virk þegar hún hefur verið send til NASDAQ OMX Iceland hf. eftir að staðfest lýsing hefur verið birt.

Ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir að taka skuldabréfaflokkinn til víðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. mun útgefandi og skuldabréfin sem hann gefur út lúta *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. þann 17. desember 2013 í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, sem meðal annars fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kunna að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að NASDAQ OMX Iceland hf. taki skuldabréf útgefanda úr víðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjótí útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að skuldabréf útgefanda falli í verði.

Þeir sem fjárfesta í skuldabréfum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfavíðskipti, s.s. reglur um víðskipti innherja vegna verðbréfa félaga sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, framin af ásetningi eða gáleysi, varða sektum eða fangelsi allt að tveimur eða sex árum.

1.3. Áhætta tengd skuldabréfaflokknum

1.3.1. Markaðsáhætta

Skuldabréfamarkaðir eru næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar skuldabréfaverðs. Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að verð fjármálagerninga sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna.

1.3.2. Seljanleikaáhætta

Skuldabréfin TM 15 1 hafa ekki áður verið tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til víðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um víðskiptavakt með skuldabréfin og er víðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans. Seljanleikaáhætta er áhættan á að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

1.3.3. Lausafjánhætta

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandi sig til að greiða skuldabréfin á fyrir fram ákveðnum gjalddögum og ber einn ábyrgð á þeirri skuldbindingu. Útgefandi fjármagnar það með tekjum sínum eða lántöku.

Stýring lausafjánhættu útgefanda og samstæðu hans felst meðal annars í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar þess og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Útgefandi ber ábyrgð á því að eiga nægilegt laust fé til að greiða af skuldabréfunum á gjalddögum þeirra.

1.3.4. Áhætta við gjaldþrot

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum eru víkjandi og skulu víkja fyrir öllum almennum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda endurgreiðist krafa um greiðslu samkvæmt skuldabréfunum á eftir öllum almennum kröfum, samhliða kröfum samkvæmt öðrum víkjandi skuldum, en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutafjár og öðrum kröfum sem njóta sömu réttihæðar (pari passus) og kröfur um endurgreiðslu hlutafjár.

1.3.5. Sérstök skilyrði

Útgefanda er heimilt hvenær sem er að fresta greiðslu vaxta samkvæmt skuldabréfunum. Þá er útgefanda heimilt hvenær sem er að inna af hendi vaxtagreiðslu, að hluta eða í heild, sem frestað hefur verið. Frestaðar vaxtagreiðslur bera enga vexti og eru ekki verðtrygðar.

Allar vaxtagreiðslur sem frestað hefur verið í samræmi við framangreint, gjaldfalla og ber að greiða í eftirfarandi tilvikum:

- a. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit á útgefanda.
- b. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupi eigin hluti.
- c. Um leið og heimild til innágreiðslu eða uppgreiðslu samkvæmt skuldabréfum þessum er nýtt.

Skylda útgefanda til greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu skal, þrátt fyrir framangreint, ekki vera til staðar á þeim tímapunkti ef:

- a. Útgefandi uppfyllir ekki ákvæði laga um gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau ákvæði í kjölfar greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu, eða
- b. Útgefanda er skylt að fresta áfram greiðslu vaxta skuldabréfanna til að skuld samkvæmt skuldabréfunum uppfylli skilyrði laga til að mynda grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda.

Með gjaldþoli er átt við gjaldþol váttryggingafélaga eins og það er skilgreint og reiknað út á grundvelli ákvæða laga og reglugerða á hverjum tíma, við útgáfu skuldabréfanna samkvæmt 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, t.a.m. við innleiðingu annarrar gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35.

1.3.6. Breyting á skilmálum háð samþykki ákveðins hlutfalls skuldabréfaeigenda

Breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins eru háðar samþykki útgefanda, fjármálaeftirlitsins og 2/3 þeirra skuldabréfaeigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) sem mæta á fund skuldabréfaeigenda. Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðað er til fundar. Til fundar skuldabréfaeigenda skal boðað með sama hætti og hluthafafundi í útgefanda.

Í þeim tilvikum þar sem ákvarðarnir varðandi skuldabréfin eru bornar undir atkvæði á fundum skuldabréfaeigenda geta skuldabréfaeigendur sem annaðhvort ekki mæta á fundinn, eða leggjast ekki sannanlega gegn þeirri tillögu sem til umfjöllunar er, talist hafa samþykkt hana (e. Snooze and lose).

Einnig getur ákvörðun sem tekin er á fundi skuldabréfaeigenda verið skuldbindandi fyrir skuldabréfaeiganda sem greitt hefur sannanlega atkvæði gegn henni, þar sem ákvarðanir teljast samþykktar ef tilskilið hlutfall skuldabréfaeigenda samþykkir tillöguna.

1.3.7. Áhætta vegna vísitölu neysluverðs

Skuldabréfin eru verðtryggð. Viðmiðunarvísitala er dagvísitala sem er reiknuð út frá vísitölu neysluverðs á Íslandi (NEY), sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala bréfanna er dagvísitalan 15. maí 2015, sem er 426,68000. Breyting á vísitölunni getur haft áhrif á virði skuldabréfanna, ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni frá útgáfudegi til þess dags sem skuld samkvæmt skuldabréfinu hefur verið greitt upp að fullu.

1.3.8. Uppgreiðsluáhætta

Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki fjármálaeftirlitsins, að greiða höfuðstól og vexti skuldabréfanna upp í heild, en ekki að hluta, fyrir gjalddaga þeirra af skuldabréfin mynda ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda, s.s. að mati eða úrskurði dómstóla, Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra eftirlitsaðila, t.d. með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eins og löggin eru við útgáfu skuldabréfanna eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, til að mynda við innleiðingu annarra gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35. Útgefandi skal senda tilkynningu um uppgreiðslu til eigenda skuldabréfanna í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Útgefanda er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða skuld samkvæmt skuldabréfum þessum upp að hluta eða í heild frá og með 15. maí 2025. Tilkynna skal eigendum skuldabréfa um innágreiðslur eða uppgreiðslu með minnst eins mánaða fyrirvara. Innágreiðslur og uppgreiðsla samkvæmt framangreindri heimild skulu fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfanna.

Að öðru leyti en að framan greinir er útgefanda óheimilt að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfa þessara upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þeirra.

1.3.9. Uppgjörsáhætta

Í tengslum við möguleg viðskipti með skuldabréfin er sú áhætta til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu eða skuldabréf á réttum tíma.

2. UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Lýsing þessi er birt í tengslum við umsókn um töku flokks skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa í flokknum og heildarheimild útgáfu í flokknum nemur 2.000.000.000 kr. að nafnverði. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ OMX Iceland hf. fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að skuldabréfin verði tekin til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með skuldabréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Auðkenni flokksins er TM 15 1 í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og verður óskað eftir sama auðkenni í kerfum Kauphallarinnar.

Markmiðið með því að fá skuldabréf Tryggingamiðstöðvarinnar hf. tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi bréfanna auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma.

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréf félagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og er heildarkostnaður félagsins áætlaður um 50 milljónir króna. Þar er um að ræða kostnað við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, kostnað við töku skuldabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá NASDAQ OMX Iceland hf., kostnað vegna rafrænnar útgáfu skuldabréfanna, þóknun til umsjónaraðila fyrir að hafa umsjón með því ferli að skuldabréf félagsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., kostnað vegna umsjónar með gerð lýsingar og ýmsa aðra smávægilega kostnaðarliði sem til falla við undirbúning á því að fá skuldabréf félagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf.

2.1. Útgefandi

Tryggingamiðstöðin hf.

Kennitala: 660269-2079

Stofndagur 7. desember 1956.

Heimilisfang: Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Ísland

Sími: +354 515 2000

Vefsíða: www.tm.is

2.2. Lánshæfismat útgefanda

TM er með styrkleikamatið BBB frá Standard & Poor's með stöðugum horfum, útgefið í júlí 2015. Í mars 2015 hlaut félagið styrkleikamatið B++ frá matsfyrirtækinu A.M. Best. Mat A.M. Best nær einnig til lánshæfis og hefur TM lánshæfiseinkunnina BBB+ hjá matsfyrirtækinu.¹

2.3. Heimild skuldabréfaútgáfu

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. samþykkti þann 30. apríl 2015 að gefa út og selja verðtryggð vikjandi skuldabréf að fjárhæð ISK 2.000.000.000. Skuldabréfin hafa öll verið seld.

2.4. Ábyrgð á endurgreiðslu útgáfu

Útgefandi ber einn ábyrgð á endurgreiðslu skuldabréfanna.

¹ <http://www.landsbankinn.is/markadir/frettir/?NewsID=620237&p=2> ;

<https://newsclient.omxgroup.com/cds/DisclosureAttachmentServlet?messageAttachmentId=524573>

2.5. Löggjöfin sem skuldabréfin eru gefin út í samræmi við

Um skuldabréfin gilda meðal annars lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast á tíu árum frá gjalddaga, nema kröfur um vexti og verðbætur skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum, samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

2.6. Útgáfuform skuldabréfanna og greiðslufyrirkomulag

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöðinni hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. Skilmálar skuldabréfanna eru samkvæmt kafla 2.2 í Útgáfulýsingu, dagsettri 8. maí 2015, sem birt var vegna útgáfu skuldabréfanna í kerfi verðbréfamiðstöðvar og má finna í kafla 4 í verðbréfalýsingu þessari.

Útgefandi mun með milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

2.7. Framsal

Engar hömlur eru á framsali skuldabréfanna, en eingöngu er heimilt að framselja þau til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.

2.8. Hlunnindi

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.9. Skattamál

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum er nú 20%. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Sá aðili sem varslar skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

2.10. Ágreiningsmál

Um skuldabréf þessi gilda íslensk lög. Rísi dómsmál útaf skuldabréfunum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

2.11. Auðkenni skuldabréfa Tryggingamiðstöðvarinnar hf., nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda

Auðkenni:	TM 15 1
ISIN:	IS0000025930
Tegund bréfs:	Vaxtagreiðslubréf. Skuldabréfin eru gefin út til 30 ára með einum gjalddaga höfuðstóls í lokin. Vextir reiknast frá fyrsta

	vaxtadegi skuldabréfanna og greiðast þann 15. maí og 15. nóvember ár hvert, fyrst þann 15. nóvember 2015 og síðast 15. maí 2045.
Gjaldmiðill:	ISK – íslenskar krónur.
Heildarheimild:	ISK 2.000.000.000,-
Útgefið nú:	ISK 2.000.000.000,-
Nafnverðseiningar:	ISK 20.000.000,-
Útgáfudagur:	15. maí 2015.
Lokagjalddagi:	15. maí 2045. Endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga skal þó vera háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.
Verðtrygging:	<p>Skuldabréfin eru verðtryggð. Viðmiðunarvísitala er dagvísitala sem er reiknuð út frá vísitölu neysluverðs á Íslandi (NEY), sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Vísitölu neysluverðs má finna á síðu Hagstofunnar www.hagstofa.is. Grunnvísitala bréfsins er dagvísitalan 15. maí 2015, sem er 426,68000.</p> <p>Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni frá útgáfudegi til þess dags sem skuld samkvæmt skuldabréfinu hefur verið greidd upp að fullu. Verðbættur höfuðstóll skuldabréfsins reiknast samkvæmt eftirfarandi formúlu:</p> <p>Verðbættur höfuðstóll = Verðbótastuðull x upphaflegur höfuðstóll</p> <p>Ef dagvísitalan á uppgjörssdegi er lægri en grunnvísitalan, þá skal höfuðstóll skuldar samkvæmt skuldabréfunum samt sem áður nema upphaflegum höfuðstól skuldarinnar.</p> <p>Verðbótastuðull:</p> $\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala uppgjörssdags}}{\text{Grunnvísitala}}$
Dagvísitala:	<p>Dagvísitala reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:</p> <p>Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði (m) er NEY (vísitala neysluverðs) tveimur mánuðum áður (m-2); Til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. maí NEY fyrir marsmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði m reiknast línulega milli NEY fyrir mánuðinn m-2 og NEY einum mánuði áður (m-1), samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:</p> $\text{Dagvísitala} = \text{NEY}_{m-2} + \left[\frac{d-1}{D} \times (\text{NEY}_{m-1} - \text{NEY}_{m-2}) \right]$ <p>NEY_{m-1} er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði m-1. NEY_{m-2} er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði m-2.</p> <p>Þar sem d er mánaðardagur uppgjörss og D er fjöldi daga í uppgjörsmánuðinum.</p> <p>Dagvísitalan, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama regla á við um verðbótastuðulinn.</p>
Fjöldi gjalddaga höfuðstóls:	Einn, á lokagjalddaga.

Vextir:	<p>Skuldabréfin bera 5,25% fasta ársvexti. Vextir reiknast með dagreglu 30E/360. Vextir hækka um 1% að liðnum 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfanna og verða þá 6,25% fastir ársvextir.</p> <p>Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út. Nánar tiltekið reiknast vextir á skuld af skuldabréfum þessum samkvæmt eftirfarandi formúlu:</p> <p>Greiddir vextir = Vextir x (dagvísitala á greiðsludegi / grunnvísitala) x Höfuðstóll.</p>
Dagaregla:	30E/360.
Fyrsti vaxtadagur:	15. maí 2015.
Fyrsti gjalddagi vaxta:	15. nóvember 2015.
Fjöldi gjalldaga vaxta:	Tveir gjalldagar á ári, 15. maí og 15. nóvember ár hvert, fyrst þann 15. nóvember 2015.
Greiðsla á lokagjalddaga:	Á lokagjalddaga greiðist höfuðstóll ásamt verðbótum og vöxtum. Endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.
Greiðslustaður:	Útgefandi mun með milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. greiða af skuldabréfunum höfuðstól, verðbætur og vexti á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa). Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.
Viðtökudráttur og vanskil:	<p>Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eigenda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar 397/2000, um rafræna eignaskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að móttaka greiðslu og framvísa viðeigandi eignarréttindum. Verði greiðslu ekki vitjað hjá útgefanda á réttum gjalddaga mun útgefandi hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur af viðkomandi greiðslu frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.</p> <p>Greiði útgefandi ekki á gjalddaga eða gjaldfellingardegi skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS-reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttavaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.</p>
Rétthæð (pari passu):	Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfunum eru ávallt jafn réttháar (pari passu) innbyrðis og skulu á hverjum tíma vera jafnréttháar öðrum ótryggðum víkjandi skuldbindingum útgefanda, öðrum en kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs umfram aðrar ótryggðar víkjandi skuldbindingar. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til skuldabréfaeigenda á grundvelli skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

<p>Víkjandi skuld:</p>	<p>Kröfur samkvæmt skuldabréfunum eru víkjandi og skulu víkja fyrir öllum kröfum á hendur útgefanda eins og nánar er tilgreint í lið þessum. Við gjaldþrot eða slit útgefanda endurgreiðist krafa um greiðslu samkvæmt skuldabréfunum á eftir öllum almennum kröfum, samhliða kröfum samkvæmt öðrum víkjandi skuldum, en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutafjár og öðrum kröfum sem njóta sömu réttshæðar (þ.e. eru pari passu) og kröfur um endurgreiðslu hlutafjár.</p>
<p>Heimild til uppgreiðslu:</p>	<p>Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki fjármálaeftirlitsins, að greiða höfuðstól og vexti skuldabréfanna upp í heild, en ekki að hluta, fyrir gjalddaga þeirra ef skuldabréf útgefanda mynda ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda, s.s. að mati eða úrskurði dómstóla, Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra eftirlitsaðila, t.d. með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eins og löggin eru við útgáfu skuldabréfanna eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, til að mynda við innleiðingu annarra gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35. Útgefandi skal senda tilkynningu um uppgreiðslu til eigenda skuldabréfanna í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. með minnst eins mánaðar fyrirvara.</p> <p>Útgefanda er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða skuld samkvæmt skuldabréfum þessum upp að hluta eða í heild frá og með 15. maí 2025. Tilkynna skal eigendum skuldabréfa um innágreiðslur eða uppgreiðslu með minnst eins mánaða fyrirvara. Innágreiðslur og uppgreiðsla samkvæmt framangreindri heimild skulu fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfanna.</p> <p>Að öðru leyti en að framan greinir er útgefanda óheimilt að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfa þessara upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þeirra.</p>
<p>Sérstök skilyrði:</p>	<p>Útgefanda er heimilt hvenær sem er að fresta greiðslu vaxta samkvæmt skuldabréfunum. Þá er útgefanda heimilt hvenær sem er að inna af hendi vaxtagreiðslu, að hluta eða í heild, sem frestað hefur verið. Frestaðar vaxtagreiðslur bera enga vexti og eru ekki verðtryggðar.</p> <p>Allar vaxtagreiðslur sem frestað hefur verið í samræmi við framangreint, gjaldfalla og ber að greiða í eftirfarandi tilvikum:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit á útgefanda. b. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupir eigin hluti. c. Um leið og heimild til innágreiðslu eða uppgreiðslu samkvæmt skuldabréfum þessum er nýtt. <p>Skylda útgefanda til greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu skal, þrátt fyrir framangreint, ekki vera til staðar á þeim tímapunkti ef:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Útgefandi uppfyllir ekki ákvæði laga um

	<p>gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau ákvæði í kjölfar greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu, eða</p> <p>b. Útgefanda er skylt að fresta áfram greiðslu vaxta skuldabréfanna til að skuld samkvæmt skuldabréfunum uppfylli skilyrði laga til að mynda grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda.</p> <p>Með gjaldþoli er átt við gjaldþol váttryggingafélaga eins og það er skilgreint og reiknað út á grundvelli ákvæða laga og reglugerða á hverjum tíma, við útgáfu skuldabréfa þessara samkvæmt 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, t.a.m. við innleiðingu annarrar gjaldþolstilskipunar EXB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35.</p>
Gjaldfellingarheimildir:	Engar.
Breytingar á skilmálum:	<p>Breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins eru háðar samþykki útgefanda, fjármálaeftirlitsins og 2/3 þeirra skuldabréfaeigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) sem mæta á fund skuldabréfaeigenda. Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðað er til fundar og litið skal á þá sem ekki gefa upp afstöðu sína eða mæta ekki á fund skuldabréfaeigenda, sem þeir hafi gefið viljrði sitt fyrir þeirri tillögu sem útgefandi leggur fyrir fundinn. Til fundar skuldabréfaeigenda skal boðað með sama hætti og hluthafafundi í útgefanda.</p> <p>Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefna skuldabréfa</p>
Framsal:	<p>Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eigenda hennar lögformlega heimild fyrir réttindum sem hann er skráður eigandi að. Yfirlit Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. um eigendur skuldabréfanna skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréfunum.</p>
Gjöld:	Útgefanda ber að greiða öll opinber gjöld sem leiða af útgáfu skuldabréfanna.
Ágreiningsmál:	Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
Fyrning:	Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum fer að lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.
Upplýsingaöflun:	Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra skal útgefanda vera heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma.

Upplýsingaskylda:	Eigendur skuldabréfanna eiga rétt á því að fá aðgang að árs- og ársheimingauppgjöri útgefanda þegar þau liggja fyrir.
-------------------	---

2.12. Viðskipti með skuldabréfin á skipulegum verðbréfamarkaði

2.12.1. Umsókn um töku til viðskipta

Í kjölfar þess að lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. óska eftir að öll skuldabréf í flokkinum TM 15 1, samtals 100 einingar, samtals að nafnverði 2.000.000.000 kr., verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun Kauphöllin fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega ef skuldabréfin verða tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með bréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Kauphöllin tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

2.12.2. Tilgangur

Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

2.12.3. Umsjónaraðilar og aðrir ráðgjafar

Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, hefur fyrir hönd útgefanda umsjón með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Umsjónaraðilarnir hafa verið ráðgjafar útgefanda við ferlið og þar með talið við gerð þessarar lýsingar. Mandat lögmannsstofa slf. hefur unnið að gerð lýsingarinnar í samráði við forsvarsmenn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá félaginu.

3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 11. september 2015 ásamt útgefandalýsingu dagsettri 11. september 2015, sem birt er í tengslum við umsókn um töku skuldabréfaflokks til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Skuldabréfin eru gefin út af Tryggingamiðstöðinni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, nemur 2.000.000.000 kr. að nafnverði. Auðkenni flokksins er TM 15 1 hjá Nasdaq verðbréfamiðstöðhf. og hefur verið óskað eftir sama auðkenni hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er gefin út á íslensku.

Lýsingin er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Ákvæði VI. kafla laga um verðbréfiðskipti, nr. 108/2007, taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ítarlegri reglur er að finna í reglugerð nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Verðbréfalýsingin uppfyllir ákvæði XIII. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100.000 evrur. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af Nasdaq OMC Iceland 17. desember 2013. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum; verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem bæði eru dagsett 11. september 2015. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Lýsing þessi, dagsett 11. september 2015, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsingu þessa, dagsetta 11. september 2015 og má nálgast hana á vef félagsins www.tm.is/fjarfestar. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er dagsett og geta breyst frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti hefjast með skuldabréfin á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., en ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin.

Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Tryggingamiðstöðinni hf. eða varða félagið.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 11. september 2015, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og ekki er víst að skuldabréfin séu hentugur fjárfestingarkostur fyrir alla fjárfesta. Fjárfestar ættu ekki að fjárfesta í skuldabréfunum nema þeir búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja mat á áhættuna sem fylgir kaupum á skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestar ættu að hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á heildar fjárfestingasafn viðkomandi. Einnig ættu fjárfestar að hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir allri þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í bréfunum. Fjárfestar ættu að hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um skuldabréfin (sjá kafla 2 í verðbréfalýsingu þessari) og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta- og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna, auk þess að hafa eigið hæfi til að bera tengda áhættu.

Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í skuldabréfum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á

verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 11. september 2015, skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Tryggingamiðstöðin hf. og Arctica Finance hf. eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni.

Þar sem verðbréf útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum NASDAQ OMX Iceland hf. Núgildandi Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf. 17. desember 2013, kveða m.a. á um að auk opinberrar birtingar allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma (þ.e. birting ársreikninga og árshlutareikninga) beri útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta, eins fljótt og unnt er, að birta upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem eru verðmótandi, þ.e. upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfanna. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til NASDAQ OMX Iceland hf. í eftirlitsskyni í samræmi við reglur NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. Meðan verðbréf Tryggingamiðstöðvarinnar hf. eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.tm.is/fjarfestar.

3.1. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Engin hagsmunatengsl eru á milli útgefandans og umsjónaraðila svo vitað sé, nema að útgefandi greiðir umsjónaraðila þóknun fyrir umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og ráðgjöf við gerð lýsingarinnar. Umsjónaraðili er Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, en gerð lýsingarinnar fyrir umsjónaraðila annaðist Mandat lögmannsstofa sf., Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sem undirverktaki. Engin hagsmunatengsl eru á milli útgefanda og Mandat lögmannsstofu slf.

3.2. Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „TM“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Tryggingamiðstöðin hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Vísun til „skuldabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til skuldabréfaflokks Tryggingamiðstöðvarinnar hf., hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. með auðkennið TM 15 1 og ISIN-númerið IS0000025930, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „skuldabréfaeigenda“ eða „skuldabréfaeigendanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun í eigendur skuldabréfaflokks Tryggingamiðstöðvarinnar hf. með auðkennið TM 15 1 og ISIN-númerið IS0000025930, eins og þeir eru á hverjum tíma, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda, sem samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum; verðbréfalýsingu dagsettri 11. september 2015 og útgefandalýsingu dagsettri 11. september 2015 og er birt í tengslum við umsókn um töku skuldabréfaflokks Tryggingamiðstöðvarinnar hf., Tm 15 1, til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Framangreind skjöl má finna á vef félagsins, www.tm.is/fjarfestar.

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „NASDAQ OMX Iceland hf.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., erlent aukaheiti NASDAQ OMX Iceland hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „verðbréfamiðstöðvar“ eða „Nasdaq verðbréfamiðstöðvar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ eða „ISK“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

3.3. Gildistími og aðgengi að lýsingu

Gildistími verðbréfalýsingar þessarar dagsettri 11. september 2015 er 12 mánuðir frá staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Útgefanda er heimilt að nota þegar staðfesta útgefandalýsingu á gildistíma hennar með annarri verðbréfalýsingu og samantekt líkt og nánar er kveðið á um í 49. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Aðgengi að verðbréfalýsingu þessari verður tryggt meðan verðbréfalýsingin er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni www.tm.is/fjarfestar.

3.4. Skjöl til sýnis

Eftirfarandi gögn eru hluti af verðbréfalýsingu þessari og sett fram í kafla 4 og tiltekin sem skjöl til sýnis: Útgáfulýsing skuldabréfa í flokknum TM 15 1.


Meðan verðbréfalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til sem skjöl til sýnis hér að framan, en slíkt aðgengi er veitt með birtingu lýsingarinnar á vef félagsins, www.tm.is/fjarfestar, og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Síðumúla 24 í Reykjavík.

3.5. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kennitala 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 11. september 2015

Fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar hf.



Örvar Kærneded

formaður stjórnar



Sigurður Viðarsson

forstjóri

4. ÚTGÁFULÝSING TM 15 1





Útgefandalýsing

11. september 2015

Efnisyfirlit

1	ÁHÆTTUÞÆTTIR	5
1.1	Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi.....	6
1.2	Vátryggingaáhætta.....	6
1.2.1	Iðgjaldaáhætta.....	7
1.2.2	Tjónaskuldaáhætta	8
1.3	Markaðsáhætta	9
1.3.1	Vaxtaáhætta	10
1.3.2	Hlutabréfaáhætta.....	10
1.3.3	Gjaldeyrisáhætta	11
1.3.4	Verðtryggingaráhætta.....	11
1.3.5	Fasteignaáhætta	11
1.3.6	Áhættuálagsáhætta	11
1.3.7	Samþjöppunaráhætta.....	12
1.3.8	Áhætta vegna afleiða.....	12
1.3.9	Endurfjárfestingaáhætta	12
1.4	Mótaðilaáhætta	12
1.4.1	Greiðslufallsáhætta	12
1.4.2	Útlánaáhætta.....	13
1.4.3	Endurtryggjendaáhætta	13
1.5	Lausafjárahætta	13
1.6	Rekstraráhætta.....	13
1.6.1	Stefnumótunaráhætta	14
1.6.2	Stjórnunar- og starfsmannaáhætta.....	14
1.6.3	Starfsreglur	14
1.6.4	Sviksemi.....	14
1.6.5	Upplýsingakerfi	14
1.6.6	Útvistunaráhætta.....	15
1.6.7	Orðsporsáhætta	15
1.6.8	Lagaleg áhætta.....	15
1.6.9	Pólítísk áhætta	15
1.6.10	Áhætta tengd eftirlitsumhverfi.....	16
1.6.11	Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum.....	16
1.7	Dómsmál.....	16
2	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	16
2.1	Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar.....	18
2.2	Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda	18

2.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	18
2.4	Skilgreiningar	19
2.5	Skammstafanir og hugtök	19
2.6	Hugtök í váttryggingastarfsemi	20
3	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN	22
3.1	Útgefandi	22
3.2	Fjárhagsdagatal.....	22
3.3	Tilgangur útgefanda og lög sem hann starfar eftir.....	22
3.4	Stofnun TM og ágríp af sögu félagsins.....	23
4	STARFSEMI.....	25
4.1	Skipulag	25
4.1.1	Samstæðan.....	25
4.1.2	Skipurit.....	26
5	STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN.....	28
5.1	Stjórn	28
5.2	Framkvæmdastjórn	30
6	HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR.....	31
6.1	Hlutfé	31
6.2	Hluthafar	31
7	FJÁRHAGSYFIRLIT	32
7.1	Rekstrarreikningur 2013-2014	32
7.1.1	Starfsþáttayfirlit	34
7.1.2	Afkoma greinaflokka	35
7.2	Efnahagsreikningur.....	35
7.2.1	Eignir	35
7.2.2	Skuldir.....	37
7.3	Sjóðstreymi	38
7.4	Yfirlit um breytingu á eigin fé 1.1.2013-31.12.2014.....	40
7.5	Fjármögnun	40
7.5.1	Lausafjárstýring.....	41
8	AÐRAR UPPLÝSINGAR	42
8.1	Upplýsingar um þróun.....	42
8.2	Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu.....	42
8.3	Skjöl felld inn með tilvísun	42
8.4	Skjöl til sýnis.....	42

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík (hér eftir „Tryggingamiðstöðin“, „TM“, „útgefandinn“ eða „félagið“) er váttryggingafélag sem býður alhliða váttryggingaþjónustu innanlands og afmarkaða váttryggingaþjónustu erlendis á sviði sjó- og eignatrygginga. Vegna eðlis váttryggingareksturs eru fjárfestingar ríkur þáttur í starfsemi félagsins. Höfuðstöðvar TM eru á Íslandi. Áhættuþættir þeir sem er lýst hér á eftir eru þeir sem TM er kunnugt um og sem að mati félagsins eiga sérstaklega við um það og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem TM gefur út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar, sem koma fram í lýsingu félagsins og samanstanda af útgefendalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á TM og fjárfestingar í verðbréfum félagsins.

Utan þeirra þátta sem getið er í útgefendalýsingu þessari er félaginu ekki kunnugt um neina aðra stjórnvaldslega, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnvaldalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur TM.

Áhættuþáttur er atriði sem getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á félagið, hvort sem er rekstur þess, efnahag eða framtíðarhorfur og leitt til lakari eða betri stöðu en ef áhrifanna hefði ekki gætt.

Vegna þeirra áhættuþátta sem félagið stendur frammi fyrir getur verulegra frávik gætt frá niðurstöðum ársreikninga og árshlutareikninga og þeim spám sem settar eru fram í áætlunum félagsins.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og til eru ýmsar aðferðir við að flokka þá. Hér er reynt eftir fremsta megni að kortleggja alla þekktu áhættuþætti í starfi félagsins og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþátta getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á félagið í framtíðinni, því áhættuþættir sem sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif á félagið síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

Framsetning og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um fylgir hefðum í váttryggingastarfsemi en fer ekki eftir mikilvægi eða líkum á því að viðkomandi áhættuþáttur hafi áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur.

Það er á ábyrgð starfsmanna TM að hafa vakandi auga með áhættuþáttum sem tengjast starfi þeirra. Brugðist er við vísbendingum um breytta stöðu áhættuþátta með viðeigandi ráðstöfunum, eftir atvikum endurskoðun á verðlagningu, vöruþróun, markaðssetningu eða fjárfestingum.

Félagið undirbýr sig nú fyrir nýjar reglur um váttryggingastarfsemi sem kallast Solvency II og byggja á Evróputilskipun nr. 138/2009 eins og henni var breytt með tilskipun nr. 51/2014 EB. Hinar nýju reglur munu taka gildi á Íslandi árið 2016 og tók félagið, við ársuppgjör 2014, upp nýja aðferð við mat á tjónaskuld sem byggist á matsreglum um váttryggingaskuld í Solvency II gjaldþolsreglunum. Ein stærsta breytingin sem í reglunum felst eru breyttar gjaldþolskröfur og taka tillit til allra helstu áhættuþátta váttryggingafélaga. Líkanið sem útreikningar gjaldþolskröfunnar byggja á leggur mat á alla helstu áhættuþætti váttryggingafélaga og allar forsendur líkansins byggja á 99,5 % vágildi. Félagið reiknar nú þessa áhættu ársfjórðungslega í samræmi við áhættustýringarstefnu og áhættuvilja félagsins.

Tafla 1. Heildaráhætta og gjaldþolskröfur skv. stöðluðu líkani Solvency II (þús.kr.)

	2014	2013
Skaðatryggingaáhætta	3.674.057	3.368.885
Heilsutryggingaáhætta	1.110.315	1.327.741
Líftryggingaáhætta	200.997	162.008
Markaðsáhætta	4.666.371	5.042.770
Mótaðilaáhætta	824.873	901.910
Rekstraráhætta	428.736	400.755
Fjölbættingaráhrif	-3.096.454	-3.205.693
Aðlögun vegna frestaðra skatta	-1.196.404	-1.263.533
Heildaráhætta og gjaldþolskrafa	6.612.491	6.734.843

Fjölbættingaráhrif (e. Diversification effect) koma til frádráttar heildaráhættu þar sem ekki er talið að allar áhættur raungerist á sama tíma. Í einhverjum tilfellum er talið að fylgni sé á milli áhættuþátta og í einhverjum tilfellum ekki. Því eru áhætturnar lagðar saman að teknu tilliti til tengsla á milli þeirra, er það er gert með fylgnifylkjum. Aðlögun vegna frestaðra skatta (e. Adjustment for the loss-absorbing capacity of deferred taxes) kemur til frádráttar þar sem tekið er tillit til skattaafsláttar sem félagið fengi við mikið tap. Gjaldþol félagsins samkvæmt Solvency II er mjög svipað og gjaldþolið samkvæmt núverandi löggjöf þ.e. eigið fé félagsins að frádrægnum óefnislegum eignum og væntanlegum arðgreiðslum. Gjaldþol félagsins samkvæmt staðlaða Solvency II líkaninu er 9,7 ma.kr. og gjaldþolshlutfallið því 1,47.

Athygli er vakin á því að skilgreiningar á hugtökum í váttryggingastarfsemi eru að finna í kafla 2.6.

1.1 Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Almennt ástand efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig og verðbólga hefur áhrif á váttryggingamarkaðinn og viðskiptavini félagsins og þar með á TM. Umsvif í þjóðfélaginu og efnahagsástand ráða nokkru um bæði eftirspurn eftir váttryggingum og samkeppni á váttryggingamarkaði og þar með á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur félagsins. Samkvæmt sögulegum gögnum félagsins hafa aukin umsvif í þjóðfélaginu áhrif á umferðarþunga sem leiðir m.a. til aukinnar tjónatíðni í ökutækjatrýggingum.

Efnahagsástand hefur mikil áhrif á stöðu eignamarkaða og þar með á ávöxtun fjárfestingasafns TM. Sérstaklega ber að nefna ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði, verðbólgu, verð hlutabréfa og fasteigna.

Verðbólga og launahækkanir hafa almennt neikvæð áhrif á fjárhæðir tjóna váttryggingafélaga og rekstrarkostnað en verðbólga getur haft jákvæð áhrif á fjárfestingatekjur þeirra.

Gjaldeyrishöft eru enn til staðar á Íslandi og á meðan þau eru til staðar þá hafa þau áhrif á gengi íslensku krónunnar. Slíkt getur haft áhrif á verðbólgu og þar með áhrif á starfsemi TM og viðskiptavini félagsins. Veiking krónunnar myndi t.d. að öllum líkindum hækka tjóna- og rekstrarkostnað félagsins en á móti myndi að hluta til veiga á móti að erlendar eignir félagsins myndu hækka í verði. Gjaldeyrishöftin koma í veg fyrir að TM geti bætt erlendum eignum við fjárfestingasafn sitt og gætu leitt til aukinnar samkeppni um íslenskar fjárfestingaeignir sem getur valdið hækkuð eignaverðis á Íslandi.

Þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi og á starfsemi og fjárhag viðskiptavina TM og þar með á TM. Þróun á erlendum fjármagnsmörkuðum getur sömuleiðis haft áhrif á innlendan fjármagnsmarkað og þar með á TM. Hún hefur jafnframt bein áhrif á erlendar verðbréfaeignir í fjárfestingasafni TM. Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi innanlands og erlendis eru utan áhrifasviðs stjórnar og æðstu stjórnenda TM.

1.2 Váttryggingaáhætta

Félagið tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalda. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem váttryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, háð

eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu. Iðgjöldin þurfa að standa undir öllum tjónakostnaði, rekstrarkostnaði og hæfilegri álagningu að teknu tilliti til ávöxtunar á greiddum iðgjöldum og tjónakröfum. Vátryggingaáhætta er sérstök fyrir vátryggingastarfsemi og stafar af því að iðgjöld eru ákveðin fyrirfram en þjónustan veitt seinna og oft er áhættan ekki að fullu þekkt í einstökum atriðum í upphafi sem gæti haft áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur TM.

Vátryggingaáhætta skiptist að grunni til í tvennt: iðgjaldaáhættu og tjónaskuldaráhættu, til að greina á milli tjóna í framtíðinni og orðinna tjóna.

1.2.1 Iðgjaldaáhætta

Iðgjaldaáhætta er sú áhætta að heildarupphæð tjóna í framtíðinni, að viðbættum kostnaði sem þeim tengist, verði hærri en gert var ráð fyrir þegar iðgjöld fyrir gildandi vátryggingasamninga voru ákvörðuð. Vernd sem félagið hefur lofað getur því í einhverjum tilvikum reynst vanmetin. Áhættan snýr í meginatriðum að því að tíðni tjóna eða meðaltal tjónsfjárhæða verði hærri en gert var ráð fyrir. Þetta getur stafað af því að forsendur geta reynst ónákvæmar en einnig geta einstök stór tjón haft mikil tímabundin áhrif. Hugsanlegt er líka að eðli tjóna reynist annað en gert var ráð fyrir í nýjum vörum eða breytist vegna þróunar í samfélaginu. Félagið fylgist með eðli og tíðni tjóna ásamt dreifingu tjónsfjárhæða í hverri vátryggingagrein og bregst við breytingum með verðlagningu eða vörupróun ef tilefni er til. Dregið er úr iðgjaldaáhættu með því að dreifa áhættunni á milli margra vátryggingagreina og með endurtryggingum gagnvart stórtjónum.

Iðgjaldaáhætta ræðst að miklu leyti af eftirtöldum þáttum:

- *Verðlagning iðgjalda:* Iðgjöld einstakra viðskiptavina, hvort sem er núverandi eða tilvonandi viðskiptavina, byggjast á mati á þeirri áhættu sem TM tekur á sig með viðkomandi vátryggingu. Rétt verðlagning iðgjalda er mikilvægur þáttur í starfseminni og fylgir því ákveðin áhætta sem er reiknuð inn í gjaldþolskröfuna og er einn stærsti þátturinn í henni ásamt markaðsáhættu. Það er því gert ráð fyrir því að búast megi við áföllum á þessu sviði og að tekinn sé frá ákveðinn hluti eiginfjárins til þess að eiga fyrir áföllum í verðlagningu. Stefna TM er að vera leiðandi í nákvæmni áhættumats og í því augnamiði nýtir félagið sér tölfræðilegar aðferðir og hugbúnað sem eru í sífelldri þróun innan félagsins. Slíkum matsaðferðum fylgir þó ávallt óvissa, auk þess sem ytri aðstæður ráða einnig miklu um hvernig verðlagning iðgjalda reynist þegar upp er staðið. Getur það að einhverju leyti ráðist af réttleika og tiltækileika upplýsinga og þekkingu starfsmanna á viðkomandi áhættu.
- *Stórtjón:* Einstök stórtjón geta haft mikil áhrif á afkomu af vátryggingastarfsemi og jafnvel gengið mikið á eigið fé vátryggingafélags sem ekki hefur varið sig gegn slíkum tjónum t.d. með endurtryggingum. Stærstu tjón félagsins til þessa hafa verið alþjón á stórum skipum og atvinnuhúsnæði. Atburður þar sem margir slasast alvarlega yrði einnig mjög kostnaðarsamur. Sem dæmi um aðrar gerðir stórtjóna má nefna óveður þar sem nokkurt tjón verður á mjög mörgum eignum í sama óveðri. Íslenskt óveður hefur þó valdið minna tjóni en stórir einstakir eldsvoðar. Við verðlagningu verður að taka tillit til hættunnar á stórtjónum, jafnvel þótt ekkert slíkt hafi nýlega átt sér stað. Það er venjulega gert með því að gera ráð fyrir að hluti iðgjalda renni til kaupa á endurtryggingavernd.
- *Endurtryggingar:* TM kaupir endurtryggingar gagnvart stórtjónum og hamfaratjónum í þeim tilgangi að takmarka vátryggingaáhættu sína. Endurtryggingarnar gera félaginu kleift að taka á sig stærri einstakar vátryggingaáhættur en annars og sinna þannig venjulegri vátryggingaþörf langflestira íslenskra fyrirtækja. Allir endurtryggingasamningar félagsins endurspeglar þá áhættu sem félagið tekur á hendur í frumtryggingum og lúta sömu skilmálum, gildir þá einu hvort um er að ræða hamfaratjón eða önnur tjón. Flestir endurtryggingasamningar TM eru svokallaðir umframáhættusamningar (e. *Excess of Loss*) samningar þar sem samið er um fasta eigin áhættu í hverju tjóni eða atburði. Eigin áhætta félagsins er mismunandi eftir samningum og liggur á bilinu 75 – 150 m.kr. Félagið nýtir sér hlutfallslegar endurtryggingar (e. Quota Share) í takmörkuðum mæli, aðallega vegna líf- og sjúkdómatrygginga. Mörk eigin áhættu félagsins eru valin þannig að tjón falli ekki á endurtryggingasamninga á hverju ári. Endurtryggingasamningar félagsins í eign-, skipa-, ökutækja-, ábyrgðar- og slysatryggingum virka hvoru tveggja sem vernd fyrir einstakar áhættur og einnig vegna stærri atburða sem eftir atvikum snerta margar áhættur í einum atburði. Endurtryggingasamningar eru að jafnaði endurnýjaðir til eins árs í senn og er endurtryggingaþörf því metin á hverju ári með hliðsjón af þróun á áhættum í vátryggingastofni félagsins og jafnframt m.t.t. tjónasögu. Gildir þetta bæði um endurtryggingavernd gagnvart einstökum áhættum jafnt sem uppsafnaðri áhættu í ljósi mögulegra hamfaratjóna. Undanfarin ár hefur tekist að koma á góðu jafnvægi milli endurtryggingakostnaðar og endurtryggingaverndar. Þannig hafa tjón sem farið

hafa inn á endurtryggingasamninga ekki reynst TM íþyngjandi og ekki haft mikil eða varanleg áhrif á endurtryggingaiðgjöld félagsins. Endurtryggingavernd félagsins er ekki ótakmörkuð þ.e.a.s. verði ítrekaðir stórir tjónsatburðir á sama ári (yfir 150 milljónir króna) þá klárast verndin og félagið þarf að semja um viðbótar endurtryggingavernd. Verði margir tjónsatburðir sem endurtryggjendur þurfa að bera mikinn kostnað af er veruleg hættu á að endurtryggingakjör TM verði lakari sem mun hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Markaðsaðstæður, sveiflukennnd afkoma, mikil hamfaratjón og breyttur áhættuvilji geta líka orðið til þess að almenn iðgjöld á endurtryggingamarkaði hækki óháð aðstæðum hjá TM og á Íslandi. Eins er ekki útilokað að endurtryggingavernd verði ekki í boði, hún of dýr eða óhentug til að verja félagið fyrir stórtjónum. Áhætta sem fylgir endurtryggingasamningum sérstaklega er að gildissvið skv. skilmálum endurtryggingasamningsins sé ekki það sama og frumtryggingasamningsins við váttryggingataka, þannig að stórt tjón sem váttryggingafélag hefur lofað að bæta falli utan endurtryggingarinnar og lendi á félaginu sjálfu. Hjá félaginu er lögð áhersla á að vanda verklag við að samræma skilmála félagsins við endurtryggingaskilmála.

- *Náttúruhamfarir:* Tjón vegna náttúruhamfara falla að jafnaði ekki undir váttryggingasamninga félagsins, að undanskildum sjótryggingum og sumarhúsatriggingum sem bæta tjón á gróðri af völdum náttúruhamfara. Það er hlutverk Viðlagatryggingar Íslands, sem starfar skv. lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, að bæta slík tjón. Undir Viðlagatryggingu Íslands falla allar brunatryggðar fasteignir og lausafé annað en farartæki og eru tjón af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða bætt skv. áðurnefndum lögum. Óveðurstjón (vindhraði yfir 28,5 m/sek)¹ falla hins vegar undir hefðbundna váttryggingaskilmála váttryggingafélaga og undir endurtryggingavernd félagsins.
- *Hryðjuverk:* Hryðjuverkaáhætta er almennt ekki undanþegin bótaskyldu í váttryggingaskilmálum félagsins nema tiltekin atvik sem fela í sér notkun kjarnorku og efnavopna. Áhætta af þessu tagi fellur undir hefðbundna endurtryggingasamninga félagsins og er því takmörkuð við sömu fjárhæðir og aðrar váttryggðar áhættur félagsins.
- *Samkeppni á váttryggingamarkaði:* TM á í samkeppni við önnur váttryggingafélög á íslenskum váttryggingamarkaði. Til viðbótar er um að ræða samkeppni frá erlendum tryggingafélögum í erlendum sjó- og eignatryggingum. Ef verðsamkeppni á váttryggingamarkaði myndi aukast frá því sem nú er má búast við að TM yrði að bregðast við slíkri þróun t.d. með lækkuð iðgjalda, sem gæti haft áhrif á afkomu félagsins. Ef erlent váttryggingafélag eða nýtt íslenskt félag myndi ákveða að hasla sér völl á íslenskum váttryggingamarkaði, mætti búast við neikvæðum áhrifum á markaðshlutdeild og afkomu TM, að minnsta kosti tímabundið.
- *Samþjöppunaráhætta:* Starfsemi TM fer að mestu leyti fram á Íslandi og er þannig ekki mjög landfræðilega dreifð. Það skapar ákveðna samþjöppunaráhættu sem felst í því að sveiflur í rekstri félagsins eru væntanlega meiri en ef starfsemi væri dreifd yfir stærra svæði. Í samþjöppunaráhættu felst einnig hættan á að félagið veiti hlutfallslega mikla áhættuvernd á einu tilgreindu landsvæði eða bæjarfélagi með hliðsjón af stór-, hamfara- eða óveðurstjóni. Slík áhætta fellur undir endurtryggingavernd félagsins auk þess sem félagið kaupir aukna vernd fyrir allar stórar áhættur sem fara yfir þak endurtryggingaverndarinnar, s.s. fyrir atvinnuhúsnæði og verksmiðjur. Þrátt fyrir það býr TM við samþjöppunaráhættu í starfsemi sinni.

Í árslok 2014 nam iðgjaldaskuld félagsins 3.731 m.kr. en iðgjaldaskuld er ætlað að endurspegla þá váttryggingavernd sem félagið hefur lofað vegna gildandi váttryggingasamninga frá reikningssskiladegi fram að endurnýjun samninganna.

1.2.2 Tjónaskuldaáhætta

Tjónaskuldaráhætta er hættan á því að orðin en óuppgerð tjón þróist á verri veg en gert var ráð fyrir. Neikvæð þróun getur bæði stafað af því að tilkynnt en ógreidd tjón hafi verið vanmetin og að tjón sem enn voru ótilkynnt reynist hærri eða fleiri en gert var ráð fyrir. Getur það hvort sem er varðað eiginlegar bætur til tjónþola, afleiddan tjónakostnað svo sem hreinsun rústa og/eða sérfræðikostnað við mat og uppgjör á tjónum.

Tjónaskuld félagsins byggist á mati á endanlegum kostnaði við öll óuppgerð tjón. Veruleg óvissa í því mati er óhjákvæmileg vegna neðangreindra þátta:

¹ Skilmálar heima- og fasteignatrygginga á vefsíðu TM: <http://www.tm.is/tjon/skilmalar/eignatryggingar>

- Nokkur tími getur liðið frá tjóni fram að tilkynningu til félagsins. Það getur verið vegna þess að tjónið hafi ekki uppgötvast eða að tjónþoli hafi ekki vitað um bótarétt sinn í upphafi.
- Þótt vitað sé um tjón getur verið að afleiðingar þess verði ekki ljósar fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Svo dæmi sé tekið liggur oft á tíðum ekki nákvæmlega fyrir hvað skemmdist í eignatjóni fyrr en viðgerðir hefjast og varanlegar afleiðingar af slysi koma stundum ekki í ljós fyrr en allöngu eftir slysið. Hugsanlegt er að afleiðing tjóns hafi hvort sem er verið vanmetin eða ofmetin í fyrstu.
- Tilkynntir atburðir hafa ekki alltaf í för með sér bótagreiðslu frá félaginu. Það getur verið vegna þess að ekki var um raunverulegt tjón að ræða, tjón reyndist falla utan bótasviðs váttryggingasamnings eða að það tjón sem varð er lægra en eigin áhætta váttryggingataka.

Samkvæmt íslenskri réttarvenju er gert ráð fyrir því að tekið sé tillit til óvissu í mati á tjónaskuld með nauðsynlegu álagi.² Álagið er metið með hefðbundnum tölfræðiaðferðum út frá breytileika í tjónaþróun undanfarin ár. Félagið þarf að eiga eignir til þess að standa undir greiðslu bóta og annars kostnaðar sem fylgir mati og uppgjöri tjóna. Þeim eignum fylgir áhætta sem er ekki eiginleg váttryggingaáhætta og er fjallað um hana í kafla 1.3 um markaðsáhættu og kafla 1.4 um mótaðilaáhættu. Fjallað er um áhættu tengdri verðbólgu í kafla 1.3.

Ekki er hægt að koma í veg fyrir að félagið vanmeti greiðslur bóta í framtíðinni, þ.e. að tjón þróist á verri veg en áætlað er og hafi þannig neikvæð áhrif á rekstur, efnahag, framtíðarhorfur og virði hluta í TM. Ef félagið á hinn bóginn ofmetur greiðslur bóta í framtíðinni og ákvarðar of há iðgjöld út frá slíku mati, getur það haft neikvæð áhrif á markaðshlutdeild félagsins nema brugðist sé strax við.

Vert er að geta þess að iðgjaldaáhætta og tjónaskuldaráhætta tengjast mikið við ákveðnar aðstæður. Þannig gæti t.d. komið seint í ljós að áhætta í nýrri váttryggingagrein hafi verið vanmetin, iðgjöld verið of lág og orðin tjón því vanmetin á sömu forsendum.

Í árslok 2014 nam tjónaskuld félagsins 11.115 m.kr. en tjónaskuld er fjárhæð sem svarar til áætlaðra og ógreiddra tjónabóta auk kostnaðar við uppgjör í árslok. Samanlögð iðgjaldaskuld og tjónaskuld mynda váttryggingaskuld félagsins sem var í árslok 2014 samtals 14.847 m.kr. og er heildarskuldbinding félagsins vegna váttryggingasamninga. Nánari sundurliðun á váttryggingaskuld félagsins er sýnd í skýringu 32 í ársreikningi fyrir árið 2014 sem finna má í kafla 8.

1.3 Markaðsáhætta

TM stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna eigna í fjárfestingasafni og váttryggingaskuldar. Félagið jafnar váttryggingaskuld sína með safni verðbréfa og annarra eigna í fjárfestingasafni, sem bera markaðsáhættu. Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði fjármálagerninga hafi áhrif á virði fjárfestinga félagsins og þar með á afkomu, efnahag, framtíðarhorfur og virði hluta í TM. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, ásamt því að hámarka ávöxtun fjárfestingasafnsins.

Stefna félagsins við stýringu markaðsáhættu ræðst af fjárfestingastefnu þess og þar hefur stjórn félagsins sett mörk varðandi eignasamsetningu félagsins. Með þessu leitast félagið við að tryggja fjölbreytni í fjárfestingasafninu sem að ákveðnu leyti markar áhættuvilja félagsins. Fylgst er með daglegum breytingum á markaði af starfsmönnum félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu og starfsreglur félagsins. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu félagsins reglulega þ.e. að lágmarki ársfjórðungslega.

Í árslok 2014 nam fjárfestingasafni TM 26.521 m.kr., eða 85,3% af heildareignum félagsins.

Áhætta og gjaldþolskrafta vegna markaðsáhættu er reiknuð með stöðluðu líkani Solvency II³. Líkanið inniheldur alla helstu markaðsáhættur váttryggingafélaga og miðað er við 99,5% vágildi.

Tafla 2. Markaðsáhætta skv. stöðluðu líkani Solvency II. (þús.kr.)

² Sbr. 2. mgr. 63. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, en þó er þetta einkum óskráð venja.

³ <http://www.fine.is/eftirlitsstarfsemi/solvency-ii/>

	2014	2013
Vaxtaáhætta	886.471	280.789
Hlutabréfaáhætta	3.613.344	3.632.956
Fasteignaáhætta	238.560	238.560
Áhættuálagsáhætta	430.542	756.535
Samþjöppunaráhætta	1.291.228	1.725.781
Gjaldmiðlaáhætta	698.747	881.724
Fjölpættingaráhrif	-2.492.521	-2.473.575
Samtals	4.666.371	5.042.770

Verðbréf færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning:

Verðbréf skráð á OMX Nordic	10.947.830	9.368.633
Sjóðir með skráðum eignum á OMX Nordic	3.591.116	2.610.576
Verðbréf skráð erlendis	2.234.664	2.034.977
Óskráð verðbréf	4.951.755	4.502.723
Samtals	21.725.365	18.516.909

1.3.1 Vaxtaáhætta

Breytingar á markaðsvöxtum hafa áhrif á ávöxtun fjárfestingasafns TM. Stór hluti af fjárfestingasafninu eru markaðsskuldabréf sem bókuð eru á markaðsvirði. Lækkun vaxta hefur þannig að öðru óbreyttu áhrif til hækkunar á verði markaðsskuldabréfa og öfugt ef um hækkun vaxta er að ræða. Vextir á útlánnum félagsins eru ákvarðaðir út frá markaðsvöxtum hvers tíma ásamt því að taka tillit til samkeppnisaðstæðna, almennra efnahagsaðstæðna og stöðu útlánasafnsins með tilliti til markmiða um eignasamsetningu í fjárfestingastefnu félagsins. Vextir á útlánnum eru endurskoðaðir nokkrum sinnum á ári eða að minnsta kosti á hálfis árs fresti.

Laust handbært fé félagsins er ávaxtað í skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en eins mánaðar.

Einu vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru lán sem hvíla á fasteignum sem dótturfélagið TM fé ehf. yfirtók vegna skuldauppgjors árið 2009. Þessi lán eru verðtryggð lán frá Íbúðalánasjóði með föstum vöxtum og ekki bókfærð á núvirði, svo þeim fylgir ekki bein vaxtaáhætta.

Bókfært verð váttryggingasamninga er ekki næmt fyrir breytingum á markaðsvöxtum og þeir eru auk þess ekki gerðir til margra ára.

Breytingar á markaðsvöxtum hafa áhrif á váttryggingaskuld félagsins með óbeinum hætti. Þrátt fyrir að váttryggingaskuld félagsins sé ekki bókfærð á markaðsverði þá er hún óbeint vaxtanæm þar sem tjonagreiðslur fylgja annað hvort verðlagi eða bera vexti. Váttryggingaskuldin vegur því að hluta á móti vaxtaáhhættu af fjárfestingasafni félagsins. Meðallífítími váttryggingaskuldar er þó ekki langur (16,4 mánuðir í skaðatryggingum og 10 mánuðir í líftryggingum í árslok 2014) og því erfitt að verja hana fullkomlega með markaðsbréfum. Þar hjálpar útlánasafn félagsins til en það er að mestu leyti verðtryggt og með stuttan meðallífítíma.

Í árslok 2014 voru áhrif samhliða 1% hliðrunar vaxtaferla á verðbréf félagsins sem bera fasta vexti og þar með á afkomu fyrir tekjuskatt metin 349 m.kr., sbr. skýringu 37 í ársreikningi 2014. Þegar reiknuð er vaxtaáhætta skv. stöðluðu líkani Solvency II (sjá töflu 2) þá er miðað við að allar vaxtanæmar skuldir og eignir séu núvirtar, þar á meðal váttryggingaskuld og fasteignalán.

1.3.2 Hlutabréfaáhætta

Hlutabréf sem TM á í skráðum félögum eru bókuð á markaðsvirði og því hafa allar breytingar á markaðsvirði þeirra áhrif á eignir og afkomu félagsins. Hlutabréf í óskráðum félögum eru bókuð á gangvirði, en við ársuppgjör og árschlutauppgjör er farið yfir óskráðar eignir og virði þeirra endurmetið af starfsmönnum félagsins samkvæmt bestu upplýsingum sem liggja fyrir hverju sinni og er matið staðfest af endurskoðanda félagsins. Breytingar á

gangvirði geta haft áhrif á eignir og afkomu félagsins. Undir hlutabréfaáhættu falla einnig eignir í hlutabréfasjóðum. Hjá félaginu er stöðugt fylgst með aðstæðum á hlutabréfamörkuðum með það að markmiði að bregðast við breyttum aðstæðum, en slíkt eftirlit kemur þó ekki í veg fyrir tap af óhagstæðri þróun á hlutabréfamörkuðum.

Í árslok 2014 námu skráð hlutabréf 9,3%, óskráð hlutabréf 11,1% og hlutabréfasjóðir um 6,5% af fjárfestingasafni félagsins, sbr. skýring 25 í ársreikningi 2014. Í árslok 2014 hefði 10% lækkun innlendra skráðra hlutabréfa og 5% lækkun erlendra skráðra hlutabréfa, orðið til þess að lækka eigið fé samstæðunnar um 346 m.kr., sbr. skýringu 37 í ársreikningi 2014. Ef sama aðferð er einnig notuð á önnur skráð og óskráð verðbréf eru áhrifin metin um 642 m. kr.

1.3.3 Gjaldeyrishætta

TM fjárfestir í fjármálagerningum og gerir váttryggingasamninga í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og þá aðallega í bandarískum dollurum (USD), evrum (EUR) og norskum krónum (NOK). TM ber þar að leiðandi áhættu af því að gengi íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum þróist þannig að það hafi óhagstæð áhrif á virði eigna og skuldbindinga félagsins í erlendum gjaldmiðlum. Í árslok 2014 námu eignir umfram skuldir í erlendum myntum 2.795 m.kr., eða um 9% af stærð efnahags félagsins, en í skýringu 37 í ársreikningi 2014 er að finna sundurliðun á eignum og skuldum eftir erlendum myntum. Gjaldeyrishöftin koma, eins og fyrr segir, í veg fyrir að TM geti bætt erlendum eignum við fjárfestingasafn sitt. Ef losað yrði um gjaldeyrishöftin ætti TM kost á að fjárfesta meira í erlendum eignum. Gjaldmiðlaáhætta af endurtryggingaiðgjöldum er mjög takmörkuð þar sem samningarnir eru í íslenskum krónum, greiddir út á punktngengi og bera því ekki gjaldmiðlaáhættu. Af sömu ástæðum eru áhrif gjaldeyrishafta á endurtryggingaiðgjöld engin.

Í árslok 2014 hefði 10% hækkun (lækkun) gengisvísitölu íslensku krónunnar orðið til þess að hækka (lækka) eigið fé samstæðunnar um 279 m.kr., sbr. skýringu 37 í ársreikningi 2014.

1.3.4 Verðtryggingaráhætta

TM telur æskilegt að hluti fjárfestingasafns félagsins sé í verðtryggðum eignum til að verjast áhættu sem felst í verðlagsbreytingum frá því að iðgjöld eru innheimt og þar til tjón eru greidd út. Þar á milli getur liðið allt frá nokkrum vikum til nokkurra ára, allt eftir því um hvaða váttryggingagrein ræðir. Verðlagsbreytingar fram að greiðslu tjónabóta hafa í ákveðnum tjónaflokkum áhrif á fjárhæð greiðslunnar, ýmist beint skv. váttryggingasamningum eða lagareglum um ákvörðun skaðabóta eða óbeint vegna hærri kostnaðar við að bæta tjón. Ýmis ákvæði eru t.d. í skaðabótalögum nr. 50/1993 er varða hækkun bóta fyrir líkamstjón vegna verðlagsbreytinga.

Verðlagsbreytingar hafa áhrif á um helming váttryggingaskuldar. Til að lágmarka verðtryggingaáhættuna telur félagið mikilvægt að verja váttryggingaskuldina með samsvarandi hluta fjárfestingasafns TM í verðtryggðum skuldabréfum, einkum skuldabréfum með ríkisábyrgð. Jafnframt er útlánasafn félagsins að meirihluta til verðtryggt. Með þessari stefnu og með því að verðtryggja iðgjöld dregur félagið úr mögulegum áhrifum vegna breytinga á verðlagi.

Einu vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru lán sem hvíla á fasteignum sem dótturfélagið TM fé ehf. yfirtók vegna skuldauppgjors árið 2009. Um er að ræða verðtryggð lán sem voru að eftirstöðvum 862 m.kr., eða um tæp 3% af efnahag félagsins, í árslok 2014.

1.3.5 Fasteignaáhætta

TM fjárfestir bæði beint í fasteignum og í sjóðum sem fjárfesta í fasteignum í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins. Verðþróun á fasteignamarkaði hefur því áhrif á eignir og afkomu félagsins. Eignirnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IAS40 fjárfestingaeignir og IFRS13 mat á gangvirði. Matið er unnið af starfsmönnum félagsins. Byggt er á forsendum við ákvörðun gangvirðis fjárfestingafasteigna sem eru háðar mati stjórnenda og því kann raunverulegt söluverð að vera frábrugðið matinu. Í árslok 2014 námu fjárfestingafasteignir um 3,2% af stærð efnahags eða 1.011 m.kr. sbr. skýringu 22 í ársreikningi 2014.

1.3.6 Áhættuálagsáhætta

Skuldabréfum sem félagið hefur fjárfest í getur fylgt áhættuálagsáhætta (líka kölluð vikáhætta), sem er hættan á að breytingar á áhættuálagi útgefanda viðkomandi skuldabréfa hafi áhrif á verð bréfanna og þannig á afkomu og eigið fé TM. Slíkar verðbreytingar eru þekktar þegar breytingar verða á lánshæfismati viðkomandi útgefanda. Einnig getur þetta átt við um útgefendur sem ekki hafa eiginlegt lánshæfismat heldur breytilegt áhættuálág sem

markaðurinn metur. Ríki sem gefur út skuldabréf í innlendri mynt er yfirleitt ekki talið bera slíka áhættu. Stærsti hluti skuldabréfasafns félagsins eru innlend ríkisskuldabréf. Hluti fjárfestingasafnsins eru hins vegar fyrirtækjaskuldabréf og þau bera áhættuálagsáhættu.

1.3.7 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á því að félagið fjárfesti of mikið í einstökum eignaflokkum og dreifingu eignasafnsins sé þannig ábótavant. Tap vegna slíkra fjárfestinga getur ógnað gjaldþoli og/eða fjárhagslegri stöðu félagsins. Það myndi auka samþjöppunaráhættu ef TM væri bæði stór fjárfestir í félagi og ætti í viðskiptum við það um váttryggingar, enda gætu bæði viðskiptin og fjárfestingin tapast við slíkar aðstæður.

Váttryggingafélögum er skylt að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 216/2011, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld frumtryggingafélaga. Reglugerðinni er ætlað að tryggja að eignir séu nægar til að standa undir váttryggingaskuldbindingum og að eignasafn teljist bæði traust og vel dreift. Óskráð hlutabréfaeign getur sem dæmi mest talið 1% á móti váttryggingaskuld samkvæmt reglugerðinni en ef eignin er stærri þá nýtist ekki sá hluti hennar sem er umfram þau mörk á móti váttryggingaskuld. Reglugerðin stuðlar þannig að áhættudreifingu í eignasafni váttryggingafélaga og dregur úr samþjöppunaráhættu.

Félagið einsetur sér skv. fjárfestingastefnu að tryggja að dreifing fjárfestingasafnsins sé viðeigandi og innan skilgreindra áhættumarka. Möguleikar félagsins til að dreifa fjárfestingasafni sínu eru hins vegar takmarkaðir við núverandi aðstæður vegna takmarkaðra fjárfestingakosta á fjármálamarkaði og vegna gjaldeyrishafta.

1.3.8 Áhætta vegna afleiða

Afleiður eru ekki meðal fjárfestinga félagsins. Samkvæmt samþykktri fjárfestingastefnu má félagið hins vegar nýta sér afleiður til að draga úr tilteknum þáttum markaðsáhættu í fjárfestingasafni sínu. Fjárfestingar í afleiðum eru háðar ýmsum skilyrðum sem kveðið er á um í fjárfestingastefnu félagsins. Undirliggjandi eignir þurfa t.d. að vera skráðar í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu eða í Norður Ameríku og vera hluti af hlutabréfavísitölu viðkomandi kauphallar. Auk þess er gerð krafa um að mótaðili sé einn af eftirtöldum bönkum: Landsbankinn hf., Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og MP banki hf. eða að lágmarki með lánshæfiseinkunnina AA-/Aa3.

Þó að fjárfest sé í afleiðum í þeim tilgangi að draga úr áhættu er ekki öruggt að heildaráhrifin þegar upp er staðið verði hagstæðari en ef ekki hefði verið fjárfest í viðkomandi afleiðum, til dæmis ef útfærslan á afleiðunum nær ekki yfir þá þróun á verðbréfamörkuðum sem verður þegar upp er staðið.

1.3.9 Endurfjárfestingaáhætta

Félagið þarf reglulega að finna nýja fjárfestingakosti, bæði ef um er að ræða innri vöxt og einnig vegna endurfjárfestinga. Ef markaðsvextir lækka og ávöxtunarkjör á markaðsverðbréfum versna getur það leitt til lakari ávöxtunar og eins getur verðhækkun annarra eignaflokka mögulega orðið til þess að ávöxtun þeirra verði lakari í framhaldinu.

1.4 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og tryggingar duga ekki fyrir eftirstöðvum viðkomandi kröfu.

Þrátt fyrir að félagið leitist við að takmarka mótaðilaáhættu er ekki hægt að tryggja að TM verði ekki fyrir tapi af greiðslufalli mótaðila sem hefði áhrif á afkomu, efnahag, framtíðarhorfur og virði hluta í TM.

1.4.1 Greiðslufallsáhætta

Félagið stundar viðskipti með verðbréf og útlán ásamt því að reiðufé félagsins er ávaxtað á innlánsreikningum í bönkum. Greiðslufall eða gjaldþrot mótaðila í slíkum fjármálagerningum gæti haft áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur TM. Mótaðilar í skuldabréfaviðskiptum geta verið ríki, sveitarfélög, bankar eða önnur fyrirtæki. Greiðslufall eða gjaldþrot fyrirtækis sem miðlar verðbréfum fyrir TM gæti einnig haft nokkurt tap í för með sér fyrir félagið, vegna viðskipta sem ætti eftir að gera upp en uppgjör verðbréfa tekur jafnan nokkra daga. Eins geta viðskipti verið með bréf þar sem mótaðilinn er erlent fyrirtæki, banki, ríki eða sjóður og með bréf sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Í flokkun TM á áhættuþáttum heyrir sú áhætta hins vegar undir gjaldmiðlaáhættu.

Tafla 3. Hámark greiðslufallsáhættu (þús.kr)

	2014	2013
Verðbréf	21.725.365	18.516.909
Endurtryggingaeignir	418.170	263.906
Útlán og kröfur	5.803.455	5.742.236
Handbært fé og bundin innlán	1.288.220	4.177.002
Fjáreignir samtals	29.298.210	28.700.053

1.4.2 Útlánaáhætta

Félagið hefur sett sér skýrar útlánareglur sem unnið er eftir við einstakar lánveitingar. Útlánareglur félagsins eru settar af stjórn þess sem hluti af fjárfestingastefnu félagsins og hafa hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Félagið veitir viðskiptavinum sínum óverðtryggð og verðtryggð lán gegn veði í bifreiðum, fasteignum eða atvinnutækjum. Við hverja lánveitingu eru viðskiptamenn metnir og fjárhagsstaða og greiðslusaga þeirra skoðuð eftir því sem kostur er. Lánareglur sem stjórn félagsins hefur sett skilgreina meðal annars lánaheimildir í hlutfalli við raunvirði veðtrygginga og áætlaðan líftíma þeirra. Ef ástæða þykir til að víkja frá þeim hlutföllum þarfnast það sérstaks samþykkis lánanefndar eða stjórnar.

Lánsúmsóknir þarfnast umfjöllunar lánanefndar þegar; lánsúmsókn einstaklings er yfir 6 m.kr., lánsúmsókn fyrirtækis er yfir 10 m.kr., lánsúmsókn er með hærra en 75% veðhlutfall, lánsúmsókn er ekki miðuð við 1. veðrétt, þegar lánstími fer yfir 7 ár eða ef lánsúmsókn miðar við færri en 4 afborganir á ári. Lánanefnd hefur heimild til að veita lán gegn öðrum veðum en talin eru upp hér að ofan, en útlán samþykkt af lánanefnd þurfa einnig samþykki forstjóra félagsins.

Í árslok 2014 námu útlán samkvæmt efnahagsreikningi 2.497 m.kr., eða um 8% af heildareignum félagsins. Þar af voru u.þ.b. 17% af útlánnum félagsins til einstaklinga, eða um 435 m.kr. Nánari greiningu er að finna í skýringu 38 í ársreikningi 2014.

1.4.3 Endurtryggjendaáhætta

Endurtryggjendaáhætta er hættan á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í stórtjónsatburðum sem falla innan endurtryggingasamninga. Slíkt gæti gerst vegna greiðsluþrots endurtryggjanda. Til að takmarka endurtryggjendaáhættu hefur félagið sett sér þá stefnu að allir endurtryggjendur skuli hafa styrkleikamat A- eða hærra hjá alþjóðlegu matsfyrirtækjunum Standard & Poor's Financial Services LLC („Standard & Poor's“) eða A.M. Best Company Inc. Jafnframt eru endurtryggingar keyptar af mörgum endurtryggjendum til að tryggja góða dreifingu á áhættunni. Skipting iðgjalda til endurtryggjenda eftir styrkleikamati er sýnt í skýringu 36 í ársreikningi fyrir árið 2014. Þrátt fyrir að endurtryggjendaáhætta sé takmörkuð með þessum hætti er ekki hægt að útiloka að TM verði fyrir tjóni af greiðslufalli endurtryggjenda.

1.5 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Félagið þarf á hverjum tíma að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða breytingum á seljanleika eigna. Hluti fjármálagerninga félagsins eru fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum sem ekki eru viðskipti með á skipulegum mörkuðum og almennt getur tekið tíma að selja. Því gæti félagið staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæð nálægt metnu gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjáraþörf sinni sem gæti haft áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur TM.

Til þess að takmarka þessa áhættu hefur félagið sett sér markmið um að tryggja lausafjáreignir nemi aldrei lægra hlutfalli en 30% af tjónaskuld. Í skýringu 39 í ársreikningi 2014 er sundurliðun á samningsbundnu og væntu sjóðsflæði, án vaxta, vegna eigna og skulda sem tilheyra váttryggingasamningum samstæðunnar.

1.6 Rekstraráhætta

Félagið býr við áhættu vegna mismunandi þátta í rekstri þess sem geta leitt til beins eða óbeins taps. Þessir þættir varða t.d. starfsmenn, upplýsingakerfi og ferla. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga innan félagsins. Þrátt fyrir að TM hafi gripið til margvíslegra ráðstafana í starfsemi sinni í því skyni að draga úr rekstraráhættu er ekki

hægt að útiloka að félagið geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkra áhættuþátta sem þá hefði áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur TM. Nánar er vikið að framangreindum ráðstöfunum í köflum 1.6.1 til 1.6.11.

1.6.1 Stefnunótunaráhætta

Stefnunótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lækkunar gjaldþols.

Á tveggja ára fresti gerir félagið stefnunótandi áætlun til 5 ára þar sem framtíðarsýn og heildarstefna félagsins er skilgreind. Meðal annars er byggt á greiningum á ytri efnahagsaðstæðum, samkeppnishverfi og stöðu félagsins. Stefnunótunarvinna núverandi stjórnenda hefur haft það að markmiði að vel sé fylgst með markaðsaðstæðum, rekstrarumhverfi og þeim tækifærum sem þar leynast. Með því að sinna þessu hlutverki af metnaði má ná auknum árangri í rekstri og takmarka þau áhrif sem stefnunótunaráhætta getur falið í sér.

1.6.2 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunar- og starfsmannaáhætta er sú áhætta sem fylgin er í að stjórnun, skipulag og þekking innan félagsins nægi ekki á hverjum tíma til að takast á við þau viðfangsefni sem þarf að leysa. Sú hættan er líka ávallt fyrir hendi að félaginu takist ekki að halda í og/eða ráða til sín hæfa stjórnendur og starfsfólk. Slíkt gæti haft áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur TM. Stjórnendur og starfsmenn búa yfir þekkingu, reynslu og tengslaneti sem að mati stjórnar félagsins eru mikilvæg til að reka váttryggingafélag. Mikil þekking hefur byggst upp innan félagsins við þróun upplýsingakerfa sem getur skapað áhættu við brotthvarf lykilstarfsmanna. Leitast er við að lágmarka þessa áhættu eins og unnt er, t.d. með því að bjóða samkeppnishæft starfsumhverfi enda er það markmið TM að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

1.6.3 Starfsreglur

Skýrar starfsreglur, lýsingar á verkferlum og leiðbeiningar eru notaðar af starfsfólki TM til þess að draga úr áhættu af flestum áhættuþáttum, þar á meðal helstu þáttum rekstraráhættu. Þessari aðferð fylgir ný áhætta, þrátt fyrir að hún sé minni en sú upphaflega, því hugsanlegt er að starfsreglur taki ekki nógu vel á því sem þeim er ætlað, nái ekki yfir aðstæður sem koma upp og að ekki sé farið eftir reglunum.

1.6.4 Sviksemi

Einhver hættan er alltaf á að ásetningur eða stórkostlegt gáleysi valdi félaginu tjóni. Þar geta átt hlut að máli starfsmenn félagsins en til að takmarka þá áhættu eru reglulega haldin námskeið innan félagsins þar sem starfsmenn fá fræðslu um þau lög og reglur sem gilda um starfsemi váttryggingafélaga. Hættan á því að skipulagi, verkferlum og starfsreglum sé ekki fylgt og að starfsmenn brjóti af sér í starfi með sviksamlegum hætti, ásetningi eða stórkostlegu gáleysi er alltaf til staðar og er ekki hægt að útiloka að slíkt gæti haft áhrif á félagið.

1.6.5 Upplýsingakerfi

TM býr yfir öllum nauðsynlegum upplýsingakerfum til að sinna starfsemi sinni. Útgáfukerfi og tjónakerfi eru sérsmíðuð en fjárhagskerfi er aðkeypt. Kerfi eru aðgangsstýrd og ýmsar heimildir starfsmanna takmarkaðar eftir ábyrgðarstöðum. Innri kerfi byggja öll á sama gagnagrunni og eru kerfin nátengd sem auðveldar alla vinnu í þeim. Umfangsmikið kerfi til úrvinnslu stjórnunarupplýsinga er til staðar sem auðveldar allar greiningar á lykिलþáttum rekstrarins. Kerfunum er ætlað að tryggja bæði tímanlega og áreiðanlega upplýsingagjöf til stjórnenda.

Félagið hefur um árabíl verið með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis skv. ISO 27001 staðlinum. Hluti af stjórnkerfinu er gerð áhættumats skv. stefnu um stýringu rekstraráhættu. Gripið er til viðeigandi ráðstafana í rekstrinum á grundvelli áhættumatsins. Einnig er fylgst með þeim atvikum sem koma upp og lagt mat á grunnorsakir og gerðar fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Bilanir í upplýsingakerfum, tölvubúnaði og tengingum geta haft veruleg áhrif á starfsemi og afkomu félagsins. Árásir tölvuþrjóta og vírusar gætu einnig orsakað bilanir í kerfum félagsins. Brugðist er við þessari áhættu með varabúnaði og afritatöku. Hjá félaginu er til staðar neyðaráætlun til að bregðast við stórum áföllum í rekstrinum og hefur hún verið prófuð.

Þrátt fyrir að leitast sé við að lágmarka áhættu vegna upplýsingakerfa með ofangreindum hætti er ekki hægt að útiloka að upp komi aðstæður sem valdi félaginu tjóni sem hafi áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur TM.

1.6.6 Útvistunaráhætta

Útvistunaráhætta er áhætta tengd stjórnleysi, tapi viðskipta og hugsanlegum auknum kostnaði í tengslum við útvistun hluta reksturs TM til þriðja aðila eða að útvistuð þjónusta muni ekki vera í samræmi við stefnu og stjórnarhætti TM.

TM hefur sett sér stefnu um hvernig útvistun skuli háttáð í félaginu. Félagið útvistar ekki verkefnum sem teljast undir kjarnastarfsemi og gerðir eru formlegir samningar í kringum þau verkefni sem er útvistað. Sérstaklega er gætt að upplýsingaöryggi við ákvörðun og samningagerð við þjónustuaðila. Engu að síður er mögulegt að útvistun verkefna geti valdið félaginu tjóni.

1.6.7 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta felur í sér hættu á því að slæm umfjöllun um TM valdi félaginu fjárhagslegu tjóni eða hafi áhrif á virði hluta í félaginu. Rangar ákvarðanir í starfsemi félagsins eða ef félagið eða aðilar því tengdir fara ekki eftir lögum og reglum eru dæmi um orsakir neikvæðrar umfjöllunar. Með það að markmiði að lágmarka hugsanleg áhrif orðsporsáhattu á félagið er leitast við að skýra starfsreglur líkt og áður hefur komið fram en einnig eru reglulega haldin námskeið innan félagsins þar sem starfsmenn fá fræðslu um þau lög og reglur sem gilda um starfsemi váttryggingafélaga.

Hjá félaginu er fylgst náið með öllum helstu fréttu- og samskiptamiðlum á Íslandi. TM hefur í sama tilgangi sett sér reglur um samskipti við fjölmiðla. Atburðir eins og brot á lögum, rannsókn eða húsrétt eftirlitsaðila eru líklegir til að hafa áhrif á ímynd fyrirtækja. TM hefur gert viðbragðsáætlanir vegna slíkra atburða til þess að lágmarka áhrif þeirra.

Þrátt fyrir að TM leitist með þessum hætti við að takmarka orðsporsáhattu er ekki hægt að útiloka að félagið verði fyrir tjóni vegna slíkrar áhattu.

1.6.8 Lagaleg áhætta

TM er hlutafélag með starfsleyfi sem váttryggingafélag og starfar því skv. lögum nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi. Þá heyrir starfsemi þess undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Að auki er starfsemin háð ýmsum reglum og leiðbeinandi tilmælum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett, bæði hvað varðar sjálfan váttryggingareksturinn og rekstur félagsins að öðru leyti. Yfirlit yfir þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um váttryggingastarfsemi félagsins er að finna í kafla 3 í útgefandalýsingu þessari. Félagaréttarleg lagaumgjörð félagsins fer eftir lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og byggja samþykktir TM á þeim lögum. Einnig gilda um bókhald og reikningsskil félagsins lög nr. 3/2006, um ársreikninga og lög nr. 145/1994, um bókhald. Skattalög svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga gilda einnig um félagið.

Hvað varðar hinn eiginlega váttryggingarekstur hafa ákvæði laga nr. 30/2004, um váttryggingasamninga veruleg áhrif á umgjörð allra váttryggingasamninga sem gerðir eru. Sama gildir um ákvæði í ýmsum lögum þar sem mælt er fyrir um skyldu til kaupa á váttryggingum, einkum á sviði ábyrgðartrygginga, svo sem í umferðarlögum nr. 50/1987 og ýmsum lögum varðandi einstaka starfsstéttir þar sem mælt er fyrir um skyldu til kaupa á starfsábyrgðartryggingum.

TM ber að fylgja ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 í starfsemi sinni. Félaginu er ekki kunnugt um að samkeppnisyfirlit séu með mál eða rannsóknir í gangi sem snerta TM eða starfsemi félagsins.

Hlutabréf TM eru til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir „Kauphöllin“) og þarf félagið að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja og reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Brot á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins getur valdið félaginu tjóni sem áhrif gæti haft á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur TM.

1.6.9 Pólitísk áhætta

Breytingar á lögum, reglum og stjórnsýslufrákvæmd, t.d. varðandi erlend viðskipti, skatta og eftirlit, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið. Ennfremur gætu hugmyndir að lagabreytingum og umræður um þær mögulega haft neikvæð áhrif á starfsumhverfi félagsins. Pólitískur óstöðugleiki gæti þannig mögulega haft neikvæð eða

jákvæð áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur TM. Áhrifin geta verið á innlenda váttryggingaþjónustu, erlenda váttryggingaþjónustu, fjárfestingar og endurtryggingavernd sem keypt er erlendis.

Dæmi um slíkt eru breytingar á skattaumhverfi sem tengjast TM beint eða óbeint í gegnum breyttan hag viðskiptavina félagsins. Eins geta verulegar breytingar á stjórn fiskveiða haft áhrif á þörf viðskiptavina fyrir váttryggingavernd.

1.6.10 Áhætta tengd eftirlitsumhverfi

Starfsemi TM byggir á starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt félaginu og er það starfsleyfi félaginu nauðsynlegt til að sinna starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið sinnir eftirlitshlutverki sínu skv. lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og setur meðal annars skilyrði um fjárhagslegan styrk tryggingafélaga, svonefndar gjaldþolskröfur. Með þeim er ætlunin að lágmarka líkur á að tryggingafélög geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart váttryggðum og öðrum sem rétt eiga á bótum. Ef gjaldþolskröfur eru ekki uppfylltar þarf Fjármálaeftirlitið að grípa inn í og getur það mögulega haft þau áhrif að félagið beri skaða af, þurfi aukið fjármagn (nýtt hlutafé og/eða víkjandi lán), fari í gjaldþrot eða missi starfsleyfið. Ef auka þarf hlutafé til að mæta gjaldþolskröfum er ekki víst að eftirspurn verði meðal fjárfesta að fjárfesta í hlutafjárukningu félagsins, en slík staða gæti leitt félagið í þrot, og eins gætu aðstæður á fjármagnsmörkuðum verið með þeim hætti að hlutafjárukning bjóðist einungis á óhagstæðu verði sem myndi rýra eignarhluti þeirra hluthafa sem fyrir eru í félaginu.

1.6.11 Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum

Gerð ársreikninga og árs hlutareikninga TM, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á niðurstöður ársreikninga og árs hlutareikninga TM. Unnið er að endurskoðun á reikningsskilastaðlinum IFRS 4, sem fjallar um váttryggingasamninga, hjá Alþjóða reikningsskilaráðinu. Þar eru meðal annars fyrirhugaðar breyttar reglur um mat á váttryggingaskuld, en nokkur ár munu líða þar til sá staðall verður innleiddur.

1.7 Dómsmál

Ágreiningur um bótaábyrgð eða bótafjárhæð er ekki óalgengur og telst hefðbundinn hluti af rekstri váttryggingafélaga. TM á þannig á hverjum tíma í nokkrum fjölda dómsmála sem snúa að slíkum ágreiningi. Höfuðstóll krafna sem í húfi eru í hverju slíkra mála er að meðaltali um 15 m.kr. og óalgengt er að krafa í einstökum málum sé yfir 30 m.kr. Almennt gildir um kröfur sem þessar að þær falla undir endurtryggingavernd félagsins og takmarkast eigin áhætta félagsins við það.

TM og dótturfélög eru ekki og hafa ekki verið aðilar að stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum á síðastliðnum tólf mánuðum sem skera sig úr frá hefðbundnum dómsmálum sem félagið rekur að jafnaði að frátöldu dómsmáli VBS á hendur félaginu en niðurstaða Hæstaréttar Íslands í því máli var kveðin upp þann 4. desember 2014 og er nr. 376/2014. Þar var félagið dæmt til að þola riftun á greiðslu skuldar VBS við félagið ásamt greiðslu skaðbóta. Stoðir hf. hins vegar hafði lýst yfir ábyrgð á kröfunni og var því TM skaðlaust af niðurstöðu málsins.

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Lýsing þessi er gefin út vegna umsóknar útgefanda um að skuldabréf útgefin af Tryggingamiðstöðinni hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Lýsingin samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum: Útgefandalýsingu þessari dagsettri 11. september 2015 og verðbréfalýsingu dagsettri 11. september 2015. Lýsingin, sem einungis er birt á íslensku, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu og birt opinberlega.

Lýsingin er útbúin í samræmi við núverandi lög og reglugerðir og taka skuldabréfanna til viðskipta er í samræmi við íslensk lög og reglugerðir og reglur Kauphallarinnar, dagsettar 17. desember 2013, sem gilda um töku skuldabréfa til viðskipta. Um gerð lýsinga og töku skuldabréfanna til viðskipta gilda lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, reglugerð nr. 245/2006 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, reglugerð nr. 243/2006 og reglugerð nr. 837/2013 um almenn útbod verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5 milljónir evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Útgefandalýsingin getur verið notuð síðar í tengslum við töku annarra skuldabréfaflokka, útgefnum af TM, til viðskipta hjá Kauphöllinni á meðan gildistíma hennar stendur að því gefnu að hún verði uppfærð í samræmi við ákvæði 49. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

TM lýtur reglum Kauphallarinnar sem og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um viðvarandi upplýsingaskyldu. Samkvæmt reglum þessum skal birta allar upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfa TM eins fljótt og unnt er. Þær upplýsingar sem birtar eru í samræmi við þessar reglur skulu birtar opinberlega og samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda Fjármálaeftirlitinu og Kauphöllinni upplýsingarnar í eftirlitsskyni. Meðan skuldabréf útgefanda eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun TM birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.tm.is/fjarfestar.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni lýsingarinnar til hlítar og jafnframt að kynna sér lagalega stöðu sína, þ.á.m. skattaleg atriði sem kunna að eiga við um víðskipti þeirra með skuldabréfin. Allar upplýsingar sem lýsingin inniheldur eru réttar á birtingardegi hennar. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér vel kafla 1 þar sem finna má upplýsingar um áhættuþætti sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin. Einnig er fjárfestum bent á að kynna sér vel kafla 1 í verðbréfalýsingunni þar sem finna má upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir skuldabréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á skuldabréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin er staðfest og þegar víðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, mun TM útbúa viðauka við lýsinguna sem verður birtur opinberlega þar sem greint verður frá viðkomandi atriðum í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Aðgengi að útgefandalýsingunni er tryggt á meðan útgefandalýsingin er í gildi með birtingu á vefsíðu TM, www.tm.is/tm/fjarfestar. Þá getur fjárfestir fengið afhenta lýsinguna á prentuðu formi á starfsstöð félagsins honum að kostnaðarlausu óski hann þess. Á meðan lýsingin er í gildi er heimilt eftir atvikum að skoða eftirfarandi skjöl, sem eru hluti af útgefandalýsingunni, á rafrænu formi á vefsíðu TM, www.tm.is/tm/fjarfestar:

- Samþykktir TM dagsettar 20. mars 2014.
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu TM fyrir árið 2014.
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu TM fyrir árið 2013.

Lýsingunni skal ekki dreift og má ekki senda eða miðla á annan hátt til eða í landi þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu lýsingarinnar. Því gerir útgefandinn kröfu um að allir viðtakendur lýsingarinnar kynni sér og breyti í samræmi við slíkar skorður. Útgefandinn og umsjónaraðilinn eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar lýsingarinnar í neinni lögsögu.

2.1 Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar

Stjórn og forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 11. september 2015

Fyrir hönd stjórnar Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar hf.



Örvur Kærnested,
stjórnarformaður



Sigurður Viðarsson,
forstjóri

2.2 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað samstæðuársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árin 2014 (1.1.2014-31.12.2014) og 2013 (1.1.2013-31.12.2013), sem gerðir voru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Pricewaterhouse Coopers, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, hefur tekið við sem ytri endurskoðandi félagsins og annaðist könnun á árs hlutareikningi fyrir annan ársfjórðung yfirstandandi reikningsárs og mun endurskoða væntanlegan ársreikning fyrir 2015.

Við áritun á samstæðuársreikning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2014 var það álit KPMG ehf. að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31.12.2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við áritun á samstæðuársreikning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2013 var það álit KPMG ehf. að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31.12.2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

KPMG ehf. staðfestir að upplýsingar í útgefandalýsingunni sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Reykjavík, 11. september 2015



KPMG ehf.
Helgi F. Arnarson,
Löggiltur endurskoðandi



Hrafnhildur Helgadóttir,
Löggiltur endurskoðandi

2.3 Hugsanlegir hagsmunarárekstrar

Engin hagsmunatengsl eru á milli útgefandans og umsjónaraðila svo vitað sé, nema að útgefandi greiðir umsjónaraðila þóknun fyrir umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og ráðgjöf við gerð lýsingarinnar. Umsjónaraðili er Arctic Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, Mandat slf., hafa séð um að útbúa verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem undirverktakar hjá Arctic Finance hf.

2.4 Skilgreiningar

Í útgefandalýsingunni vísa hugtökin;

„TM“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, Íslandi, ásamt dótturfélögum,

„Kauphöllin“ til NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi,

„umsjónar- og söluaðilarnir“ til Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar þessarar, dagsettri 11. september 2015,

„lýsingin“ til lýsingar TM dagsettri 11. september 2015 sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettri X. ágúst 2015,

„Standard & Poor's“ til Standard & Poor's Financial Services LLC,

„A.M. Best“ til A.M. Best Company Inc.,

„Aðalmarkaður“ til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

2.5 Skammstafanir og hugtök

a.m.k.	að minnsta kosti
EES	Evrópska efnahagssvæðið
ehf.	einkahlutafélag
ESB	Evrópusambandið
EUR	evrur
f.h.	fyrir hönd
gr.	grein
hf.	hlutafélag
ISK	íslenskar krónur
kl.	klukkan
kr.	íslenskar krónur
kt.	kennitala
m	milljónir
m.a.	meðal annars
mgr.	málgrein
m.kr.	milljónir króna
nr.	númer
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
tl.	Töluliður

u.þ.b.	um það bil
þ.á.m.	þar á meðal
USD	bandarískir dollarar
þ.e.	það er
þ.m.t.	þar með talið
þús.	þúsund
þús.kr.	þúsund krónur

2.6 Hugtök í váttryggingastarfsemi

Aðlagð gjaldþol	Aðlagð gjaldþol er gjaldþol samstæðu að frádregnum eignarhlutum minnihluta í dótturfélögum auk þess sem tekið er tillit til gagnkvæmra krafna innan samstæðu.
Áhættuvilji	Vilji eða stefna félags um hve mikla áhættu það er reiðubúið að taka í starfsemi sinni, venjulega gefinn út í formi yfirlýsingar eða stefnu.
Bókfærð iðgjöld	Heildarfjárhæð iðgjalda vegna þeirra váttryggingasamninga sem félagið hefur gert á reikningstímabilinu.
Bókfærð tjón	Heildarfjárhæð greiddra tjóna á reikningstímabilinu. Ekki skiptir máli hvenær tjón urðu nema það sé sérstaklega tilgreint.
Eigin iðgjöld	Heildariðgjöld að frádregnum endurtryggingaiðgjöldum. Ljóst þarf að vera hverju sinni hvort átt er við eigin iðgjöld ársins eða bókfærð iðgjöld í eigin hlut.
Eigin tjón ársins	Tjónakostnaður að frádregnum hluta endurtryggjenda í tjónum. Þessi liður er sýndur í rekstrarreikningi.
Endurtryggingaeignir	Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld.
Endurtryggingaiðgjöld	Sá hluti iðgjalda sem váttryggingafélag greiðir fyrir endurtryggingavernd. Ljóst þarf að vera hverju sinni hvort átt er við endurtryggingaiðgjöld ársins eða bókfærð endurtryggingaiðgjöld.
Gjaldþol	Gjaldþol váttryggingafélags er eigið fé þess með þeim frávikum sem tilgreindar eru í reglugerð nr. 632/2003 um eignir sem telja má til gjaldþols váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols. Í aðalatriðum þá er gjaldþol eigið fé félagsins að frádregnum óefnislegum eignum og væntum arðgreiðslum.
Gjaldþolshlutfall	Gjaldþol/Gjaldþolskrafa
Gjaldþolskrafa	Krafa eftirlitsstjórnvalda um ákveðið lágmark gjaldþols váttryggingafélags, einnig kallað lágmarksgjaldþol.
Hluti endurtryggjenda í tjónum	Sá hluti tjónakostnaðar sem endurtryggjendur bera.
Iðgjald	Það gjald sem váttryggingataki greiðir fyrir váttryggingavernd.
Iðgjöld ársins	Iðgjöld fyrir váttryggingavernd sem veitt er á reikningsárinu. Bókfærð iðgjöld að frádreginni hækkun á iðgjaldaskuld. Iðgjöld ársins eru sýnd í rekstrarreikningi.

Iðgjaldaskuld	Sá hluti bókfærðra iðgjalda sem er vegna vátryggingaverndar eftir reikningsskiladag.
Kostnaðarhlutfall	Rekstrarkostnaður/Iðgjöld ársins. Getur verið brúttó eða nettó, eftir því hvort deilt er með heildariðgjöldum eða eigin iðgjöldum.
Samsett hlutfall	Tjónahlutfall + Kostnaðarhlutfall. Til er bæði nettó og brúttó samsett hlutfall, sbr. lýsingu á kostnaðarhlutfalli og tjónahlutfalli í þessum kafla. Þegar talað er um samsett hlutfall hjá TM þá er átt við nettó samsett hlutfall nema annað sé tekið fram.
Samhæfð áhættustýring	Samhæfð áhættustýring (<i>e. enterprise risk management</i>) hefur það að markmiði að meta, áætla, stjórna og milda áhættu og hafa yfirsýn yfir heildaráhættutöku samstæðu félagsins.
Tjón	Er notað í tveimur merkingum: 1. Tjónakostnaður (sbr. neðar) 2. Tjónsatburður.
Tjón ársins	Tjónakostnaður sem er gjaldfærður á reikningsárinu, hvort sem er vegna nýrra tjóna eða matsbreytinga á tjónum sem urðu á fyrri árum. Bókfærð tjón + Breyting á tjónaskuld.
Tjónahlutfall	Tjón ársins/Iðgjöld ársins. Getur verið brúttótjónahlutfall, sem er heildartjón á móti heildariðgjöldum, eða nettótjónahlutfall, það er eigin tjón sem hlutfall af eigin iðgjöldum.
Tjónakostnaður	Kostnaður vegna orðinna tjóna, hvort sem hann er greiddur eða ógreiddur og hvort sem tjónin hafa verið tilkynnt félaginu eða ekki. Kostnaður vegna orðinna en ótilkynnta tjóna er áætlaður.
Tjónaskuld	Heildarskuldbinding vegna tjóna sem orðið hafa en eru ekki að fullu uppgerð.
Vátryggingaskuld	Tjónaskuld + Iðgjaldaskuld.

3 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

3.1 Útgefandi

Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda skuldabréfanna er Tryggingamiðstöðin hf., kennitala 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, Ísland. Sími á skrifstofu félagsins er 515-2000. Skráningarstaður útgefanda er í Reykjavík á Íslandi. Útgefandi var stofnaður 7. desember 1956 og starfar samkvæmt lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Lögformlegt heiti:	Tryggingamiðstöðin hf.
Viðskiptaheiti:	TM
Félagaform:	Skráð hlutafélag í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.
Kennitala:	660269-2079.
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Ísland.
Vefsíða:	www.tm.is
Símanúmer:	+354 515 2000
Heildarfjöldi hluta:	760.393.888 hlutir. Hver að nafnverði 1 króna.
Auðkenni hjá NASDAQ OMX Iceland hf og Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.	TM
ISIN númer:	IS0000000586.

3.2 Fjárhagsdagatal

3. ársfjórðungur: 29. október 2015.

4. ársfjórðungur: 18. febrúar 2016.

3.3 Tilgangur útgefanda og lög sem hann starfar eftir

Samkvæmt 3. grein samþykktá TM er tilgangur félagsins að hafa með höndum hvers konar váttryggingar, aðrar en líftryggingar (frumtryggingar), þ.m.t. endurtryggingar svo og hliðarstarfsemi sem heimil er að lögum. Starfssvæði félagsins er Ísland. Starfssvæðið nær einnig til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu að fullnægðum lagaskilyrðum þar um.

TM er íslenskt hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Helstu lög, reglugerðir, reglur og tilmæli sem gilda um starfsemi félagsins sem váttryggingafélags eru eftirtalin (lög þessi og stjórnvaldsfyrirmæli má finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is):

Lög

- Lög nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 30/2004, um váttryggingasamninga.
- Lög nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga.
- Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 459/2003, um útreikning gjaldþols váttryggingafélaga.
- Reglugerð nr. 954/2001, um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga.

- Reglugerð nr. 216/2011, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld frumtryggingafélaga.
- Reglugerð nr. 613/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 612/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 397/2010, um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
- Reglugerð nr. 562/2001, um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.
- Reglugerð nr. 632/2003, um eignir sem telja má til gjaldþols váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.
- Reglugerð nr. 590/2005, um fjárvörslureikninga váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna.
- Reglugerð nr. 811/2008, um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Reglugerð nr. 626/2006, um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningabætti.

3.4 Stofnun TM og ágríp af sögu félagsins

1956 Tryggingamiðstöðin hf. er stofnuð 7. desember 1956 af aðilum tengdum sjávarútvegi. Gísli Ólafsson er ráðinn forstjóri félagsins.

1957 TM hefur starfsemi 2. janúar 1957 að Aðalstræti 6 í Reykjavík. Félagið býður í upphafi upp á alhliða váttryggingastarfsemi, en þó ekki bifreiðatryggingar og líftryggingar.

1967 Félagið hefur sölu bifreiðatrygginga.

1971 Líftryggingamiðstöðin hf. stofnuð af TM. Sala líftrygginga hefst en TM hafði ekki áður boðið upp á líftryggingar.

1985 Sameinaða líftryggingafélagið hf. (Samlíf) stofnað af TM, Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og fleiri aðilum.

1986 TM kaupir 51% hlutafjár í Reykvískri endurtryggingu hf. og Líftryggingafélaginu Verði hf., sem var síðan selt í september 1989.

1987 Slit Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. eru samþykkt.

1991 Gunnar Felixson tekur við sem forstjóri TM af Gísla Ólafssyni. TM tekur að sér ferðatryggingar fyrir VISA og MasterCard korthafa.

1996 TM-Öryggi, váttryggingavernd sem sameinar öll tryggingamál fjölskyldunnar á hagkvæman og þægilegan hátt, er markaðssett.

1998 TM skráð á Verðbréfaþing Íslands (nú Kauphöllin) þann 29. september 1998.

1999 TM og Trygging hf. sameinast þann 1. nóvember.

2002 TM stofnar Líftryggingamiðstöðina hf. sem selur líf- og sjúkdómatryggingar undir vörumerkinu TM LÍF.

2005 Óskar Magnússon tekur við sem forstjóri TM af Gunnari Felixsyni.

2006 TM kaupir norska tryggingafélagið NEMI Forsikring ASA. TM hefur sölu bílatrygginga í gegnum vefsíðuna www.elisabet.is, fyrst íslenskra váttryggingafélaga

2007 Sigurður Viðarsson tekur við sem forstjóri TM af Óskari Magnússyni. TM fær matseinkunn frá Standard & Poor's, fyrst íslenskra váttryggingafélaga.

2008 Hlutabréf TM tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni þann 27. júní 2008 í kjölfar yfirtökutilboðs Stoða (áður FL Group hf.) í alla útistandandi hluti í félaginu.

2009 TM flytur höfuðstöðvar sínar frá Aðalstræti 6-8 að Síðumúla 24. TM selur norska tryggingafélagið NEMI Forsikring ASA.

2012 Stoðir selja 65% hlut í TM til lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta ásamt því að selja forstjóra og starfsmönnum 1,3% hlut í félaginu.

2013 TM hlýtur í 12. sinn viðurkenningu Íslensku ánægjuvogarinnar. Þann 8. maí 2013 var TM tekið til viðskipta í Kauphöll Nasdaq OMX á Íslandi.

4 STARFSEMI

TM er íslenskt váttryggingafélag sem býður alhliða váttryggingaþjónustu á Íslandi ásamt því að bjóða afmarkaða váttryggingaþjónustu erlendis á sviði sjó- og eignatrygginga. TM hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu og í Færeyjum.

Megin starfsemi TM felst í að gefa út váttryggingasamninga sem flytja váttryggingalega áhættu frá viðskiptavinum, til félagsins. Þar með samþykkir TM að bæta framtíðartjón vegna vel skilgreindra, óvissra atburða. Fjárfestingastarfsemi er stór hluti af váttryggingastarfsemi vegna þess að iðgjöld eru greidd í upphafi tryggingatímabils en tjónakröfur koma fram síðar og tími líður þangað til kröfur eru greiddar. Við þetta skapast fjárhagsleg skuldbinding gagnvart váttryggingatökum og til þess að geta staðið við hana þarf að fjárfesta eignum félagsins á móti þessari skuldbindingu í samræmi við reglugerð sem settar eru af Atvinnuvegaráðuneyti og framfylgt er af Fjármálaeftirlitinu.⁴ Váttryggingarekstur TM flokkast í skaðatryggingar og líftryggingar. Þessi skipting, ásamt fjármálarekstri félagsins, endurspeglast í starfsþáttayfirliti samstæðunnar sem skiptist í skaðatryggingar, líftryggingar og fjármálarekstur.

Hjá TM starfa um 130 starfsmenn og á þriðja tug samstarfsaðila sem veita um 50 þúsund viðskiptavinum þjónustu. TM er með styrkleikamatíð BBB frá Standard & Poor's, útgefið í júlí 2015. Í mars 2015 hlaut félagið styrkleikamatíð B++ frá matsfyrirtækinu A.M. Best. Mat A.M. Best nær einnig til lánsþæfis og hefur TM lánsþæfiseinkunnina bbb+ hjá matsfyrirtækinu.⁵

Í skipulagi félagsins er lögð áhersla á stuttar boðleiðir og hagkvæmni í rekstri. Stjórn TM hefur samþykkt tillögu framkvæmdastjórnar um nýtt skipulag félagsins. Nýtt skipulag hefur það að markmiði að efla áhættuverðlagningu og þjónustu við viðskiptavini. Breytingin felur einnig í sér einföldun á skipulagi þar sem sviðum fækkar um eitt og eru nú fimm í stað sex áður. Framkvæmdastjórn félagsins er óbreytt en hana skipa forstjóri og framkvæmdastjórnar sviðanna. Nýtt skipurit tók gildi 1. september 2015.

Váttryggingarekstur TM flokkast í skaða- og líftryggingar. Móðurfélagið Tryggingamiðstöðin hf. veitir skaðatryggingar en dótturfélagið Líftryggingamiðstöðin hf. líftryggingar. Starfsþættir samstæðu TM eru skaðatryggingar, líftryggingar og fjármálarekstur. Í starfsþáttayfirliti er tekjum af fjárfestingum félagsins úthlutað á skaðatrygginga- og líftryggingastarfsemi eftir ákveðnum reglum.

4.1 Skipulag

Höfuðstöðvar TM eru að Síðumúla 24 í Reykjavík, en þjónustuskrifstofur eru 22 talsins um land allt. Útibú félagsins eru fjögur og eru þau staðsett á Akureyri, Egilsstöðum, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. TM á auk þess samstarf við söluaðila og váttryggingamiðlara í ýmsum löndum.

4.1.1 Samstæðan

Samstæða TM samanstendur af móðurfélaginu (Tryggingamiðstöðinni hf.) og fjórum dótturfélögum (sjá töflu 4.1).

Líftryggingamiðstöðin hf. er dótturfélag Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og annast líftryggingastarfsemi sem skv. lögum þarf að vera í sérstöku félagi.⁶ Daglegur rekstur og starfsemi Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. er skv. þjónustusamningi í höndum TM.

Engin starfsemi er innan Íslenskrar endurtryggingar hf. og Tryggingar hf., en TM vinnur skv. þjónustusamningi að uppgjöri eldri skuldbindinga félaganna.

⁴ Reglugerð nr. 216/2011 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld frumtryggingafélaga.

⁵ <http://www.landsbankinn.is/markadir/frettir/?NewsID=620237&p=2>

⁶ Lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, 12. gr.


Tafla 4. Dótturfélög TM

Heiti félags	Skráð aðsetur	Hlutfall eignarhluta og atkvæðisréttar
Líftryggingamiðstöðin hf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%
TM fé ehf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%
Íslensk endurtrygging hf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	99,96%
Trygging hf.	Síðumúla 24, 108 Reykjavík	100,00%

4.1.2 Skipurit

Starfsemi TM fer fram á fimm sviðum sem heyra undir forstjóra félagsins. Forstjóri og framkvæmdastjórar sviðanna fimm skipta framkvæmdastjórn félagsins.

Mynd 1: Skipurit TM



Skrifstofa forstjóra

Fjárfestingar, lögfræðiþjónusta, áhættustýring og mannauðsstjórnunfélagsins eru staðsett á skrifstofu forstjóra.

Einstaklingsráðgjöf og markaðsmál ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu til einstaklinga og fjölskyldna. Sérstök áhersla er lögð á að byggja upp og viðhalda langtímasambandi við viðskiptavinum. Það er meðal annars gert með því að greina með skipulögðum hætti þarfir hvers viðskiptavinar fyrir sig og sérsníða lausnir sem mæta þörfum hvers og eins. Markvisst er unnið að því innan sviðsins að bjóða nýjum viðskiptavinum að ganga til liðs við TM. Markaðsmál heyra undir sviðið og vinnur það að markaðsgreiningum, vöruhönnun og vörumerkjastjórnun. Framkvæmdastjóri sviðsins er Ragnheiður D. Agnaradóttir.

Fyrirtækjaráðgjöf og erlend viðskipti ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja og erlendra viðskiptavina. Sviðið ber einnig ábyrgð á endurtryggingasamningum TM og uppgjöri vegna þeirra. Þjónusta við íslenskan sjávarútveg er fyrirferðamikil í starfsemi sviðsins. Sviðið hefur einnig með höndum skipulag og þjónustu á sviði forvarna en TM hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á forvarnir íslenskra sjómanna. Líf- og sjúkdómatryggingar eru hluti af starfsemi sviðsins en það stýrir rekstri dótturfélaga TM. Framkvæmdastjóri sviðsins er Hjálmar Sigurþórsson.

Áhættuverðlagning og viðskiptaþróun ber ábyrgð á stýringu váttryggingaáhættu og viðskiptaþróun TM. Sviðið hefur með höndum stofnstýringu og verðleggur þær áhættur sem félagið váttryggir. Tryggingastærðfræðingur

félagsins tilheyrir sviðinu og hefur með höndum verkefni þar sem þörf er á tryggingastærðfræðilegri þekkingu. Hlutverk viðskiptaþróunarhluta sviðsins er að sinna ýmis konar þróunarverkefnum sem ætlað er að bæta samkeppnishæfni og arðsemi félagsins. Framkvæmdastjóri sviðsins er Garðar Þ. Guðgeirsson.

Tjónaþjónusta ber ábyrgð á afgreiðslu allra tjóna sem tilkynnt eru til félagsins, allt frá skráningu og ákvörðun bótaskyldu, til mats á tjónsfjárhæð og greiðslu bóta. Auk sérfræðilekkingar innan sviðsins styðst Tjónaþjónusta jafnframt við net sjálfstætt starfandi sérfræðinga og fyrirtækja sem koma að verðmætabjörgun, tjónsmati og viðgerðum vegna tjóna. Skýrir verkferlar og þjónustumarkmið tryggja skjóta og vandaða málsmeðferð. Sviðið skiptist í fjórar deildir; ökutækjatjón, eigna- og ábyrgðartjón, líkams- og ferðatjón og skipa- og farmtjón. Framkvæmdastjóri sviðsins er Kjartan Vilhjálmsson.

Fjármála- og rekstrarsvið hefur með höndum bæði ytri og innri uppgjör félagsins auk þess að annast lánastýringu, viðskiptaþjónustu, innheimtu og greiðslur vegna tjóna og rekstrarkostnaðar. Sviðið hefur umsjón með áætlanagerð og vinnslu stjórnunarupplýsinga. Það annast einnig þróun innri hugbúnaðarkerfa, rekstur tölvukerfa og verkefnastjórnun stærri verkefna sem ganga þvert á skipurit félagsins. Sviðið sér um eignaumsjón og skrifstofuþjónustu innan TM. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með stjórnkerfi upplýsingaöryggis og samskipti við matsfyrirtækið Standard & Poor's. Framkvæmdastjóri sviðsins er Óskar B. Hauksson.

5 STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

5.1 Stjórn

Stjórnarmenn og forstjóri TM þurfa að fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið metur hæfi forstjóra og stjórnarmanna TM en í því felst annars vegar yfirferð yfir skrifleg gögn og hins vegar munnlegt hæfismat. Forstjóri skal undirgangast munnlegt hæfismat en Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli ganga undir slíkt hæfismat sbr. reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 886/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdarstjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga. Sigurður Viðarsson, forstjóri TM hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Allir stjórnarmenn sem hafa verið boðaðir í hæfismat stjórnarmanna váttryggingafélaga hafa staðist það. Eftir á að boða einn stjórnarmann í hæfismat.

Tafla 5. Stjórn

Nafn	Fæðingarár	Staða	Fyrst valinn í stjórn TM	Lokadagur skipunartíma
Andri Þór Guðmundsson	1966	Meðstjórnandi	Agúst 2013	Mars 2016
Kristín Friðgeirsdóttir	1971	Meðstjórnandi	Agúst 2013	Mars 2016
Linda Björg Bentsdóttir	1964	Meðstjórnandi	Mars 2015	Mars 2016
Ragnheiður Þorsteinsdóttir	1968	Meðstjórnandi	Mars 2015	Mars 2016
Órvar Kærnested	1976	Stjórnarformaður	Desember 2012	Mars 2016
Bjarki Már Baxter	1982	Varamaður	Desember 2012	Mars 2016
Bryndís Hrafnkelsdóttir	1964	Varamaður	Mars 2011	Mars 2016

Andri Þór Guðmundsson

Menntun: Viðskiptafræðingur, MBA.

Aðalstarf: Forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. frá 2004.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri fjármála hjá Ölgerðinni og þar áður markaðsmál hjá Almenna bókafélaginu og Lýsi hf.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Mjöll-Frigg ehf., Sól ehf. og OA eignarhaldsfélag ehf.

Hlutfjáreign í TM: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháður.

Kristín Friðgeirsdóttir

Menntun: Rekstarverkfræðingur Ph.D., fjármálaverkfræðingur M.S. og véla- og iðnaðarverkfræðingur B.S.

Aðalstarf: Kennari í stjórnunar- og rekstrarfræðum við London Business School.

Starfsreynsla: Ráðgjöf, rannsóknir og kennsla á sviði ákvarðanatöku, áhættustýringar, verðlagningar og tekjustýringar. Ráðgjafi hjá McKinsey, Intel, AMD, Yahoo og öðrum internet- og fjármálafyrirtækjum.

Önnur stjórnarseta: Háskólinn í Reykjavík, Hagar hf. og Distica hf.

Hlutfjáreign í TM: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháð.

Linda Björk Bentsdóttir

Menntun: Lögfræðingur, próf í verðbréfavíðskiptum.

Aðalstarf: Sjálfstætt starfandi lögmaður.

Starfsreynsla: Sjálfstætt starfandi lögmaður hjá Lögmonnum Hamraborg frá 2009, framkvæmdastjóri Inn fjárfestingar ehf. 2006-2009, staðgengill framkvæmdastjóra, yfirmaður útlánasviðs og formaður lánanevndar Frjálsa Fjárfestingarbankans 2000-2005, lögmaður Samvinnusjóðs Íslands hf., 1997-2000.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Í fjárfestingarráði Fjárfestingafélags atvinnulífsins frá 2014, í fjárfestingaráði Kjölfestu slhf. frá nóv. 2013, í yfirmatsnefnd skv. ábúðarlögum frá nóv. 2013 og varamaður í bankaráði Seðlabanka Íslands frá júlí 2013.

Hlutfjáreign í TM: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháð.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Menntun: Lögfræðingur LL.M.

Aðalstarf: Héraðsdómslögmaður og lektor við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Starfsreynsla: Frá 1995 til 1998 yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneyti, frá 1998 til 2013 í utanríkisráðuneyti, lengst af á viðskiptasviði, og í sendiráði Íslands í Brussel við EES-mál, þ. á m. staðgengill sendiherra, og í aðalsamninganefnd Íslands vegna aðildarviðræðna við ESB, frá 2013 starfandi héraðsdómslögmaður og frá 2014 lektor við lagadeild HA.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Formaður stjórnar bókaforlagsins Bjarts og Veraldar.

Hlutfjáreign í TM: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháð.

Örvar Kærned

Menntun: Viðskiptafræðingur og hefur próf í verðbréfamiðlun.

Aðalstarf: Fjárfestir og ráðgjafi.

Starfsreynsla: Starfað við fjármálamarkaði frá 1998, m.a. við stýringu verðbréfasjóða sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf., yfirmaður óskráðra fjárfestinga hjá Stodir UK Ltd. frá 2007 til 2008 og síðast við eigin fjárfestingar og ráðgjöf.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Seta í stjórnnum nokkurra félaga um eigin fjárfestingar.

Hlutfjáreign í TM: Eigandi Riverside Capital ehf. sem á um 18,7 milljónir hluta eða 2,53% hlutfjár í TM.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháður.

Bjarki Már Baxter

Menntun: Lögfræðingur.

Aðalstarf: Héraðsdómslögmaður hjá Hildu ehf.

Starfsreynsla: Lögmannsfulltrúi hjá lögmannsstofunni Málþingi ehf. frá 2007 til 2009

og hjá KVASIR lögmonnum ehf. frá 2009 til 2011, yfirlögfræðingur slitastjórna Frjálsa hf. og SPRON hf. hjá Dróma hf. frá 2011 til 2013.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Situr ekki í stjórnnum annarra félaga.

Hlutfjáreign í TM: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháður.

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Menntun: Viðskiptafræðingur (cand. oecon).

Aðalstarf: Forstjóri Hapdrættis Háskóla Íslands frá 2010.

Starfsreynsla: Aðalbókari hjá Hagkaupi og tengdum félögum og síðar fjármálastjóri Hagkaups, framkvæmdastjóri Debenhams á Íslandi frá 2000 til 2006, starfaði á fjármálasviði samstæðu Kaupþings banka hf. frá 2007 til 2008, fjármálastjóri Landfesta hf. frá 2008 til 2010.

Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta: Formaður skólanefndar Verzlunarskóla Íslands ses. frá 2006 og stjórnarmaður í Ofanleiti 1 ehf. og Regin hf.

Hlutfjáreign í TM: Engin.

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila TM sem og stóra hluthafa í félaginu: Engin.

Mat á óhæði gagnvart félaginu: Telst vera óháð.

5.2 Framkvæmdastjórn

Forstjóri og framkvæmdastjóri TM mynda saman framkvæmdastjórn TM. Starfsstöð aðila að framkvæmdastjórn er á lögheimili félagsins.

Tafla 6. Framkvæmdastjórn

Nafn	Fæðingarár	Staða
Sigurður Viðarsson	1976	Forstjóri
Garðar Þ. Guðgeirsson	1974	Framkvæmdastjóri Fjárfestinga og viðskiptaþróunar
Hjálmar Sigurþórsson	1968	Framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu
Kjartan Vilhjálmsson	1976	Framkvæmdastjóri tónaþjónustu
Óskar B. Hauksson	1960	Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs
Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir	1974	Framkvæmdastjóri einstaklingsþjónustu og samskiptasviðs

Sigurður Viðarsson, forstjóri.

Menntun: B.Sc. gráða í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Starfsreynsla: Hóf störf hjá TM í október 2007. 1997-2007: Okkar líftryggingar, forstöðumaður fjármála og váttryggingasviðs.

Garðar Þ. Guðgeirsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga og viðskiptaþróunar.

Menntun: B.sc. gráða í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1999 og M.Sc. gráða í hugbúnaðarverkfræði frá University of York, og MBA frá IMD 2006.

Starfsreynsla: Hóf störf hjá TM í júní 2008.

Hjálmar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu.

Menntun: MBA frá Háskólanum í Reykjavík, 2008.

Starfsreynsla: Hóf störf hjá TM í september 1988, fyrst í tónadeild félagsins. Var síðar deildarstjóri tónadeildar TM 1994–2005, framkvæmdastjóri Tjónaþjónustu TM 2005-2008 og tók við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjaþjónustu TM á árinu 2008.

Kjartan Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri tónaþjónustu

Menntun: Cand. jur gráða frá Háskóla Íslands, 2005.

Starfsreynsla: Hóf störf hjá TM 2005, fyrst sem lögfræðingur Tjónaþjónustu og síðar sem deildarstjóri líkams-, ferða-, ökutækja-, og ábyrgðartjóna. Tók við sem framkvæmdastjóri Tjónaþjónustu TM í maí 2008.

Óskar B. Hauksson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs.

Menntun: Verkfræðingur og B.Sc. gráða í tölvunarfræði frá Háskóla Ísland, 1985, MBA frá Oxford, Said Business School, 2005.

Starfsreynsla: Hóf störf hjá TM í ágúst 2006 sem framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs og frá árinu 2008 framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs.

Ragnheiður Dögg Agnarsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingsþjónustu og samskiptasviðs.

Menntun: BA gráða í sálfræði frá Háskóla Íslands, 2000 og MA gráða í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands, 2009.

Starfsreynsla: Hóf störf hjá TM í apríl 2006, fyrst sem forstöðumaður einstaklingsþjónustu og tók við sem framkvæmdastjóri Váttrygginga- og fjármálaþjónustu 2007 og sem framkvæmdastjóri Einstaklingsþjónustu og Samskiptasviðs 2008.

Engir hagsmunaárekstrar eru milli skyldustarfa aðila í framkvæmdastjórn og stjórnarmanna og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

6 HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR

6.1 Hlutafé

Útgefnir hlutir í TM eru 760.393.888 (sjö hundruð og sextíu milljónir þrjú hundruð níutíu og þrjú þúsund áttahundruð áttatíu og átta krónur) – og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Allir hlutir í TM tilheyra sama flokki og eru jafnrétt háir skv. samþykktum félagsins. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru greiddir og teljast allir til hlutafjár. Engir hlutir eru í dag í eigu félagsins.

6.2 Hluthafar

Neðangreind tafla sýnir 20 stærstu hluthafa TM miðað við þann 25. júní 2015.

Tafla 7. Stærstu hluthafar

Eigandi	Eignarhlutur	Hlutfall
Lífeyrissjóður verslunarmanna	73.278.995	9,91%
Gildi – lífeyrissjóður	54.991.802	7,44%
Stefnir - ÍS 15	53.492.874	7,24%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	46.230.000	6,25%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	41.406.530	5,60%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	34.257.976	4,63%
Virðing safnreikningur	24.008.379	3,25%
Stapi lífeyrissjóður	19.902.613	2,69%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	19.423.500	2,63%
Riverside Capital ehf.	18.707.878	2,53%
Stafir lífeyrissjóður	18.441.622	2,49%
ALDA Equity Opportunity Fund	18.238.481	2,47%
Þrír GAP ehf	15.242.441	2,06%
Straumur fjárfestingabanki hf.	14.896.411	2,02%
Stefnir - ÍS 5	14.192.531	1,92%
Festa - lífeyrissjóður	14.043.855	1,90%
JÖKÁ ehf.	13.444.778	1,82%
Íslandsbanki hf.	11.069.035	1,50%
Íslandssjóðir - IS Hlutabréfasj	10.665.041	1,44%
Arion banki hf.	10.638.388	1,44%

TM er ekki kunnugt um að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. TM er ekki kunnugt um að til staðar séu réttindi í félaginu sem leitt geta til breytinga á yfirráðum í félaginu. Hagsmunir minnihlutaeignenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykktu félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

7 FJÁRHAGSYFIRLIT

Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni ná yfir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2014. Ársreikningar TM fyrir árin 2013 og 2014 eru hluti af útgefendalýsingunni og má finna í kafla 8.

Ársreikningarnir eru samstæðureikningar en samstæða TM samanstendur af móðurfélaginu Tryggingamiðstöðinni hf. og fjórum dótturfélögum; Líftryggingamiðstöðinni hf., TM fé ehf., Íslenskri endurtryggingu hf. og Tryggingu hf.

Ársreikningarnir hafa verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum TM og innihalda skýrslu endurskoðanda. Löggiltir endurskoðendur TM, KPMG ehf. hafa ekki hafnað að veita áritun á reikninga TM og áritun þeirra er án fyrirvara eða afsals ábyrgðar. Í útgefendalýsingunni eru engar aðrar upplýsingar en þær sem byggja á endurskoðuðum ársreikningum TM.

Ársreikningar árin 2013 og 2014 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og hafa lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Í árslok 2014 breytti samstæðan um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld og er mat á skuldinni í árslok 2014 í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins⁷. Ástæður breytingarinnar eru þær að matsreglur Solvency II endurspegla betur raunvirði tjónaskuldar. Þetta kallar á breytta reikningsskilaaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Við breytinguna færast 1.567 millj. kr. úr tjónaskuld þann 1.1.2013. Aðrar breytingar sem tengjast breyttum matsaðferðum á tjónaskuld, samtals 323 m.kr. koma til lækkunar á tjónum ársins 2013. Samtals nema þessar breytingar 1.890 m.kr. Þess ber að geta að samanburðartölum vegna ársins 2013 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Áhrif breytinganna eru einnig rakin í skýringu 3 með ársreikningi 2014.

Ekki hafa átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu TM frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. desember 2014.

7.1 Rekstrarreikningur 2013-2014

Hér á eftir er umfjöllun um rekstrarreikning TM fyrir árin 2013 og 2014.


Tekjur TM eru annars vegar iðgjaldatekjur og hins vegar fjárfestingatekjur. TM tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalds. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem vátryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, háð eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu og hefur félagið fjárfestingartekjur af þeim fjármunum þangað til.

TM kaupir endurtryggingar gagnvart stórtjónum í þeim tilgangi að takmarka vátryggingaáhættu sína og koma greidd iðgjöld vegna endurtrygginga til frádráttar heildariðgjöldum. Eigin iðgjöld eru því þau iðgjöld sem félagið hefur á móti vátryggingavernd sem það veitir fyrir eigin reikning. Á sama hátt kemur hlutur endurtryggjenda í tjónakostnaði til frádráttar heildartjónakostnaði. Eigin tjón er því sá kostnaður sem félagið ber fyrir eigin reikning.

Mynd 2. Þróun samsett hlutfalls TM

⁷ <http://www.fme.is/efirlitsstarfsemi/solvency-ii/>

Þekktur mælikvarði á afkomu af váttryggingastarfsemi er samsett hlutfall, þ.e. eigið tjónshlutfall að viðbættu hlutfalli rekstrarkostnaðar eða kostnaðarhlutfalli. Afkoma ársins 2014 var nokkuð í járnnum með samsett hlutfall upp á 99% sem er fimmta árið í röð þar sem samsett hlutfall er undir 100%.



Tafla 8. Rekstrarreikningur (þús.kr.)

þús.kr.	2014	2013
Iðgjöld ársins	11.953.750	12.252.399
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-648.369	-717.633
Eigin iðgjöld	11.305.381	11.534.766
Fjármunatekjur	2.486.330	2.093.785
Fjárfestingatekjur af fjárfestinga fasteignum	128.479	0
Aðrar tekjur	81.640	112.690
Heildartekjur	14.001.830	13.741.241
Tjónakostnaður	-9.442.789	-8.548.854
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	788.389	450.041
Eigin tjón	-8.654.400	-8.098.813
Rekstrarkostnaður	-2.873.243	-2.947.065
Vaxtagjöld	-58.491	-75.700
Virðisrýrnun fjáreigna	873	-26.941
Heildargjöld	-11.585.261	-11.148.519
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.416.569	2.592.722
Tekjuskattur	-342.223	-256.001
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	2.074.346	2.336.721
Skipting hagnaðar		
Hluthafar móðurfélags	2.074.320	2.336.663
Hlutdeild minnihluta	26	58
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	2,75	3,07

Iðgjöld drógust saman í heild á milli ára en hins vegar var 29% aukning í erlendum viðskiptum. Afkoma eignatrygginga var slök en stórbruni í Skeifunni og nokkur minni áföll lituðu afkomuna sem er sú versta síðan 2008. Tjónakostnaður var svipaður því sem áætlað hafið verið en tjónshlutföll hækkuðu almennt nema í sjó-, slysa- og líftryggingum. Afkoma ökutækjatrygginga versnaði mjög á árinu og ljóst er að aukinn umferðarpungur skilar sér í fjölgun tjóna. Rekstrarkostnaður lækkaði um 2,5% á milli ára en gripið var til aðhaldsaðgerða á miðju ári sem skiluðu sér af fullum þunga á fjórða ársfjórðungi. Eigin iðgjöld ársins 2014 námu 11.305 m.kr. sem er 2% lækkun miðað við 2013 og 1,4% lægri en áætlað var. Brotthvarf stórra viðskiptavina í upphafi árs skiptir hér mestu máli

en aukning í erlendum viðskiptum vegur upp á móti. Endurtryggingakostnaður lækkar á milli ára þrátt fyrir endurkaup á vernd vegna brunans í Skeifunni. Ljóst er að félagið hefur náð góðum árangri í lækkun þessa kostnaðar. Endurtryggingahlutfall hefur farið lækkandi og var 5,4% á síðasta ári, samanborið við 5,9% á árinu 2013.

Fjárfestingartekjur TM námu 2.615 m.kr. árið 2014 sem jafngildir um 10,1% ávöxtun fjárfestingaeigna. Að teknu tilliti til verðbólgu var raunávöxtun ársins rúmlega 9%. Fjárfestingatekjur TM hækkuðu um 25% á milli ára og voru þær talsvert yfir áætlun ársins.

Afkoma hlutabréfa, jafnt innlendra sem erlendra, vóg þungt í heildarafkomu en ávöxtun innlendra skráðra hlutabréfa TM var yfir 30% sem er umtalsvert hærra en viðmiðunarvísitölur. Afkoma af skuldabréfum var sömuleiðis góð, sér í lagi af ríkisskuldabréfum, en ríkisskuldabréfasafn TM naut góðs af lækkandi verðbólgu og verðbólguvæntingum á árinu, vegna þess að félagið átti umtalsvert af óverðtryggðum ríkisbréfum. Þá voru stýrivextir lækkaðir um 75 punkta á síðari hluta ársins sem ýtti almennt undir ávöxtun skuldabréfa með fasta vexti. Undanfarin misseri hefur TM fjárfest í ýmsum fasteignatengdum sjóðum og verkefnum og var afkoma þeirra eigna einnig mjög góð á árinu.

Eigin tjón hækkuðu um 7% á milli ára en árið 2013 var einstaklega hagstætt í þessu tilliti. Eigið tjónshlutfall hækkaði úr 70,2% í 76,6%. Hluti endurtrygginga í tjónakostnaði nam 788 m.kr. árið 2014 en 450 m.kr. árið 2013 og munar þar mestu um brunann í Skeifunni.

Rekstrarkostnaður félagsins nam 2.873 m.kr. árið 2014 og lækkaði um 2,5% frá árinu 2013 en rekstrarkostnaðurinn var hins vegar nokkuð hærri en áætlað hafði verið og stafar það frávik af meiri viðskiptum erlendis sem hækka umboðslaunakostnað.

Rekstarkostnaður samanstendur af launakostnaði, markaðskostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna og öðrum kostnaði.

Launa og launatengd gjöld voru 1.518 m.kr. á árinu 2014 og var meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsárstörf 129.

Kostnaðarhlutfall, það er sá hluti rekstrarkostnaðar sem tilheyrir váttryggingarekstri, sem hlutfall af eigin iðgjöldum var árið 2014 22,4% en var 22,2% árið 2013.

Fjármagnsgjöld námu 58 m.kr. árið 2014 og lækka á milli ára vegna lægri verðbólgu. Einu vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru lán sem hvíla á íbúðum í eigu hennar.

Heildargjöld félagsins námu 11.585 m.kr. árið 2014 sem er 4% hækkun frá árinu 2013.

Tekjuskattur nam 342 m.kr. árið 2014 og er virkt skatthlutfall 14,2% samanborið við 9,9% árið á undan.

Hagnaður félagsins eftir skatta nam 2.074 m.kr. árið 2014 en 2.337 m.kr. árið 2013. Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 2.417 m.kr. árið 2014 en var 2.593 m.kr. árið 2013.

7.1.1 Starfspáttayfirlit

Rekstur TM skiptist í þrjá starfspætti; skaðatryggingar, líftryggingarekstur og fjármálarekstur. Umsvif TM eru að mestu leyti í skaðatryggingum en að litlu leyti í líftryggingum. Þannig nema iðgjöld af líftryggingum einungis um 3,3% af heildariðgjöldum á meðan iðgjöld af skaðatryggingum eru um 96,7% af heildariðgjöldum. Rekstrarafkoma af líftryggingum er að sama skapi lítil samanborið við rekstrarafkomu af skaðatryggingum.

Tekjur af fjárfestingastarfsemi félagsins dreifast í starfspáttayfirliti á starfspættina þrjá, skaðatryggingar, líftryggingar og fjármálastarfsemi. Hver starfspáttur ber sinn rekstrarkostnað en kostnaðurinn er mestur í skaðatryggingum enda umsvifin mest þar. Fjármagnsgjöld og virðisrýrnun fjáreigna telst til fjármálarekstrars.

Tafla 9. Starfspáttayfirlit (þús.kr.)

	Skaðatryggingarekstur		Líftryggingarekstur		Fjármálarekstur		Samstæða	
	2014	2013	2014	2013	2014	2013	2014	2013
Iðgjöld ársins	11.560.702	11.869.819	393.048	382.581			11.953.750	12.252.400
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-554.158	-606.893	-94.210	-110.740			-648.368	-717.633
Fjármunatekjur	171.671	713.927	1.976	7.753	2.312.683	1.372.105	2.486.330	2.093.785
Tekjur af fjárfestingafasteignum					128.479		128.479	
Aðrar tekjur					81.640	112.690	81.640	112.690
Heildartekjur	11.178.215	11.976.853	300.814	279.594	2.522.802	1.484.795	14.001.831	13.741.242
Tjónakostnaður	-9.333.041	-8.412.851	-109.748	-136.003			-9.442.789	-8.548.854
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	733.299	391.587	55.090	58.453			788.389	450.040
Rekstrarkostnaður	-2.460.352	-2.462.417	-73.672	-102.558	-339.220	-382.091	-2.873.244	-2.947.066
Vaxtagjöld					-58.491	-75.700	-58.491	-75.700
Virðisryrnun fasteigna					873	-26.941	873	-26.941
Rekstrarafkoma	118.121	1.493.172	172.484	99.486	2.125.964	1.000.063	2.416.569	2.592.721
Tekjuskattur							-342.223	-256.001
Hagnaður ársins							2.074.346	2.336.720
Heildareignir	14.631.946	14.226.796	214.815	229.279	16.230.811	15.955.114	31.077.572	30.411.189
Heildarskuldur	14.631.946	14.226.796	214.815	229.279	2.271.191	2.134.817	17.117.952	16.590.892

7.1.2 Afkoma greinaflokka

Eignatryggingar skiluðu óvenjuslakri afkomu eða 102% samsettu hlutfalli vegna mikilla bruna- og veðurtjóna ársins. Sjó-, flug- og farmtryggingar skiluðu góðri afkomu á árinu eða 89% samsettu hlutfalli samanborið við 104% samsettu hlutfalli á árinu 2013.

Afkoma ökutækjatrygginga hélt áfram að versna á milli ára en þær vega um 43% af iðgjöldum félagsins og því stærsta greinin. Samsett hlutfall ársins 2014 var 111%. Ábyrgðatryggingar voru í járnnum á árinu og skiluðu 99% samsettu hlutfalli sem er mun verri afkoma en á árinu á undan. Greinaflokkurinn vegur hins vegar ekki mikið í iðgjaldatekjum eða um 5%.

Afkoma af slysatryggingum var góð og skilaði 82% samsettu hlutfalli. Líftryggingarekstur samstæðunnar er í sérstöku félagi, Líftryggingamiðstöðinni hf. Afkoman undanfarin ár hefur verið mjög góð en samsett hlutfall ársins var 43% sem er veruleg lækkun frá árinu áður.

Í heild eykst samsett hlutfall um tæp 7 prósentustig á milli ára en helst samt fimmta árið í röð undir 100%.

7.2 Efnahagsreikningur

Hér á eftir er umfjöllun um efnahagsreikning TM í lok árána 2013 og 2014. Efnahagur TM hefur verið traustur um árabíl með háu eiginfjárhlutfalli. Aðlagð gjaldþol er eigið fé að frádregnum; tillögu um arðgreiðslu, óefnislegum eignum og eignarhlut minnihluta. Aðlagð gjaldþol TM nam 9.741 m.kr. í árslok 2014 en lágmarksfjárhæð aðlagðs gjaldþols nam 2.666 m.kr. á sama tíma. Aðlagð gjaldþol var því 3,7 sinnum lágmarkið eða sem svarar 147% af gjaldþolskröfu samkvæmt Solvency II sem var 6.612 m.kr.

7.2.1 Eignir

Í efnahagsreikningi TM er fjárfestingaeignum skipt í fjárfestingafasteignir, bundin innlán, útlán, verðbréf, og handbært fé. Í árslok 2014 nam fjárfestingasafn TM 26.521 m.kr. og jókst það um 222 m.kr. á árinu. Fjárfestingasafnið vegur 85% af heildareignum félagsins sem námu 31.078 m.kr.

Fjárfestingafasteignir er nýr eignaflokkur en um er að ræða íbúðir í eigu félagsins sem flestar eru í útleigu en voru áður flokkaðar sem eignir til sölu.

Eign TM í verðbréfum nam 21.725 m.kr. í árslok 2014 en til samanburðar nam verðbréfaeign félagsins 18.517 m.kr. í árslok 2013. Helsta breytingin á verðbréfasafninu árið 2014 var í hlutabréfaeign sem hækkaði um 1.657 m.kr. á milli ára.

Handbært fé og bundin innlán námu 1.288 m.kr. í árslok 2014 sem jafngildir 5% af fjárfestingasafninu.

Útlán félagsins námu 2.497 m.kr. í árslok 2014. Á undanförunum þremur árum hafa afborganir útistandandi lána numið hærrí fjárhæðum en ný útlán og því hefur lánasafn félagsins dregist saman milli ára.

Rekstrarfjármunir félagsins námu 432 m.kr. í árslok 2014 og skiptast í skrifstofuáhöld, tölvubúnað, bifreiðar og að litlu leyti fasteignir. Húsnæði sem TM notar í starfsemi sinni er að mestu leyti tekið að leigu, þar með taldar höfuðstöðvar félagsins að Síðumúla 24.

Óefnislegar eignir námu 218 m.kr. í árslok 2014 og voru annars vegar viðskiptavild að fjárhæð 100 m.kr. vegna kaupa á minnihluta í Líftryggingamiðstöðinni hf. og hins vegar eignfærður hugbúnaður að fjárhæð 118 m.kr.

Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld er færður sem endurtryggingaeignir en þær námu 481 m.kr. í árslok 2014. Kröfur á endurtryggjendur vegna uppperðra mála eru færðar með viðskiptakröfum.

Viðskiptakröfur námu 3.306 m.kr. í árslok 2014. Hlutfall viðskiptakrafna í árslok af iðgjöldum ársins er 28% og hækkar nokkuð á milli ára.

Fjárfestingaeignir TM námu 26.521 m.kr. í lok árs 2014, og skiptast þær niður í eftirfarandi eignaflokka skv. fjárfestingastefnu TM:

TM leggur áherslu á seljanleika í eignasafni sínu og stýrir líftíma eigna í takti við líftíma skuldbindinga sinna. Handbært fé, lausafjárskjóðir og ríkisskuldabréf nema um 71% af eigin tjónaskuld félagsins sem gerir efnahagsreikning félagsins mjög sveigjanlegan og er félagið því afar vel í stakk búið til að mæta tjónaskuldbindingum sínum.


Á árinu voru gerðar umfangsmiklar breytingar á fjárfestingastefnu félagsins sem miðuðu að því að bæta eigna- og áhættustýringu TM, m.a. með auknu gagnsæi, auðveldara mati á árangri og með því að skilgreina frekar hagsmuni váttryggingataka félagsins. Stærstu einstöku breytingarnar sneru að uppskiptingu eignasafnsins í eignir á móti tjónaskuld annars vegar og eignir á móti eigin fé hinsvegar, auk breytinga á eignaflokkaskiptingu safnsins.

Uppskipting á eignasafni TM í eignir á móti tjónaskuld og eignir á móti eigin fé gerir það að verkum að áhættusnið eignasafnsins er breytilegt og þróast í takt við fjárhagslegan styrk félagsins og eigið fé hverju sinni. Eignir á móti tjónaskuld samanstanda af handbæru fé, ríkisskuldabréfum, sveitarfélagaskuldabréfum og traustum eignatryggðum skuldabréfum, s.s. sértryggðum skuldabréfum. Eignir á móti eigin fé eru áhættumeiri eignir, s.s. hlutabréf og sérhæfðar fjárfestingar. Þessi skipting gerir það að verkum að félagið þarf að draga úr markaðsáhættu í eignasafni sínu ef gjaldþol fer lækkandi, s.s. vegna arðgreiðslu eða endurkaupa á eigin bréfum.

Breytingar á eignaflokkaskiptingu miðuðu að því að laga fjárfestingastefnu félagsins að fjölþættara landslagi á fjármagnsmörkuðum og auka dreifingu í eignasafninu. Eignatryggð skuldabréf eru nú orðin þýðingarmikill eignaflokkur í eignasafni TM á sama tíma og dregið hefur verið úr áherslu á handbært fé, ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf. Þá var felldur út eignaflokkurinn „Vaxtafrystar eignir“ sem endurspeglar þá staðreynd að úrvinnslueignir frá efnahagshruninu árið 2008 hafa nú ekki lengur íþyngjandi áhrif á ávöxtun eignasafnsins.

Með nýfjárfestingum, arðgreiðslum og endurkaupum á eigin fé á árinu hefur handbært fé félagsins dregist talsvert saman á milli ára og eignasafnið því nú nær markmiðum fjárfestingastefnu en áður. Lækkandi hlutfall handbærs fjár eykur ávöxtun en á sama tíma er dregið úr mótaðilaáhættu á innlent bankakerfi.

Mynd 3. Fjárfestingaeignir



Tafla 10. Efnahagsreikningur (þús.kr.)

	2014	2013
Eignir		
Rekstrarfjármunir	432.223	468.096
Fjárfestingafasteignir	1.010.619	0
Viðskiptavild og óefnislegar eignir	218.357	213.791
Bundin innlán	250.863	326.719
Útlán	2.496.969	2.576.490
Verðbréf	21.725.365	18.516.909
Skatteign	49.846	0
Eignir til sölu	68.317	1.029.249
Endurtryggingaeignir	481.170	263.906
Viðskiptakröfur	3.306.486	3.165.746
Handbært fé	1.037.357	3.850.283
Eignir samtals	31.077.572	30.411.189
Eigið fé		
Hlutfé	741.602	760.394
Yfirverðsreikningur hlutafjár	1.766.599	2.230.479
Lögbundinn varasjóður	270.710	270.710
Óráðstafað eigið fé	11.180.443	10.558.475
Eigið fé hluthafa móðurfélags	13.959.354	13.820.058
Hlutdeild minnihluta	266	240
Eigið fé samtals	13.959.620	13.820.298
Skuldir		
Vátryggingaskuld	14.846.761	14.456.074
Skuldir vegna fjárfestingafasteigna	862.434	0
Skuldir vegna eigna sem er haldið til sölu	0	863.075
Skattskuldbinding	0	245.737
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	1.408.757	1.026.005
Skuldir samtals	17.117.952	16.590.891
Eigið fé og skuldir samtals	31.077.572	30.411.189

7.2.2 Skuldir

Í starfsemi félagsins felst að bæta tiltekin tjón viðskiptavina samkvæmt vátryggingasamningum. Vátryggingaskuld félagsins samanstendur annars vegar af tjónaskuld og hins vegar af iðgjaldaskuld. Tjónaskuld er mat félagsins á úppgerðum tjónum og er það stærsta skuldbinding félagsins. Fjárhæð tjónaskuldarinnar byggist á mati á endanlegum kostnaði við öll úppgerð tjón og er þar bæði um að ræða ótilkynnt tjón og tjón sem þegar hafa verið tilkynnt en eru úppgerð. Í heild nam vátryggingaskuld TM 14.847 m.kr. í árslok 2014. Í kjölfar þess að ákveðið var að meta tjónaskuld félagsins í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins breytti félagið um reikningsskilaaðferð. Við þessa breytingu færast 323 m.kr. yfir í rekstur til lækkunar á tjónum ársins 2013 og 1.567 m.kr. úr tjónaskuld þann 1.1.2013 yfir á eigið fé eða samtals 1.890 m.kr.

Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda sem tilheyrir næstu reikningsárum. Í langflestum tilfellum gerir félagið váttryggingasamninga til eins árs í senn og felur iðgjaldaskuldin þá í sér iðgjöld næsta árs, en í einstökum tilvikum getur verið um fleiri ár að ræða. Í árslok 2014 nam iðgjaldaskuld félagsins 3.731 m.kr.

Skuldir vegna fjárfestingafasteigna námu 862 m.kr. í árslok 2014. Lánin eru öll frá Íbúðalánasjóði og eru þetta einu vaxtaberandi skuldir samstæðunnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 1.409 m.kr. í árslok 2014 en auk viðskiptaskulda er um að ræða skammtímaskuldir og áfallin gjöld, skuldir vegna endurtryggingastarfsemi og ógreiddan tekjuskatt. Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir lækkuðu óverulega á árinu 2014.

Eigið fé nam 13.960 m.kr. í árslok 2014.

Aðlagð gjaldþol er eigið fé að frádregnum, tillögu um arðgreiðslu, óefnislegum eignum og eignarhlut minnihluta. Aðlagð gjaldþol TM nam 9.741 m.kr. í árslok 2014 en lágmarksfjárhæð aðlagðs gjaldþols nam 2.666 m.kr. á sama tíma. Aðlagð gjaldþol var því 3,7 sinnum lágmarkið. Kveðið er á um lágmarksgjaldþol váttryggingafélaga í 32. og 33. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Nánari sundurliðun á gjaldþoli TM er í skýringu 31 í ársreikningi fyrir árið 2014.

7.3 Sjóðstreymi

Hér eftir er umfjöllun um sjóðstreymi TM fyrir árin 2013 og 2014 en neðangreind tafla sýnir sjóðstreymi félagsins fyrir þessi tvö ár.

Tafla 11. Sjóðstreymi (þús.kr.)

	2014	2013
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	2.074.346	2.336.721
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé		
Vaxtatekjur	-454.759	-445.109
Vaxtagjöld	58.491	75.700
Afskriftir	130.752	134.785
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	-108	1.099
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skatteign, breyting	-295.584	61.182
Endurtryggingaeignir, breyting	-217.264	-3.137
Viðskiptakröfur, breyting	-140.740	71.831
Aðrar eignir, breyting	-49.687	1.112
Váttryggingaskuld, breyting	390.686	772.977
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting	633.916	177.137
Innborgaðar vaxtatekjur	466.808	488.943
Greiddir vextir	-58.494	-75.609
Greiddur tekjuskattur	-255.331	-240.330
Handbært fé frá rekstri	2.283.032	3.357.302
Fjárfestingarhreyfingar		
Rekstrarfjármunir, breyting	-25.984	-50.041

Óefnislegar eignir, kaup	-73.351	-88.065
Bundin innlán, breyting	75.856	-326.719
Útlán, breyting	67.472	221.403
Verðbréf, breyting	-3.207.873	-4.126.573
Fjárfestingarhreyfingar	-3.163.880	-4.369.995
Fjármögnunarhreyfingar		
Keypt eigin hlutabréf	-482.672	0
Arður til hluthafa	-1.448.768	0
Arður til minnihluta hluthafa í dótturfélagi	0	-1.240
Lántaka, breyting	-638	21.682
Fjármögnunarhreyfingar	-1.932.078	20.442
Lækkun á handbæru fé	-2.812.926	-992.251
Handbært fé í ársbyrjun	3.850.283	4.842.534
Handbært fé í árslok	1.037.357	3.850.283

Sjóðstreymisyfirlit er ekki jafn lýsandi um rekstur váttryggingafélags og það er um rekstur hefðbundinna rekstrarfyrirtækja, t.d. framleiðslufyrirtækja. Ástæðan er sú að fjárfestingastarfsemi er hluti af meginstarfsemi tryggingafélags og hefur tilfærsla á fjárfestingum milli fjárfestingaflokka mikil áhrif á sjóðstreymisyfirlitið. Við stýringu á eignasafni tryggingafélags er handbært fé einn af fjárfestingaflokkunum.

7.4 Yfirlit um breytingu á eigin fé 1.1.2013-31.12.2014

Neðangreind tafla sýnir breytingar á eigin fé TM á árunum 2013 og 2014.

Tafla 12. Breyting á eigin fé

Þús.kr.	Hluthafar móðurfélagsins						
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 31.12.2012	760.394	2.230.479	270.710	6.968.393	10.229.976	1.422	10.231.398
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð				1.253.419	1.253.419		1.253.419
Eigið fé 1.1.2013*	760.394	2.230.479	270.710	8.221.812	11.483.395	1.422	11.484.817
Breyting minnihluta						-1.240	-1.240
Heildarhagnaður ársins				2.336.663	2.336.663	58	2.336.721
Eigið fé 31.12.2013*	760.394	2.230.479	270.710	10.558.475	13.820.058	240	13.820.298
Eigið fé 1.1.2014	760.394	2.230.479	270.710	10.558.475	13.820.058	240	13.820.298
Keypt eigin bréf	-18.792	-463.880			-482.672		-482.672
Greiddur arður				-1.452.352	-1.452.352		-1.452.352
Heildarhagnaður ársins				2.074.320	2.074.320	26	2.074.346
Eigið fé 31.12.2014	741.602	1.766.599	270.710	11.180.443	13.959.354	266	13.959.620

Í árslok 2014 breytti samstæðan um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld og er mat á skuldinni í árslok í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins⁸. Við þessa breytingu færast 323 m.kr. yfir í rekstur til lækkunar á tjónum ársins 2013 og 1.567 m.kr. úr tjónaskuld þann 1.1.2013 yfir á eigið fé. Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð eru sundurliðuð í ofangreindri töflu.

7.5 Fjármögnun

Fjármögnun félagsins felst í tímabundnum mismun á greiddum iðgjöldum og eftirgreiddum tjónagreiðslum. Vátryggingaskuld félagsins, sem skiptist eins og áður hefur komið fram í tjónaskuld og iðgjaldaskuld, er stærsta skuldbinding félagsins og nam hún 14.847 m.kr. í árslok 2014. Jafngildir það um 48% af stærð efnahags félagsins.

Einu vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru lán sem voru yfirtekin með fasteignum sem dótturfélagið TM fé ehf. yfirtók vegna skuldauppgjors árið 2009. Lánin eru öll frá Íbúðalánasjóði og námu eftirstöðvar þeirra 862 m.kr. í árslok 2014. Jafngildir það 3% af stærð efnahags félagsins.

Félagið er jafnframt fjármagnað með eigin fé og nam það 13.960 m.kr. í árslok 2014, sem jafngildir 45% af stærð efnahags.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 1.409 m.kr. í árslok 2014 sem jafngildir 5% af stærð efnahags.

Tafla 13. Heildarskuldir í lok árs 2014 (þús.kr.)

	2014
Skuldir	
Vátryggingaskuld	14.846.761
Skuldir vegna fjárfestingafasteigna	862.434
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	1.408.757
Samtals skuldir	17.117.952

⁸ <http://www.fme.is/efirlitsstarfsemi/solvency-ii/>

7.5.1 Lausafjárstýring

Til að lágmarka lausafjánhættu hefur félagið stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir félagsins, sem eru stór hluti af heildareignum þess, sé hægt að innleysa tafarlaust. Í árslok 2014 nam handbært fé 1.037 m.kr. Til viðbótar voru eignir félagsins í skráðum verðbréfum og sjóðum á OMX Nordic sem innleysa má með litlum fyrirvara, sjá nánar um þetta skýringu 39 með ársreikningi 2014. Handbært fé í árslok 2014 jafngilti þannig um 10 mánuðum af greiddum tjónum og rekstrarkostnaði en ef litið er bæði til handbærs fjár og auðseljanlegra eigna jafngiltu þær eignir um 16,4 mánuðum af greiddum tjónum og rekstrarkostnaði.

8 AÐRAR UPPLÝSINGAR

8.1 Upplýsingar um þróun

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuð reikningsskil (ársreikningur fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014) hans voru samþykkt og birt þann 18. febrúar 2015.

8.2 Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu

Ekki hafa átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu TM og dótturfélaga síðan síðasta fjárhagstímabili lauk og síðustu reikningsskil (árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. mars 2015) hans voru samþykkt og birt þann 30. apríl 2015.

8.3 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru, í heild sinni, felld inn í lýsingu þessa með tilvísun og verða þar með hluti af henni:

- Ársreikningur 2013, dagsettur 26. febrúar 2014. Ársreikningurinn er endurskoðaður og birtur opinberlega, en hann má nálgast á vefsíðu TM (www.tm.is/arsskyrslur).
- Ársreikningur 2014, dagsettur 18. febrúar 2015. Ársreikningurinn er endurskoðaður og birtur opinberlega, en hann má nálgast á vefsíðu TM (www.tm.is/arsskyrslur).

8.4 Skjöl til sýnis

Meðan lýsingin er í gildi er heimilt að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra) sem hluta hennar. Hægt er að nálgast eftirfarandi skjöl á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda www.tm.is.

- Samþykktir útgefanda, dagsettar 20. mars 2014.
- Endurskoðaðir ársreikningar TM fyrir fjárhagsárin 2013 og 2012.



SAMÞYKKTIR
TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR HF.
eftir samþykkt aðalfundar 12. mars 2015.

I. kafli.

Nafn, heimili og tilgangur félagsins.

1. grein.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Tryggingamiðstöðin hf.

2. grein.

Heimili félagsins er að Síðumúla 24, 108 Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að hafa með höndum hvers konar váttryggingar aðrar en líftryggingar (frumtryggingar), þ.m.t. endurtryggingar, svo og hliðarstarfsemi sem heimil er að lögum.

Starfssvæði félagsins er Ísland. Starfssvæðið nær einnig til annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu að fullnægðum lagaskilyrðum þar um.

II. kafli.

Hlutafé félagsins.

4. grein.

Hlutafé félagsins er kr. 739.393.888¹ – sjö hundruð þrjátíu og níu milljónir þrjú hundruð níutíu og þrjú þúsund átta hundruð áttatíu og átta krónur – og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti.

5. grein.

Verði hlutafé aukið skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum er stjórn félagsins, í samráði við löglega boðaðan hluthafafund, setur í hvert skipti.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. grein.

Hlutir í félaginu eru gefnir út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

7. grein.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn félagsins setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast

¹ Tekið hefur verið tillit til lækkunar hlutafjár um kr. 21.000.000 sem samþykkt var á aðalfundi 12. mars 2015 en lækkunin er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 53. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

RBF
LAB
NF
De

nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn félagsins setur.

8. grein.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hlutir í félaginu veita hluthafa full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Engin sérstök réttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar verða ekki skyldaðir til að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

9. grein.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti í því.

Samþykki hluthafafundur að veita stjórn félagsins heimild lögum samkvæmt til kaupa á eigin hlutum og eftir atvikum með framkvæmd endurkaupaáætlunar skal slíkrar heimildar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.

10. grein.

Hver hluthafi er skyldur til, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af hans hálfu, að hlíta samþykktum félagsins, þeim sem nú eru settar, eða eins og þeim síðar kann að vera breytt á lögmætan hátt.

Hluthafar bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlutaeign sína í því.

Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið nema með samþykki allra hluthafa.

III. kafli.

Hluthafafundur.

11. grein.

Innan þeirra takmarka er samþykktir þessar setja hafa lögmætir hluthafafundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

12. grein.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Fyrir lok október ár hvert skal stjórn félagsins ákveða dagsetningu aðalfundar á næstkomandi ári og upplýsa um dagsetninguna á vefsíðu félagsins ásamt fresti fyrir hluthafa til að leggja fram mál eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum, sbr. 2. mgr. 15. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á.

Þá skal stjórnin og boða til aukafundar ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins krefjast þess skriflega og tilgreina ástæðu fyrir nauðsyn aukafundar. Stjórnin skal þá senda fundarboð um aukafund innan 14 daga frá því að lögmæt krafa er fram komin. Um boðun fundarins fer eftir því sem mælt er fyrir um í 13. gr. Hafi stjórnin ekki sent fundarboð innan 14 daga frá móttöku kröfunnar er heimilt að boða til fundarins skv. 1. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.

Hluthafafundir skulu haldnir á Íslandi eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

13. grein.

Til hluthafafundar skal stjórnin boða minnst þremur vikum og lengst fjórum vikum fyrir fund með auglýsingu í dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt. Dagskrár hluthafafundar skal getið í fundarboðinu auk annarra atriða sem þar skal getið lögum samkvæmt.

14. grein.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og stjórnar hann síðan kjöri fundarritara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, samkvæmt ákvæðum

RET
MHB
KF RR

þessara samþykktu og lögum, stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Hluthafar sem þess óska geta greitt atkvæði bréflega um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar, en gera skal skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki skal vera unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma til síðasta dags sem skrifstofan er opin fyrir fundardaginn. Atkvæðaseðlar þeirra hluthafa sem greiða atkvæði bréflega skulu hafa borist skrifstofu félagsins fyrir lokun skrifstofunnar síðasta dag sem hún er opin fyrir fundardaginn. Stjórn félagsins skal setja nánari reglur um atkvæðagreiðslu sem í ákvæði þessu greinir, þ. á m. við hvaða aðstæður atkvæðin nýtast ekki við atkvæðagreiðslu á fundinum.

15. grein.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðð starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir síðastliðð starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til úrskurðar.
- 3) Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu starfsári, sbr. 1. málsl. 25. gr.
- 4) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- 5) Kosning stjórnar félagsins.
- 6) Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags, sbr. 1. mgr. 23. gr.
- 7) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Eigi síðar en fjórum vikum fyrir áður tilkynntan aðalfundardag, sbr. síðari málsl. 1. mgr. 12. gr., skal hluthafi, sem þess óskar, hafa gert skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundi. Kröfunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Kröfu má gera síðar, þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn.

Á aukafundi verður tekin ákvörðun um þau mál er nefnd hafa verið í fundarboði. Hver hluthafi á þó rétt á því að fá ákveðið mál til meðferðar á aukafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn.

Um leið og boðað er til hluthafafundar skal stjórn félagsins birta á vefsíðu félagsins dagskrá fundarins og þær tillögur og ályktanir sem fyrirhugað er að leggja fyrir fundinn til samþykktar, svo og eyðublað fyrir framboð til stjórnar, sbr. 1. mgr. 16. gr.

Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir aðalfund skulu, auk fram kominna tillagna og ályktana, liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis ársreikningur/samstæðureikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu. Eigi síðar en viku fyrir aukafund skulu fram komnar tillögur og ályktanir liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis.

A.m.k. þremur dögum fyrir hluthafafund skal félagsstjórn birta á vefsíðu félagsins þær tillögur og ályktanir sem lagðar verða fyrir fundinn og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

16. grein.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund, eða aukafund þar sem kosning til stjórnar fer fram, skal tilkynna skriflega um framboð til stjórnar. Skal tilkynningin berast félagsstjórn á skrifstofu félagsins. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem stjórn félagsins lætur í té og skal vera aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

- a. nafn frambjóðanda, kennitala og heimilisfang,
- b. menntun, aðalstarf, starfsferill og reynsla,
- c. hvenær frambjóðandi var fyrst kosinn í stjórn félagsins,
- d. önnur trúnaðarstörf, þ. á m. stjórnarseta í öðrum félögum,
- e. hlutafjareign í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila,
- f. hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sem og hluthafa sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira,
- g. önnur þau atriði sem nauðsynleg eru til að leggja megi mat á óhæði stjórnarmanna og
- h. yfirlýsing um að frambjóðandi muni sitja hluthafafundinn þar sem kosningin fer fram nema lögmæt forföll hamli.

RBP
AK
K5-02

Eigi síðar en að liðnum þremur dögum eftir að framboðsfresti skv. 1. mgr. lauk skal stjórn félagsins meta hvort frambjóðandi sé óháður gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Við matið skal stjórnin einkum hafa til hliðsjónar leiðbeiningar og meginreglur um góða stjórnarhætti eins og þær eru á hverjum tíma. Um leið og matið hefur farið fram skal stjórn félagsins gera matið aðgengilegt á vefsíðu félagsins og jafnframt birta um hvern frambjóðanda þær upplýsingar sem greinir í a.- til g. liðum 1. mgr.

17. grein.

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Þá hefur stjórn félags eða sjóðs, lögráðamaður ólögráða manns, skiptaráðandi o.s.frv. heimild til að sækja hluthafafund fyrir hönd skjólstæðings síns eða látið umboðsmenn gera það fyrir sína hönd.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það vera dagsett. Umboðið gildir aldrei lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Umboðið má hvenær sem er afturkalla.

Hluthafa er heimilt að hafa með sér ráðgjafa á hluthafafundi en ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið kann að eiga sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur hlutum sem dótturfélag kann að eiga í félaginu.

18. grein.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað er gerist á hluthafafundi. Fundargerð skal lesin upp í fundarlok og borin upp til samþykktar á fundinum og síðan undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Fundargerð skal vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hluthafafundi.

IV. kafli.

Stjórn félagsins, reikningar og endurskoðun.

19. grein.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn og forstjóri (framkvæmdastjóri í skilningi hlutafélagalaga og laga um váttryggingastarfsemi) skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi til að mega gegna störfum þessum.

Þegar kosning stjórnar stendur fyrir dyrum skal þess gætt af hálfu stjórnar að í framboði verði fulltrúar af báðum kynjum þannig að tryggt sé að í stjórninni sitji eigi færri en tveir af hvoru kyni. Einnig skal þess gætt að í framboði til aðalstjórnar og varastjórnar verði fulltrúar af báðum kynjum þannig að hlutfall kynja í stjórn og varastjórn verði í heild sem jöfnust. Sé það ljóst að liðnum framboðsfresti að ekki er í kjöri nægilegur fjöldi fulltrúa af hvoru kyni eins og áskilið er samkvæmt framangreindu skal innan mánaðar boða til annars hluthafafundar til að kjósa félaginu stjórn.

Hluthafafundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil stjórnarmanna vera til næsta aðalfundar. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem kjósa á félagsstjórn. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Að lokinni kosningu skv. 3. mgr. eru réttkjörnir í stjórn þeir frambjóðendur sem flest atkvæði hafa fengið. Þó skal vikið frá atkvæðamagni að baki stjórnarmanni ef slíkt reynist nauðsynlegt til að fjöldi fulltrúa af báðum kynjum í stjórninni verði sem segir í 2. mgr. Skal þá fulltrúi eða fulltrúar þess kyns sem næstir koma í atkvæðamagni teljast rétt kjörnir þannig að tilskildum fjölda beggja kynja sé náð.

Varamenn skulu kosnir sérstaklega Auk þeirra sem hafa boðið sig fram til varastjórnar skulu vera í kjöri þeir frambjóðendur til aðalstjórnar sem ekki náðu kjöri skv. 4. mgr. óski þeir eftir því. Við kjörið skal beita sömu kosningaaðferð, sbr. 3. mgr., og beitt er við kjör aðalmanna.

RAP
AK
KF
OR

Réttkjörnir varamenn eru þeir frambjóðendur sem flest atkvæði hafa fengið. Þó skal vikið frá atkvæðamagni að baki varamanni ef slíkt reynist nauðsynlegt til að fjöldi fulltrúa af báðum kynjum í aðalstjórn og varastjórn verði sem segir í 2. málslíð 2. mgr. Skal þá fulltrúi eða fulltrúar þess kyns sem næstir koma í atkvæðamagni teljast rétt kjörnir þannig að tilskildum fjölda beggja kynja sé náð.

Á fyrsta fundi stjórnar að loknu stjórnarkjöri skal hver aðalmaður fyrir sig ákveða í hvaða röð varamenn skulu taka sæti hans í stjórn ef hann forfallast eða getur af öðrum ástæðum ekki tekið þátt í stjórnarstörfum. Ákvörðunina skal skrá í gerðabók stjórnar. Varamaður getur einungis tekið sæti eins aðalmanns hverju sinni og ætíð skal kalla til þann varamann í röðinni að tryggt sé að stjórnina skipi fulltrúar af báðum kynjum eins og greinir í 1. málslíð 2. mgr.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum. Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið eftir því sem hún telur nauðsynlegt og getur skuldbundið félagið og eigur þess þ.á.m. veðsett þær með ályktunum sínum og samningum.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna er skuldbindandi fyrir félagið. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og eru stjórnarfundir lögmætir þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur. Stjórnin skal bóka fundargerð um það er fram fer á fundum hennar og staðfestist hún með undirskrift mætttra stjórnarmanna.

20. grein.

Stjórnin kys sér formann, varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum eftir því sem henni þykir henta. Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar ef einhver stjórnarmanna, forstjóri félagsins eða endurskoðendur þess krefjast þess.

Stjórnin getur kjörið í sérstakar undirnefndir á vegum stjórnar.

21. grein.

Stjórn félagsins skal ráða forstjóra fyrir félagið og hefur heimild til að víkja honum frá starfa. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð.

22. grein.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins og forstjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Þá semur stjórn félagsins skýrslu stjórnar með ársreikningi.

23. grein.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. másl. lauk.

Endurskoðandi félagsins eða endurskoðunarfélag skal endurskoða ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal hvenær sem er hafa aðgang að bókum félagsins til eftirlits.

Um hæfi endurskoðanda eða endurskoðunarfélags fer að lögum.

24. grein.

Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans. Ársreikningurinn og skýrsla endurskoðanda skal liggja frammi að minnsta kosti vikutíma fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

25. grein.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögu um ráðstöfun hagnaðar, þ. á m. um úthlutun arðs, eða eftir atvikum hvernig mæta skal tapi. Jafnframt ákveður fundurinn hver skuli vera þóknun stjórnar fyrir starfa sinn. Arð skal greiða þegar eftir að hann hefur verið ákveðinn af aðalfundi.

RFP
WAB
sh
K-02

V. kafli.
Breytingar á samþykktum.

26. grein.

Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi sem boðaður hefur verið með löglegum fyrirvara, enda hljóti breytingin samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Tillögu að breytingum skal getið í fundarboði. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar sem tilskilið er, sbr. 13. gr., en breytingin verið samþykkt með 2/3 atkvæða mætttra hluthafa, þá skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt og það tekið fram að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nógu margir á þeim fyrri. Sé á þeim fundi greidd 2/3 atkvæða með breytingunni öðlast hún gildi án tillits til hve margir hafa sótt fundinn.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt við breytingar á 10. gr. samþykktanna. Við beitingu þeirra skal ennfremur gætt ákvæða 94. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

VI. kafli.
Slit félagsins.

27. grein.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og skal þá ákvörðun um slíkt tekin af hluthöfum er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Um slitin skal að öðru leyti farið eftir fyrir mælum XIII. kafla laga um hlutafélög og 96. gr., sbr. 93.-95. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.

VII. kafli.
Almenn ákvæði.

28. grein.

Ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og ákvæði laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi gilda um önnur atriði en þau sem fjallað er um í samþykktum þessum, eftir því sem við á.

Viðauki við samþykktirnar skv. 2. mgr. 9. greinar.

Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti samþykkt á aðalfundi 12. mars 2015..

Aðalfundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 12. mars 2015 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem reynist hærra.

Heimild til að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar samþykkt á aðalfundi 12. mars 2015.

Með vísan til heimildar stjórnar Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til kaupa á hlutum í félaginu veitir aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 12. mars 2015 stjórn félagsins heimild til að kaupa hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar er að lækka hlutafé félagsins. Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaáávarðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjöldi hluta sem keyptur skal samkvæmt endurkaupaáætluninni verður að hámarki 73.939.388 hlutir, en það jafngildir 10,0% af útgefnu hlutafé félagsins, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 1.500 milljónir króna. Hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut skal miða við

Rep
Sk
KG P.d

síðustu óháðu viðskipti eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboðið, hvort sem reynist hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2016, en þó aldrei lengur en til 31. mars 2016.

Reykjavík, 12. mars 2015.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ólafur Þórsson
Kashin Frið
Ólafur Þórsson
Ólafur Þórsson
Ólafur Þórsson

Tryggingamiðstöðin hf.
Ársreikningur samstæðunnar 2014

Tryggingamiðstöðin hf.
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Kt. 660269-2079

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur og fjárhagsleg staða 2014

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 792 millj. kr. Tekjur félagsins námu 12.368 millj. kr. á árinu. Eignir félagsins í árslok námu 26.570 millj. kr., skuldir félagsins í árslok námu 15.959 millj. kr. og eigið fé félagsins í árslok 2014 var 10.611 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall félagsins var 39,9% í árslok og gjaldþolshlutfall þess var 4,65.

Í árslok 2014 breytti samstæðan um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld og er mat á skuldinni í árslok í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins. Ástæður breytingarinnar eru þær að matsreglur Solvency II endurspeglar betur raunvirði tjónaskuldar. Þetta kallar á breytta reikningsskilaaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Við breytinguna færast 1.567 millj. kr. úr tjónaskuld þann 1.1.2013. Aðrar breytingar sem tengjast breyttum matsaðferðum á tjónaskuld, samtals 323 millj. kr. koma til lækkunar á tjónum ársins 2013. Samtals nema þessar breytingar 1.890 millj. kr.

Áhrifin af breytingunni eru sýnd í skýringu 3, en jafnframt hefur eigin fé 1.1.2013 verið breytt með tilliti til áhrifa breytinganna.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2015 verði vegna rekstrarársins 2014 greiddur 5,39 kr. arður af hverjum hlut útistandi hlutfjár til hluthafa, eða 4 millja. kr. Arðgreiðslan samsvarar 38% af eigin fé eða 6% af markaðsvirði hlutfjár í lok árs 2014. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 760 millj. kr. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq OMX Nordic Exchange. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Félagið keypti eigin hluti á árinu 2014 í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins sem hrint var í framkvæmd 2. maí sl. Félagið hefur á árinu 2014 og í byrjun árs 2015 keypt samtals 20,8 millj. hluti í félaginu fyrir samtals 537 millj. kr., sem samsvarar 99,1% af þeim eigin hlutum sem að hámarki verða keyptir samkvæmt áætluninni. Félagið á nú samtals 2,74% af heildarhlutfé félagsins. Samkvæmt endurkaupaáætluninni verða að hámarki keyptir 21 millj. hlutir og fjárhæð endurkaupanna verður aldrei meiri en 600 millj. kr. Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur á aðalfundardegi félagsins 2015 en þó aldrei síðar en 31. mars 2015 ef kaupum samkvæmt áætluninni verður ekki lokið áður.

Hlutfé félagsins skiptist í árslok á 1.660 hluthafa, en þeir voru 2.397 í ársbyrjun og fækkaði því um 737 á árinu. Tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok og hlutfallsleg eign þeirra er eftirfarandi:

Hluthafi:	Eignarhlutur í þús. kr.	Eignarhlutur í %
Lífeyrissjóður verslunarmanna	73.279	9,64
Gildi lífeyrissjóður	52.458	6,90
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild	48.240	6,34
Stefnir - ÍS 15	48.070	6,32
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	42.038	5,53
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	34.241	4,50
Virðing safnreikningur	21.143	2,78
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	20.268	2,67
Stafir lífeyrissjóður	20.059	2,64
Stapi lífeyrissjóður	18.903	2,49
	<hr/>	
Aðrir hluthafar	381.695	50,19
Heildar útgefið hlutfé	760.394	100,00

Frekari upplýsingar um hlutfé eru í skýringu 27 og á heimasíðu félagsins, www.tm.is.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórnarhættir

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra. Stjórn hefur skipað starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd sem hittir innri og ytri endurskoðendur reglulega og eru reglur nefndanna aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgir "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja", sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (síðast útgefnar í mars 2012). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í ársreikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2014, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við. Vísað er í skýringar 31 - 36 um áhættustýringu félagsins.

Stjórn og forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar hf. hafa í dag farið yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 18. febrúar 2015

Stjórn:


Órvar Kærnested



Bjarki Már Baxter




Kristín Friðgeirsdóttir



Andri Þór Guðmundsson



Bryndis Hrafnkelsdóttir



Forstjóri:

Sigurður Viðarsson



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar og forstjóra

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18. febrúar 2015

KPMG ehf.

Helgi F. Arnarson

Hrafnhildur Helgadóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2014

	Skýr.	2014	2013*
Iðgjöld ársins		11.561.447	11.870.542
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(554.158)	(606.893)
Eigin iðgjöld	11	11.007.289	11.263.649
Fjármunatekjur	12	1.279.434	1.617.551
Aðrar tekjur		81.640	41.510
Heildartekjur		12.368.363	12.922.710
Tjónakostnaður		(9.349.543)	(8.421.489)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		733.299	391.587
Eigin tjón	13	(8.616.244)	(8.029.902)
Rekstrarkostnaður	14	(2.773.157)	(2.812.678)
Vaxtagjöld		(6.382)	(2.551)
Virðisrýrnun fjáreigna	16	9.368	(19.690)
Heildargjöld		(11.386.415)	(10.864.821)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		981.948	2.057.889
Tekjuskattur	18	(190.418)	(188.912)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		791.530	1.868.977
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	17	1,05	2,12

* Í árslok 2014 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld. Samanburðartölum vegna ársins 2013 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Vísað er í skýringu 3 um áhrif breytingarinnar.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 34 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013	1.1.2013*
Eignir				
Rekstrarfjármunir	21	432.223	468.096	496.303
Fjárfestingafasteignir	22	1.010.619	0	0
Viðskiptavild og óefnislegar eignir	23	218.357	213.791	183.362
Bundin innlán		250.863	326.719	0
Útlán	24	2.496.969	2.576.490	2.841.727
Verðbréf	25	21.725.365	18.516.909	14.390.337
Skatteign	26	49.846	0	0
Eignir til sölu	27	68.317	1.029.249	1.030.361
Endurtryggingæignir	28	481.170	263.906	260.769
Viðskiptakröfur	29	3.306.486	3.165.746	3.237.578
Handbært fé		1.037.357	3.850.283	4.842.534
Eignir samtals		31.077.572	30.411.189	27.282.971
Eigið fé				
Hlutafé		741.602	760.394	760.394
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.766.599	2.230.479	2.230.479
Lögbundinn varasjóður		270.710	270.710	270.710
Óráðstafað eigið fé		11.180.443	10.558.475	8.221.812
Eigið fé hluthafa móðurfélags		13.959.354	13.820.058	11.483.395
Hlutdeild minnihluta		266	240	1.422
Eigið fé samtals	30,31	13.959.620	13.820.298	11.484.817
Skuldir				
Vátryggingaskuld	32	14.846.761	14.456.074	13.683.096
Skuldir vegna fjárfestingafasteigna	33	862.434	0	0
Skuldir vegna eigna sem haldið er til sölu	27	0	863.075	841.302
Skattskuldbinding	25	0	245.737	184.557
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	34	1.408.757	1.026.005	1.089.199
Skuldir samtals		17.117.952	16.590.891	15.798.154
Eigið fé og skuldir samtals		31.077.572	30.411.189	27.282.971

* Í árslok 2014 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld. Samanburðartölum vegna ársins 2013 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Vísað er í skýringu nr. 3 um áhrif breytingarinnar.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 37 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Eiginfjáryfirlit árið 2014

	Hluthafar móðurfélagsins					Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
	Hlutfé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals		
Eigið fé 31.12.2012	760.394	2.230.479	270.710	6.968.393	10.229.976	1.422	10.231.398
Áhrif breytinga á reikningsskila- aðferð				1.253.419	1.253.419		1.253.419
Eigið fé 1.1.2013*	760.394	2.230.479	270.710	8.221.812	11.483.395	1.422	11.484.817
Breyting minnihluta						(1.240)	(1.240)
Heildarhagnaður ársins				2.336.663	2.336.663	58	2.336.721
Eigið fé 31.12.2013*	760.394	2.230.479	270.710	10.558.475	13.820.058	240	13.820.298
Eigið fé 1.1.2014	760.394	2.230.479	270.710	10.558.475	13.820.058	240	13.820.298
Keypt eigin bréf	(18.792)	(463.880)			(482.672)		(482.672)
Greiddur arður				(1.452.352)	(1.452.352)		(1.452.352)
Heildarhagnaður ársins				2.074.320	2.074.320	26	2.074.346
Eigið fé 31.12.2014	741.602	1.766.599	270.710	11.180.443	13.959.354	266	13.959.620

* Í árslok 2014 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld. Samanburðartölum vegna ársins 2013 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Vísað er í skýringu nr. 3 um áhrif breytingarinnar.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 37 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2014

	Skýr.	2014	2013*
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.074.346	2.336.721
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Vaxtatekjur	12 (454.759)	(445.109)
Vaxtagjöld	17	58.491	75.700
Afskriftir	21,23	130.752	134.785
(Sóluhagnaður) -tap rekstrarfjármuna	(108)	1.099
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skatteign, breyting	(295.584)	61.182
Endurtryggingaeignir, breyting	(217.264)	(3.137)
Viðskiptakröfur, breyting	(140.740)	71.831
Aðrar eignir, breyting	(49.687)	1.112
Vátryggingaskuld, breyting		390.686	772.977
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting		633.916	177.137
Innborgaðar vaxtatekjur		466.808	488.943
Greiddir vextir	(58.494)	(75.609)
Greiddur tekjuskattur	(255.331)	(240.330)
Handbært fé frá rekstri		2.283.032	3.357.302
Fjárfestingarhreyfingar			
Rekstrarfjármunir, breyting	21 (25.984)	(50.041)
Óefnislegar eignir, kaup	23 (73.351)	(88.065)
Bundin innlán, breyting		75.856	(326.719)
Útlán, breyting		67.472	221.403
Verðbréf, breyting	(3.207.873)	(4.126.573)
Fjárfestingarhreyfingar	(3.163.880)	(4.369.995)
Fjármögnunarhreyfingar			
Keypt eigin hlutabréf	(482.672)	0
Arður til hluthafa	(1.448.768)	0
Arður til minnihluta hluthafa í dótturfélagi		0	(1.240)
Lántaka, breyting	(638)	21.682
Fjármögnunarhreyfingar	(1.932.078)	20.442
Lækkun á handbæru fé	(2.812.926)	(992.251)
Handbært fé í ársbyrjun		3.850.283	4.842.534
Handbært fé í árslok		1.037.357	3.850.283

* Í árslok 2014 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld. Samanburðartölum vegna ársins 2013 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Vísað er í skýringu nr. 3 um áhrif breytingarinnar.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 37 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Tryggingamiðstöðin hf. („Félagið“) er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Síðumúla 24 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2014 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“. Aðalstarfsemi félagsins felst í skaðatryggingarekstri, líftryggingarekstri og fjármálastarfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. staðfesti ársreikninginn þann 18. febrúar 2015.

3. Breyting á reikningsskilaaðferð

Í árslok 2014 breytti samstæðan um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld og er mat á skuldinni í árslok í samræmi við matsreglur Solvency II, sjá nánar í skýringu 32. Áhrif breytingarinnar er eftirfarandi:

	Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð		
	Áður birtar fjárhæðir 2013	Áhrif breytinga á reiknings-skilaaðferð	Uppfærð staða 2013
Rekstrarreikningur			
Eigin tjón.....	(8.422.494)	323.681	(8.098.813)
Tekjuskattur.....	(191.265)	(64.736)	(256.001)
Samtals.....	(8.613.759)	258.945	(8.354.814)
	Áður birtar fjárhæðir 31.12.2012	Áhrif breytinga á reiknings-skilaaðferð	Uppfærð staða 1.1.2013
Efnahagsreikningur			
Skatteign.....	128.798	(313.355)	(184.557)
Aðrar eignir.....	27.282.971	-	27.282.971
Eignir samtals.....	27.411.769	(313.355)	27.098.414
Óráðstafað eigið fé.....	6.968.393	1.253.419	8.221.812
Aðrir eiginfjárlíðir.....	3.263.005	-	3.263.005
Eigið fé samtals.....	10.231.398	1.253.419	11.484.817
Vátryggingaskuld.....	15.249.870	(1.566.774)	13.683.096
Aðrar skuldir.....	1.930.501	-	1.930.501
Skuldir samtals.....	17.180.371	(1.566.774)	15.613.597

4. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum, nema annað sé tekið fram.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

6. Grundvöllur samstæðu

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara eigna.

7. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur félagsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf og fjárfestingafasteignir eru færð á gangvirði.

8. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Lykilþættir í óvissu á mati

(i) Endanleg skuldbinding vegna tjónabóta

Mat á skuldbindingu vegna væntra endanlegra tjónabóta samstæðunnar vegna gerðra tryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu.

(ii) Ákvörðun á gangvirði fjáreigna

Eins og fram kemur í skýringu 24 eru verðbréf samstæðunnar að langmestu leyti metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Aðferðir við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggja á viðurkenndum matsaðferðum.

Mat á gangvirði er gert á ákveðnum tímapunkti sem tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, t.d. vaxtaþrósetum, flökki, mati á sjóðstreymi og fleiri þáttum.

(iii) Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Niðurfærsluþörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin eins og fram kemur í skýringu 18. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðstreymi af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðstreymi, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga.

9. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust fyrir 1. janúar 2014, Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2015, en heimilt er að taka upp fyrr. Ekki er talið að áhrif þeirra á reikningsskil samstæðunnar séu veruleg.

Skýringar, frh.:

10. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar þar sem skyldar vörur eða þjónusta er flokkuð saman (rekstrarstarfsþáttur). Starfsþáttayfirlit er yfirlit um rekstrarstarfsþætti, sem byggir á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Starfsþættirnir eru skaðatrygginga-, líffrygginga- og fjármálarekstur, en einnig er sýnd skipting eftir flokkum váttryggingagreina.

Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir taka til liða sem heyrja beint undir ákveðna starfsþætti.

Rekstrarstarfsþættir

Eftirfarandi þættir eru megin starfsþættir í rekstri félagsins:

Rekstrarstarfsþættir

	Skaðatryggingarekstur		Líftryggingarekstur		Fjármálarekstur		Samstæða	
	2014	2013*	2014	2013*	2014	2013*	2014	2013*
Iðgjöld ársins	11.560.702	11.869.819	393.048	382.581	0	0	11.953.750	12.252.399
Hluti endurtrygginga í iðgjaldtekjum	(554.158)	(606.893)	(94.210)	(110.740)	0	0	(648.369)	(717.633)
Fjármunatekjur	171.671	713.927	1.976	7.753	2.312.683	1.372.105	2.486.330	2.093.785
Tekjur af fjárfestingafasteignum	0	0	0	0	128.479	0	128.479	0
Aðrar tekjur	0	0	0	0	81.640	112.690	81.640	112.690
Heildartekjur	11.178.215	11.976.853	300.814	279.594	2.522.802	1.484.795	14.001.830	13.741.241
Tjónakostnaður	(9.333.041)	(8.412.851)	(109.748)	(136.003)	0	0	(9.442.789)	(8.548.854)
Hluti endurtrygginga í tjónakostnaði	733.299	391.587	55.090	58.453	0	0	788.389	450.041
Rekstrararkostnaður	(2.460.352)	(2.462.417)	(73.672)	(102.558)	(339.220)	(382.091)	(2.873.243)	(2.947.065)
Vaxtagjöld	0	0	0	0	(58.491)	(75.700)	(58.491)	(75.700)
Virðisyrnun fjáreigna	0	0	0	0	873	(26.941)	873	(26.941)
Rekstrarafkoma	118.121	1.493.172	172.484	99.486	2.125.964	1.000.063	2.416.569	2.592.722
Tekjuskattur							(342.223)	(256.001)
Hagnaður ársins	118.121	1.493.172	172.484	99.486	2.125.964	1.000.063	2.074.346	2.336.721
Heildareignir	14.631.946	14.226.796	214.815	229.279	16.230.811	15.955.114	31.077.572	30.411.189
Heildarskuldir	14.631.946	14.226.796	214.815	229.279	2.271.191	2.134.817	17.117.952	16.590.891

* Samanburðarfjárhæðum vegna 2013 hefur verið breytt frá áður birtum ársreikningi 2013 í samræmi við skýringu 3.

Skýringar, frh.:

10. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Skæðatryggingarekstur samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Árið 2014:

	Eigna- tryggingar	Sjó-, flug- og farm-tryggingar	Ökutækja- tryggingar	Ábyrgða- tryggingar	Slysa- og sjúkra- tryggingar	Frum-tryggingar samtals	Endur- tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins	2.412.949	2.096.848	4.873.104	629.108	1.548.693	11.560.702	0	11.560.702
Eigin iðgjöld	2.168.478	1.861.821	4.860.741	591.042	1.524.462	11.006.544	0	11.006.544
Fjármunatekjur	15.169	11.992	83.993	16.358	44.160	171.671	0	171.671
Eigin tjón	(1.785.098)	(1.291.189)	(4.091.521)	(497.465)	(960.099)	(8.625.372)	25.630	(8.599.742)
Rekstrarkostnaður	(427.734)	(374.268)	(1.280.156)	(86.406)	(291.788)	(2.460.352)	0	(2.460.352)
Rekstrarafkoma	(29.185)	208.356	(426.943)	23.529	316.735	92.491	25.630	118.121

Árið 2013*:

Iðgjöld ársins	2.359.995	2.065.674	4.801.297	635.753	2.007.100	11.869.819	0	11.869.819
Eigin iðgjöld	2.189.743	1.706.765	4.788.282	597.216	1.980.921	11.262.926	0	11.262.926
Fjármunatekjur	62.464	52.914	338.290	63.563	196.696	713.927	0	713.927
Eigin tjón	(1.236.381)	(1.423.572)	(3.649.086)	(218.956)	(1.501.907)	(8.029.902)	8.638	(8.021.264)
Rekstrarkostnaður	(442.238)	(295.058)	(1.332.935)	(88.365)	(303.820)	(2.462.417)	0	(2.462.417)
Rekstrarafkoma	573.588	41.049	144.551	353.458	371.890	1.484.534	8.638	1.493.172

* Samanburðarfjárhæðum vegna 2013 hefur verið breytt frá áður birtum ársreikningi 2013 í samræmi við skýringu 3.

Skýringar, frh.:

	2014	2013
11. Eigin iðgjöld		
Bókfærð iðgjöld	12.349.298	12.569.809
Hluti endurtryggjenda	(641.173)	(720.183)
Breyting á iðgjaldaskuld	(395.548)	(317.410)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	(7.196)	2.550
Eigin iðgjöld samtals	<u>11.305.381</u>	<u>11.534.766</u>
12. Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innfela vexti af fjáreignum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Gangvirðisbreytingar fjárfestinga samanstanda af söluhagnaði verðbréfa, gangvirðisbreytingum fjárfestinga og vaxta- og arðstekjum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsréttur stofnast. Gengismunur samanstendur af breytingum eigna í erlendum gjaldmiðlum og er færður meðal fjármunatekna í rekstri.		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	74.025	171.977
Vaxtatekjur af útlánnum	196.312	261.644
Aðrar vaxtatekjur	216.611	213.945
Gangvirðisbreytingar verðbréfa	2.031.571	1.648.676
Gengismunur	(32.189)	(202.457)
Fjármunatekjur samtals	<u>2.486.330</u>	<u>2.093.785</u>
13. Fjárfestingatekjur af fjárfestingafasteignum		
Matsbreyting	56.379	0
Húsaleigutekjur	72.100	0
Fjárfestingatekjur af fjárfestingafasteignum samtals	<u>128.479</u>	<u>0</u>
14. Eigin tjón		
Bókfærð tjón*	(9.446.703)	(8.091.090)
Hluti endurtryggjenda	584.936	449.454
Breyting á tjónaskuld	3.914	(457.764)
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	203.453	587
Eigin tjón samtals	<u>(8.654.400)</u>	<u>(8.098.813)</u>
*Samanburðarfjárhæðum vegna 2013 hefur verið breytt frá áður birtum ársreikningi 2013 í samræmi við skýringu 3.		
15. Rekstrarkostnaður		
Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, markaðskostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum fastafjármuna og öðrum kostnaði.		
Laun og tengd gjöld	1.517.768	1.546.307
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.355.475	1.400.758
Rekstrarkostnaður samtals	<u>2.873.243</u>	<u>2.947.065</u>

Skýringar, frh.:

	2014	2013
16. Laun og launatengd gjöld		
Laun	1.200.313	1.207.922
Lífeyrisiðgjöld	122.332	121.252
Tryggingagjald og fjársýsluskattur	177.343	198.980
Önnur launatengd gjöld	17.780	18.153
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.517.768</u>	<u>1.546.307</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	129	132

Stjórn TM hefur samþykkt reglur um kaupaukakerfi í samræmi við gildandi reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 299/2012. Greiðslur á árinu samkvæmt þessu kerfi nema 16 millj. kr. Möguleg heildarskuldbinding vegna ógreiddra kaupauka nemur 47 millj. kr.

17. Vaxtagjöld		
Vaxtagjöld af bankalánum	51.901	73.014
Önnur vaxtagjöld	6.590	2.686
Vaxtagjöld samtals	<u>58.491</u>	<u>75.700</u>

18. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna, geta verið greiðslufall eða vanræksla lántakenda, skilmálabreytingar lánveitinga eða fyrirgreiðslna samstæðunnar á kjörum sem samstæðan myndi annars ekki veita, vísbendingar um að lántaki eða útgefandi verðbréfa stefni í gjaldþrot, að virkur markaður sé ekki lengur til staðar fyrir verðbréf, eða önnur sjáanleg gögn vegna hóps eigna eins og óhagstæðar breytingar á greiðslugetu lántakenda eða útgefenda verðbréfa í eigu samstæðunnar, eða efnahagslegar aðstæður séu í samhengi við greiðslufall innan samstæðunnar.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega. Virðisrýrnun fjáreigna er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun útlána, breyting	524	48.413
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	(1.397)	(21.472)
Virðisrýrnun samtals	<u>(873)</u>	<u>26.941</u>

19. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað með meðaltalsfjölda hluta á árinu.

Hagnaður.....	2.074.320	2.336.663
Meðalfjöldi hluta á árinu.....	753.555	760.394
Grunnhagnaður á hlut.....	<u>2,75</u>	<u>3,07</u>

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

Skýringar, frh.:

20. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu á árinu 2015, sérstökum fjársýsluskatti og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um aðra heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstími, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Sérstakur fjársýsluskattur er lagður á tekjuskattstofn umfram einn milljarð króna.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörstími.

Tekjuskattur í rekstrarreikningi skiptist þannig:	2014	2013*
Tekjuskattur til greiðslu	559.157	195.474
Sérstakur fjársýsluskattur	78.649	0
Mismunur á áætluðum og álögðum sköttum	0	(653)
Frestaður tekjuskattur ársins	(295.583)	61.180
Tekjuskattur samtals	<u>342.223</u>	<u>256.001</u>

Virkt skatthlutfall:		2014		2013*
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>2.416.569</u>		<u>2.592.722</u>
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	483.314	20,0%	518.544
Sérstakur fjársýsluskattur	3,3%	78.649	0,8%	0
Mismunur á áætluðum og álögðum sköttum	-	0	-	(653)
Ófrádráttarþær kostnaður	0,0%	19	0,9%	12.354
Óskattskyldar tekjur	(9,1%)	(220.282)	(3,1%)	(219.333)
Aðrir liðir	0,0%	523	(6,4%)	(54.911)
Virkt skatthlutfall*	14,2%	<u>342.223</u>	12,2%	<u>256.001</u>

*Samanburðarfjárhæðum vegna 2013 hefur verið breytt frá áður birtum ársreikningi 2013 í samræmi við skýringu 3.

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Afskrifaðferð, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstími og breytt ef við á. Áætlaður nýtingartími og afskriftarhlutföll greinast þannig:

	Nýtingar- tími	Afskrifta- hlutföll
Fasteignir	17-33 ár	3 - 6%
Aðrir rekstrarfjármunir	3-10 ár	10 - 33%

Skýringar, frh.:

21. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	Fasteignir	Skrifstofu- áhöld, tölvu- búnaður og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	162.879	655.885	818.764
Viðbót á árinu 2013.....	0	58.141	58.141
Selt og aflagt á árinu 2013.....	0 (26.198) (26.198)
Heildarverð 31.12.2013.....	162.879	687.828	850.707
Afskrifað áður.....	102.356	220.106	322.462
Afskrifað á árinu	3.466	73.683	77.149
Selt og aflagt á árinu 2013.....	0 (16.999) (16.999)
Afskrifað samtals 31.12.2013.....	105.822	276.790	382.612
Bókfært verð 31.12.2013.....	57.057	411.038	468.096
Heildarverð 1.1.2014.....	162.879	687.828	850.707
Viðbót á árinu 2014.....	0	32.984	32.984
Selt og aflagt á árinu 2014.....	0 (35.173) (35.173)
Heildarverð 31.12.2014.....	162.879	685.639	848.518
Afskrifað áður.....	105.822	276.790	382.612
Afskrifað á árinu	3.466	58.500	61.966
Selt og aflagt á árinu 2014.....	0 (28.282) (28.282)
Afskrifað samtals 31.12.2014.....	109.288	307.008	416.296
Bókfært verð 31.12.2014.....	53.591	378.631	432.223

Fasteignamat fasteigna í árslok 2014 nam 117 millj. kr. og lóða 19 millj. kr. eða samtals 136 millj. kr. og váttryggingamat eignanna var á sama tíma 242 millj. kr.

22. Fjárfestingafasteignir

Fjárfestingafasteignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IAS 40 Fjárfestingareignir og IFRS 13 Mat á gangvirði. Allar fjárfestingafasteignir falla undir þrep 2 í flokkunarkerfi gangvirðismats. Mat á fjárfestingafasteignum er unnið af starfsmönnum félagsins. Byggt er á forsendum við ákvörðun gangvirðis fjárfestingafasteigna sem háðar eru mati stjórnenda og því kann raunverulegt söliverð að vera frábrugðið matinu. Við matið er notast við markaðsverð sambærilegra eigna.

Niðurstaða matsins var hækkun á mati fjárfestingafasteigna að fjárhæð 56 millj. kr.

Fjárfestingafasteignir greinast þannig:

Endurflokkað úr eignum haldið til sölu.....	954.240
Matsbreyting.....	56.379
Bókfært verð 31.12.2014.....	1.010.619

Í árslok eru fjárfestingafasteignirnar veðsettar til tryggingar á skuldum félagsins að fjárhæð 862 millj. kr.

Fasteignamat fjárfestingafasteigna nam í árslok samtals 1.145 millj. kr.

Skýringar, frh.:

23. Viðskiptavild og óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Viðskiptavild félagsins er vegna kaupa á líftryggingastarfsemi samstæðunnar. Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi eininga er byggð á útreikningi á nýtingarvirði. Við þessa útreikninga eru notaðar sjóðstreymisspar byggðar á raunverulegum rekstrarniðurstöðum og fimm ára viðskiptaáætlun. Áætlanir um sjóðstreymi til framtíðar eru framreiknaðar með því að nota meðalvaxtarhraða í þeirri grein sem félagið starfar. Vegin ávöxtunarkrafa hefur verið notuð til að núvirða áætlanir um framtíðarsjóðstreymi.

Virðisrýrnunarpróf eru gerð árlega á viðskiptavild. Bókfært verð annarra eigna félagsins er kannað á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef svo reynist, er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildar og óefnislegra eigna sem ekki hafa skilgreindan líftíma er metin á hverjum uppgjörssdegi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópi eigna.

Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar er ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á grundvelli kostnaðarverðs búnaðarins ásamt kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er færður sem óefnisleg eign og afskrifaður miðað við áætlaðan nýtingartíma hans, sem eru 3 ár. Afskriftir eru hluti af liðnum rekstrarkostnaður.

Viðskiptavild og óefnislegar eignir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2013.....	99.916	162.907	262.823
Viðbót á árinu 2013.....	0	88.065	88.065
Selt og aflagt á árinu 2013.....	0 (49.140) (49.140)
Heildarverð 31.12.2013.....	99.916	201.832	301.748
Afskrifað áður.....	0	79.461	79.461
Afskrifað á árinu	0	57.636	57.636
Selt og aflagt á árinu 2013.....	0 (49.140) (49.140)
Afskrifað samtals 31.12.2013.....	0	87.957	87.957
Bókfært verð 31.12.2013.....	99.916	113.875	213.791
Heildarverð 1.1.2014.....	99.916	201.832	301.748
Viðbót á árinu 2014.....	0	73.351	73.351
Selt og aflagt á árinu 2014.....	0 (55.856) (55.856)
Heildarverð 31.12.2014.....	99.916	219.327	319.243
Afskrifað áður.....	0	87.957	87.957
Afskrifað á árinu	0	68.785	68.785
Selt og aflagt á árinu 2014.....	0 (55.856) (55.856)
Afskrifað samtals 31.12.2014.....	0	100.886	100.886
Bókfært verð 31.12.2014.....	99.916	118.441	218.357
Afskriftahlutföll		33%	

Skýringar, frh.:

24. Fjáreignir og fjárskuldir

a. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, útlán, viðskiptakröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar / lækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

(iii) Verðbróf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið tilgreind þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iv) Útlán og viðskiptakröfur

Útlán og viðskiptakröfur eru fjármálagerningar sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði.

Útlán eru færð þegar þau eru greidd til lántakenda. Þau eru upphaflega færð á gangvirði, sem er upphafleg lánsfjárhæð að frádragnum viðskiptakostnaði, en eru eftir það færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Útlán og viðskiptakröfur eru afskráð þegar greiðsluflæði þeirra stöðvast og engar raunhæfar líkur eru taldar á innheimtu eða þegar samstæðan hefur flutt stærstan hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds annað.

(v) Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádragnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættu yfirverði eða frádragnum uppsöfnuðum affóllum sem fundin eru með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádraginni virðisrýrnun.

(vi) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Skýringar, frh.:

24. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

b. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

Verðbréf í efnahagsreikningi eru fjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfum og verðbréfasjóðum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörssdegi án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fánlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðstreymi, verðmyndunarlíkan valréttá eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðstreymisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðar sjóðstreymi byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa, sem notuð er, eru markaðsvertir sambærilegs gernings á uppgjörssdegi. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er hlutfallið lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbréfa.

c. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun félagsins á fjáreignum og fjárskuldum.

	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði	Útlán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
31. desember 2014				
Bundin innlán		250.863	250.863	
Útlán		2.496.969	2.496.969	
Verðbréf	21.484.127	241.238	21.725.365	21.725.365
Aðrar eignir		3.787.656	3.787.656	
Handbært fé		1.037.357	1.037.357	
Fjáreignir samtals	21.484.127	7.814.083	29.298.210	21.725.365
Skuldir vegna fjárfestingafasteigna		(862.434)	(862.434)	
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		(1.408.757)	(1.408.757)	
Fjáreignir - fjárskuldir	21.484.127	5.542.892	27.027.019	21.725.365
31. desember 2013				
Bundin innlán		326.719	326.719	
Útlán		2.576.490	2.576.490	
Verðbréf	18.275.672	241.237	18.516.909	18.516.909
Aðrar eignir		3.429.652	3.429.652	
Handbært fé		3.850.283	3.850.283	
Fjáreignir samtals	18.275.672	10.424.381	28.700.053	18.516.909
Skuldir vegna eigna sem haldið er til sölu		(863.075)	(863.075)	
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		(1.026.005)	(1.026.005)	
Fjáreignir - fjárskuldir	18.275.672	8.535.301	26.810.973	18.516.909

Samstæðan birtir ekki gangvirði annarra fjáreigna þar sem bókfært verð þeirra er talið endurspegla gangvirðið.

Skýringar, frh.:

24. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

d. Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: forsendur byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Vísað er í skýringu 24.b (i) varðandi grundvöll mats á gangvirði fjáreigna.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
31. desember 2014				
Fjáreignir á gangvirði	17.367.942	526.400	3.831.023	21.725.365
31. desember 2013				
Fjáreignir á gangvirði	14.007.959	2.433.463	2.075.487	18.516.909

Á árinu 2014 var gerð breyting á flokkun eigna vegna breytinga á aðferðum við mat á gangvirði þeirra. Eignir sem teknar voru til viðskipta í kauphöll á árinu og færast í stig 1 nema 492 millj. kr.

Breyting á eignum sem falla undir stig 3:

Staða 1.1.	2.075.487
Keypt	1.712.494
Selt/afborganir	(257.086)
Vextir og matsbreytingar	300.128
Staða 31.12	3.831.023

	2014	2013
e. Útlán greinast þannig:		
Skuldabréf með veðtryggingu	2.478.754	2.598.453
Önnur útlán	160.215	183.037
Útlán samtals	2.638.969	2.781.490
Afskriftareikningur útlána.....	(142.000)	(205.000)
Útlán samkvæmt efnahagsreikningi.....	2.496.969	2.576.490

	Almenn niðurfærsla	Sértæk niðurfærsla	Samtals
f. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:			
Afskriftareikningur útlána 1. janúar 2013	119.345	163.655	283.000
Afskrifað endanlega á árinu	(127.627)	(127.627)	(127.627)
Innborgað á árinu, áður afskrifað		1.214	1.214
Virðisrýrnun útlána á árinu, breyting	(24.840)	73.253	48.413
Afskriftareikningur útlána 31. desember 2013	94.505	110.495	205.000
Afskrifað endanlega á árinu	(65.417)	(65.417)	(65.417)
Innborgað á árinu, áður afskrifað		1.893	1.893
Virðisrýrnun útlána á árinu, breyting	1.946	(1.422)	524
Afskriftareikningur útlána 31. desember 2014	96.451	45.549	142.000

Skýringar, frh.:

	2014	2013
25. Verðbréf		
<i>Ríkistryggðar fjáreignir</i>		
Ríkistryggð verðbréf	4.022.865	3.243.288
Ríkisverðbréfasjóðir	1.423.476	1.046.999
<i>Skuldabréf</i>		
Eignatryggð skuldabréf	3.508.776	2.776.880
Önnur skuldabréf	1.041.753	799.262
<i>Hlutabréf</i>		
Skráð hlutabréf	2.464.361	2.814.175
Óskráð hlutabréf	2.949.256	1.310.667
<i>Hlutdeildarskrteini</i>		
Hlutabréfasjóðir	1.722.022	1.353.780
Skuldabréfasjóðir	2.110.117	3.262.972
<i>Önnur verðbréf</i>		
Önnur verðbréf	2.482.739	1.908.886
Verðbréf samtals	<u>21.725.365</u>	<u>18.516.909</u>

26. Skatteign

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Skatteign 1.1.....	(245.737)	(184.557)
Tekjuskattur ársins.....	(342.223)	(256.001)
Tekjuskattur til greiðslu.....	637.806	195.474
Aðrir liðir.....	0	(653)
Skatteign 31.12.....	<u>49.846</u>	<u>(245.737)</u>

Skatteign greinist í eftirtalda liði:

Rekstrarfjármunir.....	(71.667)	(65.774)
Viðskiptakröfur.....	87.127	99.751
Aðrir liðir.....	33.609	(322.354)
Yfirfæranlegt skattalegt tap.....	777	42.640
Skatteign í árslok.....	<u>49.846</u>	<u>(245.737)</u>

27. Eignir / skuldir vegna eigna sem haldið er til sölu

Eignir sem haldið er til sölu eru fullnustueignir sem félagið hefur yfirtekið vegna uppgjörs krafna.

<i>Eignir</i>		
Fasteignir	58.500	1.012.740
Bífreiðar	9.817	16.509
	<u>68.317</u>	<u>1.029.249</u>
<i>Skuldir</i>		
Fasteignalán	0	863.075
	<u>0</u>	<u>863.075</u>

Á árinu var ákveðið að færa hluta fasteigna sem flokkaðar höfðu verið sem eignir haldið til sölu yfir í flokk fjárfestingarfasteigna. Endurflokkun skulda vegna eigna haldið til sölu var gerð til samræmis.

Skýringar, frh.:

28. Endurtryggingaeygnir

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð.

	2014	2013
Hluttur endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	48.227	55.423
Hluttur endurtryggjenda í tjónaskuld	432.943	208.483
Endurtryggingaeygnir samtals.....	481.170	263.906

29. Viðskiptakröfur

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Vísað er í skýringu 18 varðandi mat á virðisrýrnun viðskiptakrafna á árinu.

Viðskiptakröfur vegna váttryggingastarfsemi	3.057.550	2.936.382
Aðrar kröfur	248.936	229.364
Viðskiptakröfur samtals	3.306.486	3.165.746

Afskriftareikningur viðskiptakrafna

Staða 1.1.....	140.751	193.582
Virðisrýrnun á árinu.....	(1.397)	(21.472)
Endanlega tapað.....	(10.933)	(31.359)
Staða 31.12.....	128.421	140.751

30. Hlutfé og varasjóðir

Hlutfé

Heildarhlutfé, samþykkt og útgefið af félaginu í árslok 2014, er 760 millj. hluta að nafnvirði 1 króna hver. Hverjum einnar krónu hlut fylgir eitt atkvæði og eiga hluthafar þannig rétt á einu atkvæði á hlut á félagsfundum. Greitt hefur verið fyrir alla hluti að fullu. Félagið á eigin hlutabréf að nafnvirði 18,8 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé.

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af aðalfundi. Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 má einungis úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem kveðið er á um samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Yfirverð

Yfirverð er munurinn á söluverði sem félagið fékk við útgáfu á hlutfé og nafnvörðs útgefina hluta, að frádrögnum kostnaði við útgáfu nýrra hluta að teknu tilliti til skattáhrifa og kaupverði eigin hluta umfram nafnvörð þeirra.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundni varasjóðurinn er stofnaður í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði félagsins, sem ekki er ráðstafað á móti tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé félagsins. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé félagsins.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er óráðstafaður hagnaður og tap samstæðunnar frá stofnun félagsins að frádrögnum framlögum í varasjóð.

Skýringar, frh.:

31. Gjaldþol

Aðlagð gjaldþol samstæðunnar (sbr. 31. gr. laga 56/2010) er 9.329 millj.kr. (2013: 11.965 millj.kr.). Lágmarksfjárhæð aðlagðs gjaldþols (sbr. 86. gr.) er 2.666 millj.kr. (2013: 2.713 millj.kr.). Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé greinist þannig:

	2014	2013*
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.....	13.959.620	13.820.298
Tillaga um arðgreiðslu.....	(4.000.000)	(1.452.352)
Óefnislegar eignir.....	(218.357)	(213.791)
Eignarhlutur minnihluta.....	(266)	(240)
Gjaldþol.....	<u>9.740.997</u>	<u>12.153.915</u>

*Samanburðarfjárhæðum vegna 2013 hefur verið breytt frá áður birtum ársreikningi 2013 í samræmi við skýringu 3.

Lágmarksgjaldþol samstæðunnar er samanlagður hlutur móðurfélagsins í lágmarksgjaldþoli einstakra váttryggingafélaga í samstæðunni:

Tryggingamiðstöðin hf. (móðurfélag).....	2.095.015	2.106.148
Líftryggingamiðstöðin hf.....	568.172	610.093
Íslensk endurtrygging hf.....	553	553
Trygging hf.....	<u>2.387</u>	<u>3.839</u>
Samstæða.....	<u>2.666.127</u>	<u>2.720.633</u>

Aðlagð gjaldþolshlutfall..... 3,65 4,47

32. Váttryggingaskuld

Váttryggingaskuld í efnahagsreikningi skiptist í tjónaskuld og iðgjaldaskuld. Tjónaskuld er sú fjárhagslega skuldbinding sem hvílir á samstæðunni vegna úppgerðra tjóna í heild sinni. Hún er metin sem heildarfjárhæð tilkynnta úppgerðra tjóna, auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum, uppgjörskostnaði, áhættuálagi og fleiri þáttum. Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næstu reikningsárum að teknu tilliti til væntanlegrar niðurfellingar iðgjalda. Félagið metur hvort váttryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar félagsins með því að meta framtíðarfjárflæði váttryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Samstæðan notar tölfraeðiaðferðir við að áætla endanlegan tjónakostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum sem gera næmnigreiningu erfiða.

Tjónaskuld vegna tilkynnta tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Starfsfólk tjónaþjónustu vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurskoðun á tjónsáætlunum. Ef ekki eru fyrirbyggjandi betri upplýsingar er meðaltjónsfjárhæð í viðkomandi váttryggingagrein notuð.

Við ársuppgjör 2014 tók félagið upp nýja aðferð við mat á tjónaskuld, sem byggist á matsreglum um váttryggingaskuld í Solvency II gjaldþolsreglunum. Gögn úr tjónakerfi félagsins eru framreiknuð til þess að spá fyrir um lokafjárhæð þeirra á verðlagi reikningsskiladags ásamt samsvarandi greiðsluröð frá reikningsskiladegi þar til lokið verður uppgjóri á tjónum sem urðu 2014 og fyrr. Höfð er hliðsjón af ytri upplýsingum sem geta skipt máli. Auk þess er metinn uppgjörskostnaður, áhættuálag og fleiri þættir í samræmi við leiðbeiningar Solvency II. Þessi aðferð er í samræmi við matsreglur um váttryggingaskuld í IFRS 4 og hætti félagið að nota eldri matsaðferðir um tjónaskuld.

Skýringar, frh.:

32. Vátryggingaskuld, frh.:

Í meðfylgjandi viðauka á bls. 37 má sjá þróun tjónaskuldar samstæðunnar eftir tjónsárum á undanliðnum tíu árum og stöðu hennar í árslok 2014.

Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2014	2013*
Vátryggingaskuld (heild):		
Tjónaskuld	11.115.478	11.120.339
lögjaldaskuld	3.731.283	3.335.735
Vátryggingaskuld samtals.....	14.846.761	14.456.074

Endurtryggingasamningar samstæðunnar eru aðallega umframskaðasamningar (Excess of Loss) sem bæta stórtjón, en fáeinar greinar eru með hlutfallssamninga (Quota share).

Hlutdeild endurtryggjenda:

Tjónaskuld	432.943	208.483
lögjaldaskuld	48.227	55.423
Hlutdeild endurtryggjenda samtals.....	481.170	263.906

Vátryggingaskuld í eigin hlut:

Tjónaskuld	10.682.535	10.911.856
lögjaldaskuld	3.683.056	3.280.312
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals.....	14.365.591	14.192.168

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2014 og 2013 er óveruleg.

Þróun vátryggingaskuldar á árinu:

	2014			2013*		
	Heild	Hlutdeild endurtryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endurtryggjenda	Í eigin hlut
<i>Tjónaskuld:</i>						
Alls í upphafi árs	11.120.339	(208.483)	10.911.856	10.672.931	(207.896)	10.465.035
Greidd tjón á árinu	(9.446.692)	584.936	(8.861.756)	(8.091.090)	449.454	(7.641.636)
Tjón sem urðu á árinu	10.414.260	(915.689)	9.498.571	9.272.075	(435.598)	8.836.477
Matsbreyting eldri tjóna	(972.429)	106.292	(866.137)	(733.577)	(14.444)	(748.021)
Tjónaskuld í árslok	11.115.478	(432.943)	10.682.535	11.120.339	(208.484)	10.911.856
<i>lögjaldaskuld:</i>						
lögjaldaskuld í ársbyrjun	3.335.735	(55.423)	3.280.312	3.018.325	(52.873)	2.965.451
Breyting ársins	395.548	7.196	402.744	317.410	(2.550)	314.860
lögjaldaskuld í árslok	3.731.283	(48.227)	3.683.056	3.335.735	(55.423)	3.280.312

*Samanburðarfjárhæðum vegna 2013 hefur verið breytt frá áður birtum ársreikningi 2013 í samræmi við skýringu 3.

Skýringar, frh.:

33. Skuldir vegna fjárfestingafasteigna

Skuldir vegna fjárfestingafasteigna eru allar við Íbúðalánasjóð. Þær eru verðtryggðar og bera 4,7 - 5,1% vexti.

Skuldir vegna fjárfestingafasteigna 862.434

Lánin eru til 40 ára og nemur næsta árs afborgun 10 millj. kr.

34. Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	2014	2013
Viðskiptaskuldir	442.232	356.161
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	35.265	98.630
Ógreiddur tekjuskattur.....	637.808	195.474
Skammtímaskuldir og áfallin gjöld.....	293.452	375.740
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir samtals.....	1.408.757	1.026.005

Skýringar, frh.:

Áhættustýring

35. Yfirlit

Helstu áhættur sem fylgja starfsemi samstæðunnar eru:

- váttryggingaáhætta
- markaðsáhætta
- greiðslufallsáhætta
- lausafjáráhætta
- rekstraráhætta

Skýringar 36 - 40 veita upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættu, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýringarstefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að ná góðri yfirsýn yfir heildaráhættu hennar og meðal annars greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með starfsþjálfun stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórnendur samstæðunnar ákvarða áhættuvilja félagsins ásamt áhættumörkum og marka þannig hvernig og hversu mikil áhættutaka félagsins á að vera, þar með talið áhætta af fjárfestingum félagsins. Áhættustýring mælir áhættu og skilar ársfjórðungslegum skýrslum til stjórnar um hvernig áhættusnið félagsins er hverju sinni og hvort áhættutakan sé innan skilgreindra marka áhættuviljans.

Solvency II gjaldpolskröfur

Félagið undirbýr sig nú fyrir nýja löggjöf um váttryggingastarfsemi sem kallast Solvency II og mun taka gildi á Íslandi árið 2016. Ein stærsta breytingin sem fólgin er í löggjöfinni eru breyttar gjaldpolskröfur en þær eru áhættumiðaðar og taka tillit til allra helstu áhættupáttu váttryggingafélaga. Líkanið sem útreikningar gjaldpolskröfunnar byggja á leggur mat á alla helstu áhættupætti váttryggingafélaga og allar forsendur líkansins byggja á 99,5% vágildi. Félagið reiknar nú þessa áhættu ársfjórðungslega í samræmi við áhættustýringarstefnu og áhættuvilja félagsins. Áhætta skv. stöðluðu líkani Solvency II er í meðfylgjandi töflu.

<i>Heildaráhætta og gjaldpolskröfur skv. stöðluðu líkani Solvency II</i>	2014	2013
Skaðatryggingaáhætta.....	3.674.057	3.368.885
Heilsutryggingaáhætta.....	1.110.315	1.327.741
Líftryggingaáhætta.....	200.997	162.008
Markaðsáhætta.....	4.666.371	5.042.770
Mótaðilaáhætta.....	824.873	901.910
Rekstraráhætta.....	428.736	400.755
Fjölpættingaráhrif.....	(3.096.454)	(3.205.693)
Aðlögun vegna frestaðra skatta.....	(1.196.404)	(1.263.533)
Heildaráhætta og gjaldpolskrafa.....	<u>6.612.491</u>	<u>6.734.843</u>

Fjölpættingaráhrif (e. Diversification effect) koma til frádráttar heildaráhættu þar sem ekki er talið að allar áhættur raungerist á sama tíma og því ekki rétt að leggja þær saman beint. Í einhverjum tilfellum er talið að fylgni sé á milli áhættupáttu og í einhverjum tilfellum ekki. Því eru áhætturnar lagðar saman að teknu tilliti til tengsla á milli þeirra, en það er gert með fylgnifylkjum. Aðlögun vegna frestaðra skatta (e. Adjustment for the loss-absorbing capacity of deferred taxes) kemur til frádráttar þar sem tekið er tillit til skattaafsláttar sem félagið fengi við mikið tap.

Skýringar, frh.:

35. Yfirlit, frh.:

Solvency II gjaldpólskröfur, frh.:

Gjaldpól

Gjaldpól félagsins skv. Solvency II er mjög svipað og gjaldpólið skv. núverandi löggjöf, þ.e. eigið fé félagsins að frádregnum óefnislegum eignum og væntanlegum arðgreiðslum. Gjaldpól félagsins skv. staðlaða Solvency II líkaninu er 9,7 millj. kr. og Solvency II gjaldpólshlufallið því 1,47.

	2014	2013
Gjaldpól.....	9.740.997	12.108.229
Gjaldpólskráfa.....	6.612.491	6.734.843
Gjaldpólshlutfall.....	1,47	1,80

36. Vátryggingaáhætta

Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

(i) Vátryggingasamningar - skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Vátryggingasamningar félagsins flokkast í skaðatryggingar og líf- og sjúkdómatryggingar.

Skaðatryggingar

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón.

Ábyrgðartryggingar bæta tjón þriðja aðila sem hinn vátryggði veldur. Slysatryggingar bæta tjón sem hinn vátryggði verður fyrir vegna slyss. Eignatryggingar greiða aðallega bætur til vátryggðra vegna tjóns eða taps á eignum og tengdum hagsmunum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunatryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón á eignum veldur því að þær nýtast ekki í rekstri.

Líf- og sjúkdómatryggingar

Þessir vátryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna alvarlegra sjúkdóma.

Vátryggingaáhætta er áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til vátryggjanda, svo sem áhætta á tjóni á eignum sökum skemmda eða þjófnaðar, veikindum, örorku eða dauða. Félagið tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalds. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem vátryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, misjafnlega langan eftir eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu. Iðgjöldin þurfa að standa undir öllum tjónakostnaði, rekstrarkostnaði og hæfilegri álagningu. Sérstök áhætta stafar af því að iðgjöld eru ákveðin fyrirfram en þjónustan veitt síðar og er ekki þekkt í einstökum atriðum í upphafi. Sú áhætta er sérstök fyrir vátryggingastarfsemi og kölluð vátryggingaáhætta.

Vátryggingaáhætta skiptist að grunni til í tvennt; iðgjaldaáhætta og tjónaskuldaráhætta, til að greina á milli tjóna í framtíðinni og orðinna tjóna.

Iðgjaldaáhætta er sú áhætta að tjón í framtíðinni, að viðbættum kostnaði sem þeim tengist, verði hærri en gert var ráð fyrir þegar iðgjöld fyrir gildandi vátryggingasamninga voru ákvörðuð og vernd sem félagið hefur lokað muni því reynast vanmetin. Áhættan snýr í meginatriðum að því að tíðni tjóna eða tjónsfjárhæðir að meðaltali verði hærri en gert var ráð fyrir. Þetta getur stafað af því að framtíðin er óviss, forsendur eru ónákvæmar en einnig geta einstök stór tjón haft mikil tímabundin áhrif. Hugsanlegt er líka að eðli tjóna reynist annað en gert var ráð fyrir í nýjum vörum eða breytist vegna þróunar í samfélaginu.

Skýringar, frh.:

36. Vátryggingaáhætta, frh.:

Félagið fylgist með eðli og tíðni tjóna ásamt dreifingu tjónsfjárhæða í hverri grein og bregst við breytingum með verðlagningu eða vörubrún ef tilefni er til. Dreigið er úr iðgjaldaáhættu með því að dreifa áhættunni á milli margra vátryggingagreina og með endurtryggingum vegna stórtjóna.

Tjónaskuldaráhætta er hættan á að orðin en úppgerð tjón þróist á verri veg en gert var ráð fyrir. Neikvæð þróun getur bæði stafað af að tilkynnt en ógreidd tjón hafi verið vanmetin og að tjón sem enn voru ótilkynnt reynist hærri eða fleiri en gert var ráð fyrir. Getur það hvort sem er varðað eiginlegar bætur til tjónþola eða tengdan kostnað svo sem hreinsun rústa og sérfræðikostnað við mat og uppgjör á tjónum.

Tjónaskuld félagsins byggist á mati á endanlegum kostnaði við öll úppgerð tjón. Veruleg óvissa í því mati er óhjákvæmileg. Nokkur tími getur liðið frá tjóni fram að tilkynningu til félagsins af því að tjónið hafi ekki uppgötvast eða af því að tjónþoli hafi ekki vitað um bótarétt sinn. Þótt vitað sé um tjón getur verið að afleiðingar þess verði ekki ljósar fyrir en seinna, ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað skemmdist í eignatjóni fyrir en byrjað er að gera við og varanlegar afleiðingar af slysi koma ekki í ljós fyrir en allöngu eftir slysið. Hugsanlegt er að afleiðing tjóns sé hvort sem er vanmetin eða ofmetin í fyrstu. Einnig er eitthvað um að tilkynntir atburðir hafi ekki í för með sér bótagreiðslu frá félaginu, ýmist af því að ekki varð neitt tjón, tjón reynist ekki falla undir bótasvið vátryggingasamnings eða að það tjón sem varð nær ekki eigin áhættu vátryggingataka.

Samstæðan stýrir vátryggingaráhættu sinni meðal annars með gerð endurtryggingasamninga, þar sem hluti af áhættutöku samstæðunnar í stjórtjónsatburðum er færður yfir til endurtryggjenda. Félagið hefur sett sér þá stefnu að endurtryggjendur félagsins skuli hafa opinbert mat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og að lágmarki matseinkunnina A-. Með þessu er leitast við að draga úr hættu á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir opinberu mati sem þeir hafa hlotið frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum, en einkunnakerfið miðast við flokkun S&P, fyrir árið 2014 og áætlun um skiptingu fyrir árið 2015.

	Áætlun		
	2015	2014	2013
AA+.....	-	-	5,1%
AA.....	2,7%	4,6%	-
AA-.....	25,4%	24,9%	31,7%
A+.....	39,2%	41,4%	36,4%
A.....	22,7%	17,7%	18,0%
A-.....	10,0%	11,4%	8,8%

37. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru; vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldreyrisáhætta. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna samstæðunnar við stýringu markaðsáhættu ræðst af fjárfestingarmarkmiðum hennar. Fylgst er með daglegum breytingum á markaði af starfsmönnum samstæðunnar í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu samstæðunnar ársfjórðungslega eða oftár ef þurfa þykir.

Áhætta og gjaldþolskrafa vegna markaðsáhættu er reiknuð með stöðluðu líkani Solvency II. Líkanið inniheldur alla helstu markaðsáhættur vátryggingafélaga og miðað er við 99,5% vágildi.

Skýringar, frh.:

37. Markaðsáhætta, frh.:

<i>Markaðsáhætta skv. stöðluðu líkani Solvency II</i>	2014	2013
Vaxtaáhætta	886.471	280.789
Hlutabréfaáhætta	3.613.344	3.632.956
Fasteignaáhætta	238.560	238.560
Áhættuálagsáhætta	430.542	756.535
Sambjöppunaráhætta	1.291.228	1.725.781
Gjaldmiðlaáhætta	698.747	881.724
Fjölpættingaráhrif.....	(2.492.521)	(2.473.575)
Samtals	<u>4.666.371</u>	<u>5.042.770</u>

Verðbréf færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning:

Verðbréf skráð á OMX Nordic	10.947.830	9.368.633
Sjóðir með skráðum eignum á OMX Nordic	3.591.116	2.610.576
Verðbréf skráð erlendis	2.234.664	2.034.977
Óskráð verðbréf	<u>4.951.755</u>	<u>4.502.723</u>
	<u>21.725.365</u>	<u>18.516.909</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vextir útlána eru endurskoðaðir á að minnsta kosti tólf mánaða fresti. Þess vegna er áhætta samstæðunnar tengd markaðsvöxtum eigna takmörkuð. Bókfært verð váttryggingasamninga er ekki næmt fyrir breytingum í markaðsáhhættu. Laust handbært fé samstæðunnar er fjárfest í skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en eins mánaðar.

Næmnigreining vaxta

Meðal fjáreigna á gangvirði færir félagið verðbréf sem bera fasta vexti að andvirði 7.875 millj.kr. (2013: 7.070 millj.kr.) Áhrif samhliða 1% hliðrunar vaxtaferla á viðkomandi verðbréf og þar með á afkomu fyrir tekjuskatt eru metin vera 349 millj.kr. (2013: 386 millj.kr.).

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Þar sem skráðar fjáreignir samstæðunnar og meirihluti óskráðra fjáreigna eru bókfærðar á gangvirði, munu allar breytingar á aðstæðum á mörkuðum hafa áhrif á fjárfestingatekjur samstæðunnar.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast stöðugt með sveiflum á mörkuðum og það gerir samstæðunni kleift að bregðast skjótt við öllum breytingum.

Næmnigreining hlutabréfa

Í árslok 2014 hefur 10% lækkun á innlendum skráðum hlutabréfum og 5% lækkun á erlendum skráðum hlutabréfum um 346 millj.kr. neikvæð áhrif á eigið fé samstæðunnar. (2013: 346 millj.kr.). Ef sama aðferð er einnig notuð á önnur skráð og óskráð verðbréf eru áhrifin metin um 642 millj.kr. (2013: 483 millj.kr.).

Skýringar, frh.:

37. Markaðsáhætta frh.:

Gjaldeyrísáhætta

Gjaldeyrísáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, útlán, viðskiptakröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar / lækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

a. Fjármálagerningar, frh.:

(ii) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

(iii) Verðbréf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið tilgreind þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iv) Útlán og viðskiptakröfur

Útlán og viðskiptakröfur eru fjármálagerningar sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði.

Útlán eru færð þegar þau eru greidd til lántakenda. Þau eru upphaflega færð á gangvirði, sem er upphafleg lánsfjárhæð að frádregnum viðskiptakostnaði, en eru eftir það færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Útlán og viðskiptakröfur eru afskráð þegar greiðsluflæði þeirra stöðvast og engar raunhæfar líkur eru taldar á innheimtu eða þegar samstæðan hefur flutt stærstan hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds annað.

(v) Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættu yfirverði eða frádregnum uppsófnuðum afföllum sem fundin eru með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádregningu virðisrýrnun.

(vi) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

b. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

(i) Verðbréf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru fjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfum og verðbréfasjóðum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörssdegi án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fánlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðsflæði, verðmyndunarlíkan valréttá eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðsflæðisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðar sjóðsflæði byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa, sem notuð er, eru markaðsvextir sambærilegs gernings á uppgjörssdegi. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er hlutfallið lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbréfanna.

(ii) Útlán og kröfur

Gangvirði útlána og krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er metið sem framtíðar greiðsluflæði núvirt með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

(iii) Fjárskuldir

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er byggt á framtíðarflæði höfuðstóls og vaxtagreiðslna, núvirt með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

c. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun félagsins á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra. Óverulegur munur er á bókfærðu verði og gangvirði þar sem vaxtaberandi eignir bera breytilega vexti.

	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði	Útlán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
31. desember 2013				
Bundin innlán		326.719	326.719	326.719
Útlán		2.576.490	2.576.490	2.576.490
Verðbréf	18.275.672	241.237	18.516.909	18.516.909
Aðrar eignir		3.429.652	3.429.652	3.429.652
Handbært fé		3.850.283	3.850.283	3.850.283
Fjáreignir samtals	18.275.672	10.424.381	28.700.053	28.700.053
Skuldir vegna eigna sem haldið er til sölu		(863.075)	(863.075)	(863.075)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		(1.026.005)	(1.026.005)	(1.026.005)
Fjáreignir - fjárskuldir	18.275.672	8.535.301	26.810.973	26.810.973

	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði	Útlán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
31. desember 2012				
Útlán		2.841.727	2.841.727	2.841.727
Verðbréf	14.149.100	241.237	14.390.337	14.390.337
Aðrar eignir		3.498.347	3.498.347	3.498.347
Handbært fé		4.842.534	4.842.534	4.842.534
Fjáreignir samtals	14.149.100	11.423.845	25.572.945	25.572.945
Skuldir vegna eigna sem haldið er til sölu		(841.302)	(841.302)	(841.302)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		(1.089.199)	(1.089.199)	(1.089.199)
Fjáreignir - fjárskuldir	14.149.100	9.493.344	23.642.444	23.642.444

d. Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: forsendur byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Vísað er í skýringu 22.b (i) varðandi grundvöll mats á gangvirði fjáreigna.

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

d. Stigkerfi gangvirðis, frh.:

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
31. desember 2013				
Fjáreignir á gangvirði	14.007.959	2.433.463	2.075.487	18.516.909
31. desember 2012				
Fjáreignir á gangvirði	10.155.171	3.312.549	922.617	14.390.337

Á árinu 2013 var gerð breyting á flokkun eigna vegna breytinga á aðferðum við mat á gangvirði þeirra. Eignir sem færast úr stigi 2 í stig 3 nema 225 millj. kr. Eignir sem teknar voru til viðskipta í kauphöll á árinu og færast í stig 1 nema 1.283 millj. kr.

e. Útlán greinast þannig:

	2013	2012
Skuldabréf með veðtryggingu	2.598.453	2.974.962
Önnur útlán	183.037	149.765
Útlán samtals	2.781.490	3.124.727
Afskriftareikningur útlána.....	(205.000)	(283.000)
Útlán samkvæmt efnahagsreikningi.....	2.576.490	2.841.727

f. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

	Almenn niðurfærsla	Sértæk niðurfærsla	Samtals
Afskriftareikningur útlána 1. janúar 2012	170.185	377.815	548.000
Afskrifað endanlega á árinu		(238.962)	(238.962)
Innborgað á árinu, áður afskrifað		1.487	1.487
Virðisyrnun útlána á árinu, breyting	(50.840)	23.315	(27.525)
Afskriftareikningur útlána 31. desember 2012	119.345	163.655	283.000
Afskrifað endanlega á árinu		(127.627)	(127.627)
Innborgað á árinu, áður afskrifað		1.214	1.214
Virðisyrnun útlána á árinu, breyting	(24.840)	73.253	48.413
Afskriftareikningur útlána 31. desember 2013	94.505	110.495	205.000

23. Verðbréf

	2013	2012
Ríkistryggðar fjáreignir		
Ríkistryggð verðbréf	3.243.288	3.313.644
Ríkisverðbréfasjóðir	1.046.999	1.927.146
Skuldabréf		
Eignatryggð skuldabréf	2.776.880	1.789.797
Önnur skuldabréf	799.262	284.999
Hlutabréf		
Skráð hlutabréf	2.814.175	2.637.880
Óskráð hlutabréf	1.310.667	905.620
Hlutdeildarskírteini		
Hlutabréfasjóðir	1.353.780	1.118.214
Skuldabréfasjóðir	3.262.972	1.513.980
Önnur verðbréf		
Önnur verðbréf	1.908.886	899.057
Verðbréf samtals	18.516.909	14.390.337

Skýringar, frh.:

24. Skatteign

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstigi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

	2013	2012
Skatteign 1.1.....	128.798	120.115
Tekjuskattur ársins.....	(191.265)	(368.503)
Tekjuskattur til greiðslu.....	195.474	330.148
Aðrir liðir.....	(653)	47.039
Skatteign 31.12.....	<u>132.354</u>	<u>128.798</u>

Skatteign greinist í eftirtalda liði:

Rekstrarfjármunir.....	(65.774)	(64.994)
Viðskiptakröfur.....	99.751	126.595
Aðrir liðir.....	55.737	(16.967)
Yfirfæranlegt skattalegt tap.....	42.640	84.164
Skatteign í árslok.....	<u>132.354</u>	<u>128.798</u>

25. Eignir / skuldir vegna eigna sem haldið er til sölu

Eignir sem haldið er til sölu eru fullnustueignir sem félagið hefur yfirtekið vegna uppgjörskrafna.

Eignir

Fasteignir	1.012.740	1.012.740
Bífreiðar	16.509	17.621
	<u>1.029.249</u>	<u>1.030.361</u>

Skuldir

Fasteignalán	863.075	841.302
--------------------	---------	---------

26. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð.

Hlutur endurtryggenda í iðgjaldaskuld	55.423	52.873
Hlutur endurtryggenda í tjónaskuld	208.483	207.896
Endurtryggingaeignir samtals.....	<u>263.906</u>	<u>260.769</u>

27. Viðskiptakröfur

Á hverjum uppgjörstigi er kannaðhvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Vísað er í skýringu 17 varðandi mat á virðisrýrnun viðskiptakrafna á árinu.

Viðskiptakröfur vegna vátryggingastarfsemi	2.936.382	2.809.837
Aðrar kröfur	229.364	427.741
Viðskiptakröfur samtals	<u>3.165.746</u>	<u>3.237.578</u>

Afskriftareikningur viðskiptakrafna

Staða 1.1.....	193.582	202.352
Virðisrýrnun á árinu.....	(21.472)	54.994
Endanlega tapað.....	(31.359)	(63.765)
Staða 31.12.....	<u>140.751</u>	<u>193.582</u>

Skýringar, frh.:

28. Hlutfé og varasjóðir

Hlutfé

Heildarhlutfé, samþykkt og útgefið af félaginu í árslok 2013, er 760 millj. hluta að nafnvirði 1 króna hver. Hverjum einnar krónu hlut fylgir eitt atkvæði og eiga hluthafar þannig rétt á einu atkvæði á hlut á félagsfundum. Greitt hefur verið fyrir alla hluti að fullu.

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af aðalfundi. Samkvæmt lögum um hlutfélög nr. 2/1995 má einungis úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem kveðið er á um samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Yfirverð

Yfirverð er munurinn á söluverði sem félagið fékk við útgáfu á hlutfé og nafnverðs útgefina hluta, að frádregnum kostnaði við útgáfu nýrra hluta að teknu tilliti til skattáhrifa og kaupverði eigin hluta umfram nafnverð þeirra.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundni varasjóðurinn er stofnaður í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði félagsins, sem ekki er ráðstafað á móti tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé félagsins. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé félagsins.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er óráðstafaður hagnaður og tap samstæðunnar frá stofnun félagsins að frádregnum framlögum í varasjóð.

29. Gjaldþol

Aðlagað gjaldþol samstæðunnar (sbr. 31. gr. laga 56/2010) er 10.640 millj.kr. (2012: 10.047 millj.kr.). Lágmarksfjárhæð aðlagaðs gjaldþols (sbr. 86. gr.) er 2.721 millj.kr. (2012: 2.545 millj.kr.). Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé greinist þannig:

	2013	2012
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.....	12.307.934	10.231.398
Tillaga um arðgreiðslu.....	(1.454.443)	0
Óefnislegar eignir.....	(213.791)	(183.362)
Eignarhlutur minnihluta.....	(240)	(1.422)
Gjaldþol.....	<u>10.639.460</u>	<u>10.046.614</u>

Lágmarksgjaldþol samstæðunnar er samanlagður hlutur móðurfélagsins í lágmarksgjaldþoli einstakra váttryggingafélaga í samstæðunni:

Tryggingamiðstöðin hf. (móðurfélag).....	2.106.148	2.010.344
Líftryggingamiðstöðin hf.....	610.093	530.144
Íslensk endurtrygging hf.....	553	555
Trygging hf.....	3.839	4.167
Samstæða.....	<u>2.720.633</u>	<u>2.545.210</u>
Aðlagað gjaldþolshlutfall.....	3,91	3,95

30. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi skiptist í tjónaskuld og iðgjaldaskuld. Tjónaskuld er sú fjárhagslega skuldbinding sem hvílir á samstæðunni vegna úppgerðra tjóna í heild sinni. Hún er metin sem heildarfjárhæð tilkynnta úppgerðra tjóna, auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum. Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næstu reikningsárum að teknu tilliti til væntanlegrar niðurfellingar iðgjalda. Félagið metur hvort vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar félagsins með því að meta framtíðarfjárflæði vátryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi.

Samstæðan notar tölræðiaðferðir við að áætla endanlegan tjónakostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum sem gera næmnigreiningu erfiða.

Tjónaskuld vegna tilkynnta tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins að frádrögnum því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Starfsfólk tjónaþjónustu vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurskoðun á tjónsáætlunum. Ef ekki eru fyrirliggjandi betri upplýsingar er meðaltjónsfjárhæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð.

Liðurinn "ótilkynnt tjón" er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Í frumtryggingum byggist matið á tjónareynslu og framkomnum áður ótilkynntum tjónum á undanliðnum árum (Chain ladder og tengdar tryggingastærðfræðilegar aðferðir).

Í meðfylgjandi viðauka á bls. 36 má sjá þróun tjónaskuldar samstæðunnar eftir tjónsárum á undanliðnum níu árum og stöðu hennar í árslok 2013.

Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2013	2012
Vátryggingaskuld (heild):		
Tjónaskuld	13.010.794	12.231.545
Iðgjaldaskuld	3.335.735	3.018.325
Vátryggingaskuld samtals.....	16.346.529	15.249.870

Endurtryggingasamningar samstæðunnar eru aðallega umframskaðasamningar (Excess of Loss) sem bæta stórtjón, en fáeinir greinar eru með hlutfallssamninga (Quota share).

Hlutdeild endurtryggjenda:

Tjónaskuld	208.483	207.896
Iðgjaldaskuld	55.423	52.873
Hlutdeild endurtryggjenda samtals.....	263.906	260.769

Vátryggingaskuld í eigin hlut:

Tjónaskuld	12.802.311	12.023.649
Iðgjaldaskuld	3.280.312	2.965.452
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals.....	16.082.623	14.989.101

Áætlun vegna tilkynnta tjóna, tjónakostnaðar og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynnta tjóna er skuldfærð að frádrögnum væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2013 og 2012 er óveruleg.

Skýringar, frh.:

30. Vátryggingaskuld, frh.:

Próun vátryggingaskuldar á árinu:

	2013			2012		
	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
<i>Tjónaskuld:</i>						
Tilkynnt tjón	10.213.388	(192.896)	10.020.492	10.589.610	(393.315)	10.196.295
Ótilkynnt tjón	2.018.157	(15.000)	2.003.157	2.074.357	0	2.074.357
Alls í upphafi árs	12.231.545	(207.896)	12.023.649	12.663.967	(393.315)	12.270.652
Greidd tjón á árinu	(8.091.090)	449.454	(7.641.636)	(8.017.837)	400.816	(7.617.021)
Tjón sem urðu á árinu	9.442.207	(435.598)	9.006.609	8.365.315	(139.984)	8.225.331
Matsbreyting eldri tjóna	(571.868)	(14.444)	(586.312)	(779.900)	(75.412)	(855.312)
Tjónaskuld í árslok ...	13.010.794	(208.484)	12.802.311	12.231.545	(207.895)	12.023.649
Tilkynnt tjón	10.997.416	(193.483)	10.803.933	10.213.388	(192.896)	10.020.492
Ótilkynnt tjón	2.013.378	(15.000)	1.998.378	2.018.157	(15.000)	2.003.157
Alls í lok árs	13.010.794	(208.483)	12.802.311	12.231.545	(207.896)	12.023.649
<i>lögjaldaskuld:</i>						
lögjaldaskuld í ársbyrjun	3.018.325	(52.873)	2.965.452	2.885.105	(51.818)	2.833.286
Breyting ársins	317.410	(2.550)	314.860	133.220	(1.055)	132.165
lögjaldaskuld í árslok	3.335.735	(55.423)	3.280.312	3.018.325	(52.873)	2.965.452

31. Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	2013	2012
Viðskiptaskuldir	356.161	285.242
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	98.630	28.731
Ógreiddur tekjuskattur.....	195.474	330.147
Skammtímaskuldir og áfallin gjöld.....	375.740	445.079
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir samtals.....	1.026.005	1.089.199

Skýringar, frh.:

Áhættustýring

32. Yfirlit

Helstu áhættur sem fylgja starfsemi samstæðunnar eru:

- váttryggingaáhætta
- markaðsáhætta
 - vaxtaáhætta
 - hlutabréfaáhætta
 - gjaldeyrisáhætta
- greiðslufallsáhætta
- lausafjáraáhætta
- rekstraráhætta

Skýringar 33 - 37 veita upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættu, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýringarstefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að ná góðri yfirsýn yfir heildaráhættu hennar og meðal annars greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með starfsþjálfun stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórnendur samstæðunnar ákvarða hvernig eignum hennar skuli dreift til þess að hún nái fjárfestingarmarkmiðum sínum. Frávik frá ákvarðaðri dreifingu eigna og samsetning eignasafnsins eru stöðugt yfirfarin af starfsmönnum samstæðunnar.

33. Váttryggingaáhætta

Váttryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja váttryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

(i) Váttryggingasamningar - skilgreining

Með váttryggingasamningi tekur váttryggjandinn að sér váttryggingaáhættu frá váttryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

(ii) Váttryggingasamningar - flokkun

Váttryggingasamningar félagsins flokkast í skaðatryggingar og líf- og sjúkdómatryggingar.

Skaðatryggingar

Váttryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón.

Ábyrgðartryggingar bæta tjón sem hinn váttryggði veldur þriðja aðila. Slysatriggingar bæta tjón sem hinn váttryggði verður fyrir vegna slyss. Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum og tengdum hagsmunum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón eigna veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

Líf- og sjúkdómatryggingar

Þessir váttryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna sjúkdóma.

33. Vátryggingaáhætta, frh.:

Vátryggingaáhætta er áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til vátryggjanda, svo sem áhætta á tjóni á eignum sökum skemmda og þjófnaðar, veikindum, örorku eða dauða. Félagið tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalds. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem vátryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, misjafnlega langan eftir eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu. Iðgjöldin þurfa að standa undir öllum tjónakostnaði, rekstrarkostnaði og hæfilegri álagningu að teknu tilliti til ávöxtunar. Sérstök áhætta stafar af því að iðgjöld eru ákveðin fyrirfram en þjónustan veitt síðar og er ekki þekkt í einstökum atriðum í upphafi. Sú áhætta er sérstök fyrir vátryggingastarfsemi og kölluð vátryggingaáhætta.

Vátryggingaáhætta skiptist að grunni til í tvennt; iðgjaldaáhættu og tjónaskuldaráhættu, til að greina á milli tjóna í framtíðinni og orðinna tjóna.

Iðgjaldaáhætta er sú áhætta að tjón í framtíðinni, að viðbættum kostnaði sem þeim tengist, verði hærri en gert var ráð fyrir þegar iðgjöld fyrir gildandi vátryggingasamninga voru ákvörðuð og vernd sem félagið hefur lokað muni því reynast vanmetin. Áhættan snýr í meginatriðum að því að tíðni tjóna eða tjónsfjárhæðir að meðaltali verði hærri en gert var ráð fyrir. Þetta getur stafað af því að forsendur eru alltaf ónákvæmar en einnig geta einstök stór tjón haft mikil tímabundin áhrif. Hugsanlegt er líka að eðli tjóna reynist annað en gert var ráð fyrir í nýjum vörum eða breytist vegna þróunar í samfélaginu.

Félagið fylgist með eðli og tíðni tjóna ásamt dreifingu tjónsfjárhæða í hverri grein og bregst við breytingum með verðlagningu eða vörubrúun ef tilefni er til. Dregið er úr iðgjaldaáhættu með því að dreifa áhættunni á milli margra vátryggingagreina og með endurtryggingum vegna stórtjóna.

Tjónaskuldaráhætta er hættan á að orðin en óuppgerð tjón þróist á verri veg en gert var ráð fyrir. Neikvæð þróun getur bæði stafað af að tilkynnt en ógreidd tjón hafi verið vanmetin og að tjón sem enn voru ótilkynnt reynist hærri eða fleiri en gert var ráð fyrir. Getur það hvort sem er varðað eiginlegar bætur til tjónþola eða tengdan kostnað svo sem hreinsun rústa og sérfræðikostnað við mat og uppgjör á tjönnum.

Tjónaskuld félagsins byggist á mati á endanlegum kostnaði við öll óuppgerð tjón. Veruleg óvissa í því mati er óhjákvæmileg. Nokkur tími getur liðið frá tjóni fram að tilkynningu til félagsins af því að tjónið hafi ekki uppgötvast eða af því að tjónþoli hafi ekki vitað um bótarétt sinn. Þótt vitað sé um tjón getur verið að afleiðingar þess verði ekki ljósar fyrr en seinna, ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað skemmdist í eignatjóni fyrr en byrjað er að gera við og varanlegar afleiðingar af slysi koma ekki í ljós fyrr en allöngu eftir slysið. Hugsanlegt er að afleiðing tjóns sé hvort sem er vanmetin eða ofmetin í fyrstu. Einnig er eitthvað um að tilkynntir atburðir hafi ekki í för með sér bótagreiðslu frá félaginu, ýmist af því að ekki varð neitt tjón, tjón reynist ekki falla undir bótasvið vátryggingasamnings eða að það tjón sem varð nær ekki eigin áhættu vátryggingataka. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að tekið sé tillit til óvissu í mati á tjónaskuld með nauðsynlegu álagi.

Samstæðan stýrir vátryggingaráhættu sinni meðal annars með gerð endurtryggingasamninga, þar sem hluti af áhættutöku samstæðunnar í stjórtjónsatburðum er færður yfir til endurtryggjenda. Félagið hefur sett sér stefnu um endurtryggjendur, þar sem fram kemur að endurtryggjendur félagsins skuli hafa opinbert mat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og að lágmarki matseinkunnina A-. Með þessu er leitast við að draga úr hættu á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir opinberu mati sem þeir hafa hlotið frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum, en einkunnakerfið miðast við flokkun S&P, fyrir árið 2013 og áætlun um skiptingu fyrir árið 2014.

Skýringar, frh.:

33. Vátryggingaáhætta, frh.:

	Áætlun		
	2014	2013	2012
AAA.....	-	-	6,2%
AA+.....	-	5,1%	-
AA.....	4,6%	-	1,8%
AA-.....	24,9%	31,7%	28,8%
A+.....	41,4%	36,4%	29,7%
A.....	17,7%	18,0%	25,5%
A-.....	11,4%	8,8%	8,0%

34. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru; vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna samstæðunnar við stýringu markaðsáhættu ræðst af fjárfestingarmarkmiðum hennar. Fylgst er með daglegum breytingum á markaði af starfsmönnum samstæðunnar í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu samstæðunnar á mánaðarfresti eða oftar ef þurfa þykir.

Verðbréf færð á gangvirði gegnum rekstarreikning:	2013	2012
Verðbréf skráð á OMX Nordic	9.368.633	7.006.355
Sjóðir með skráðum eignum á OMX Nordic	2.610.576	1.946.016
Verðbréf skráð erlendis	2.034.977	2.103.382
Óskráð verðbréf	4.502.723	3.334.584
	<u>18.516.909</u>	<u>14.390.337</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vextir útlána eru endurskoðaðir á að minnsta kosti tólf mánaða fresti. Þess vegna er áhætta samstæðunnar tengd markaðsvöxtum eigna takmörkuð. Bókfært verð vátryggingasamninga er ekki næmt fyrir breytingum í markaðsáhættu. Laust handbært fé samstæðunnar er fjárfest í skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en eins mánaðar.

Næmnigreining vaxta

Meðal fjáreigna á gangvirði færir félagið verðbréf sem bera fasta vexti að andvirði 7.070 millj.kr. (2012: 5.832 millj.kr.) Áhrif samhliða 1% hliðrunar vaxtaferla á viðkomandi verðbréf og þar með á afkomu fyrir tekjuskatt eru metin vera 386 millj.kr. (2012: 388 millj.kr.).

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Þar sem skráðar fjáreignir samstæðunnar og meirihluti óskráðra fjáreigna eru bókfærðar á gangvirði, munu allar breytingar á aðstæðum á mörkuðum hafa áhrif á fjárfestingatekjur samstæðunnar.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast stöðugt með sveiflum á mörkuðum og það gerir samstæðunni kleift að bregðast skjótt við öllum breytingum.

Skýringar, frh.:

34. Markaðsáhætta frh.:

Næmnigreining hlutabréfa

Í árslok 2013 hefur 10% lækkun á innlendum skráðum hlutabréfum og 5% lækkun á erlendum skráðum hlutabréfum um 346 millj.kr. neikvæð áhrif á eigið fé samstæðunnar. (2012: 314 millj.kr.). Ef sama aðferð er einnig notuð á önnur skráð og óskráð verðbréf eru áhrifin metin um 483 millj.kr. (2012: 415 millj.kr.).

Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Samstæðan fjárfestir í fjármálagerningum og gerir samninga í erlendum gjaldmiðlum. Þess vegna stendur samstæðan frammi fyrir hættu á því að gengi gjaldmiðils þess miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna og skulda samstæðunnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Áhrif 10% hækkunar (lækkunar) gengisvísitölu íslensku krónunar hefur um 352 millj.kr. jákvæð (neikvæð) áhrif á eigið fé samstæðunnar (2012: 321 millj.kr.).

Sundurliðun eigna og skulda eftir erlendum myntum:

	USD	EUR	NOK	Aðrir erlendir gjaldmiðlar	Samtals
31. desember 2013					
Eignir:					
Verðbréf	907.889	411.298	812.236	137.827	2.269.250
Endurtryggingaeignir	3.216	34	34	40	3.324
Viðskiptakröfur	154.203	261.043	137.573	149.302	702.121
Handbært fé	355.871	213.675	191.499	496.608	1.257.653
Samtals	1.421.179	886.050	1.141.342	783.777	4.232.348
Skuldir:					
Vátryggingaskuld	203.434	108.676	172.547	124.921	609.578
Viðskiptaskuldir	10.892	86.149	55	9.398	106.494
Samtals	214.326	194.825	172.602	134.319	716.072
Mismunur eigna og skulda	1.206.853	691.225	968.740	649.458	3.516.276
31. desember 2012					
Eignir:					
Verðbréf	859.562	375.285	898.535	324.426	2.457.808
Endurtryggingaeignir	748	37	42	2.868	3.695
Viðskiptakröfur	132.363	215.033	125.692	94.227	567.315
Handbært fé	203.834	169.378	59.567	255.335	688.114
Samtals	1.196.507	759.733	1.083.836	676.856	3.716.932
Skuldir:					
Vátryggingaskuld	143.780	47.981	107.535	101.876	401.172
Viðskiptaskuldir	9.804	86.639	1.827	11.069	109.339
Samtals	153.584	134.620	109.362	112.945	510.511
Mismunur eigna og skulda	1.042.923	625.113	974.474	563.911	3.206.421

Skýringar, frh.:

35. Greiðslufallsáhætta

Félagið stundar viðskipti með verðbréf og útlán ásamt því að reiðufé félagsins er ávaxtað á innlánsreikningum í bönkum. Greiðslufall eða gjaldþrot mótaðila í slíkum fjármálagerningum hefði áhrif á mat eigna.

Í fjárfestingastefnu félagsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur félagið tryggt fjölbreytni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja félagsins. Fylgst er með daglegum breytingum á markaði af starfsmönnum félagsins í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildar greiðslufallsáhættu félagsins á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

Félagið hefur sett skýrar útlánareglur sem taka ber mið af við einstakar lánveitingar. Heimildir til lánveitinga eru mismunandi og þarfnast aðkomu lánanefndar ef farið er yfir tiltekin mörk. Við hverja lánveitingu eru viðskiptamenn metnir og fjárhagsstaða og greiðslusaga þeirra skoðuð eftir því sem kostur er. Lánareglur félagsins fjalla meðal annars um lánaheimildir í hlutfalli við raunvirði veðtrygginga og áætlaðan líftíma þeirra og ef vikið er frá þeim hlutföllum þarfnast það sérstaks samþykkis.

Greiðslufallsáhættu er meðal annars stýrt með dreifingu lánasafnsins en um 19% (2012: 26%) safnsins eru lán til einstaklinga.

Ítarlega er fylgst með vanskilum og tapshætta er yfirfarin reglulega með mati á tryggingum og stöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptamenn í vanskilum eru jafnan flokkaðir sem áhættusamir og geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar. Útlán eru endanlega afskrifuð eftir ákveðnum reglum sem um það gilda. Þá hefur félagið sett skýra verkferla sem snúa að innheimtu og hvenær vanskil eru send til lögfræðiiinnheimtu.

Hámark greiðslufallsáhættu:	31.12 2013	31.12 2012
Verðbréf	18.516.909	14.390.337
Endurtrygginga eignir	263.906	260.769
Útlán og kröfur	5.742.236	6.079.305
Handbært fé og bundin innlán	4.177.002	4.842.534
Fjáreignir samtals	<u>28.700.053</u>	<u>25.572.945</u>

Í eftirfarandi töflu eru upplýsingar um greiðslufallsáhættu samkvæmt flokkun félagsins á mótaðilum, flokkunin byggir á einkunnakerfi S&P:

	AAA	A	BBB-	Ekki með opinbera flokkun	Samtals
2013					
Verðbréf			4.985.295	13.531.614	18.516.909
Endurtrygginga eignir		263.906			263.906
Útlán og viðskiptakröfur				5.742.236	5.742.236
Handbært fé og bundin innlán			4.177.002		4.177.002
Fjáreignir samtals	<u>0</u>	<u>263.906</u>	<u>9.162.297</u>	<u>19.273.850</u>	<u>28.700.053</u>
2012					
Verðbréf	61.490		5.949.363	8.379.484	14.390.337
Endurtrygginga eignir		260.769			260.769
Útlán og viðskiptakröfur				6.079.305	6.079.305
Handbært fé			4.842.534		4.842.534
Fjáreignir samtals	<u>61.490</u>	<u>260.769</u>	<u>10.791.897</u>	<u>14.458.789</u>	<u>25.572.945</u>

Skýringar, frh.:

35. Greiðslufallsáhætta frh.:

Greining útlána á einstaklinga og fyrirtæki

	Lán til einstaklinga		Lán til fyrirtækja		Samtals	
	2013	2012	2013	2012	2013	2012
Virðisrýrð útlán.....	85.278	110.731	39.670	80.937	124.948	191.668
Virðisrýrnun sérgreind.....	(79.744)	(98.936)	(30.751)	(64.719)	(110.495)	(163.655)
	5.534	11.795	8.919	16.218	14.453	28.013
Útlán í vanskilum án sér- greindrar virðisrýrnunar.....	67.418	145.686	78.816	87.328	146.234	233.014
Útlán í skilum.....	426.516	619.738	2.083.792	2.080.307	2.510.308	2.700.045
Virðisrýrnun vegna almenningar áhættu lánasafns.....	(19.766)	(33.275)	(74.739)	(86.070)	(94.505)	(119.345)
	474.168	732.149	2.087.869	2.081.565	2.562.037	2.813.714
Útlán samkvæmt efnahagsreikningi.....	479.702	743.944	2.096.788	2.097.783	2.576.490	2.841.727

Aldursgreining lána í vanskilum án sérgreindar virðisrýrnunar er eftirfarandi:

	1 - 3 mán.	3 - 6 mán.	> 6 mán.	Samtals
2013				
Lán til einstaklinga.....	42.868	12.273	12.277	67.418
Lán til fyrirtækja.....	47.596	5.111	26.109	78.816
Samtals.....	90.464	17.384	38.386	146.234
2012				
Lán til einstaklinga.....	53.185	16.060	76.441	145.686
Lán til fyrirtækja.....	47.353	1.610	38.365	87.328
Samtals.....	100.538	17.670	114.806	233.014

36. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Samstæðan þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Hluti fjármálagerninga samstæðunnar eru fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum sem ekki er verslað með á skipulögðum mörkuðum og almennt getur tekið nokkurn tíma að innleysa. Því gæti samstæðan staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst allar fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæð nálægt gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjörpörf sinni.

Til þess að lágmarka þessa áhættu hefur samstæðan stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir samstæðunnar, sem eru stór hluti af heildareignum hennar, sé hægt að innleysa tafarlaust.

Samstæðan jafnar sjóðsflæði af eignum og skuldum í safni sínu með því að áætla meðallíftíma þeirra.

	2013	2012
Vátryggingaskuld - Líftryggingaáhætta (mánuðir)	10,0	10,0
Vátryggingaskuld - Skaðaáhætta (mánuðir)	16,4	17,0

Skýringar, frh.:

36. Lausafjánhætta, frh.:

Eftirfarandi töflur gefa til kynna samningsbundið og vænt sjóðsflæði, án vaxta, vegna þeirra eigna og skulda sem tilheyra váttryggingasamningum samstæðunnar þann 31. desember:

2013	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðsflæði (ekki núvirt)					
		Án gjalddaga	0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	>4 ár
Bundin innlán ..	326.719	1.354	77.121	53.261	194.983		
Verðbréf skráð á OMX Nordic ..	9.368.633	2.814.175	1.152.817	1.343.407	547.889	284.192	3.226.153
Sjóðir með skráðum eignum á OMX Nordic ...	2.610.576	2.610.576					
Verðbréf skráð erlendis	2.034.977	2.034.977					
Óskráð verðbréf	4.502.723	4.305.743	196.979				
Útlán og kröfur	5.742.236		3.144.758	805.091	241.703	202.199	1.348.485
Handbært fé ...	3.850.283	3.850.283					
Samtals	28.436.147	15.617.108	4.571.675	2.201.759	984.575	486.391	4.574.638

	Bókfært verð	Vænt sjóðsflæði (ekki núvirt)					
		0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	> 4 ár	
Váttrygginga- samningar, nettó	16.082.623		7.941.413	4.266.179	2.166.424	878.429	830.178
Mismunur í sjóðsflæði	12.353.524	15.617.108	(3.369.738)	(2.064.420)	(1.181.849)	(392.038)	3.744.460
Uppsafnaður mismunur	12.353.524	15.617.108	12.247.370	10.182.950	9.001.101	8.609.063	12.353.523

2012	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðsflæði (ekki núvirt)					
		Án gjalddaga	0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	>4 ár
Verðbréf skráð á OMX Nordic ..	7.006.355	2.637.879	166.822	173.010	771.926	426.458	2.830.260
Sjóðir með skráðum eignum á OMX Nordic ...	1.946.016	1.946.016					
Verðbréf skráð erlendis	2.103.382	2.103.382					
Óskráð verðbréf	3.334.584	2.427.201	52.190	54.164	56.216	58.343	686.470
Útlán og kröfur	6.079.305		3.469.770	841.570	222.495	119.420	1.426.050
Handbært fé ...	4.842.534	4.842.534					
Samtals	25.312.176	13.957.012	3.688.782	1.068.744	1.050.637	604.221	4.942.780

	Bókfært verð	Vænt sjóðsflæði (ekki núvirt)					
		0-1 ár	1-2 ár	2-3 ár	3-4 ár	> 4 ár	
Váttrygginga- samningar, nettó	14.989.101		7.389.869	3.988.510	2.017.474	816.973	776.275
Mismunur í sjóðsflæði	10.323.075	13.957.012	(3.701.087)	(2.919.766)	(966.837)	(212.752)	4.166.505
Uppsafnaður mismunur	10.323.075	13.957.012	10.255.925	7.336.159	6.369.322	6.156.570	10.323.075

Skýringar, frh.:

37. Rekstraráhætta

Samstæðan býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við mismunandi þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og ferla, og einnig í tengslum við utanaðkomandi þætti aðra en láns-, markaðs-, eða lausafjánhættur, s.s. lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga innan samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar er að verja félagið gegn rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír félagsins verði fyrir skaða.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir samstæðan meðal annars kröfur um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum, þjálfun starfsfólks og faglega uppbyggingu samstæðunnar. Samstæðan er með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001 staðlinum.

38. Eiginfjárstýring

Stefnumörkun og ferlar samstæðunnar í tengslum við áhættustýringu eigin fjár tryggja að samstæðan hafi nægt eigið fé til að standast áhættur í rekstri sínum. Það er stefna stjórnar að viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að stöðugleika og þar með skapa öryggi fyrir váttryggingataka.

Kröfur um eiginfjárbörf félagsins eru skilgreindar í lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, þar sem fjallað er um eigið fé váttryggingafélaga sem gjaldþol. Gerð er grein fyrir gjaldþoli samstæðunnar í skýringu 29.

39. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru dótturfélög, stjórn félagsins, forstjóri, lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir ásamt félögum í eigu stjórnarmanna og aðilar þeim tengdum.

Viðskipti milli félagsins og dótturfélaga eru viðskipti milli tengdra aðila. Öll viðskipti við dótturfélög eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins og því ekki sýnd í meðfylgjandi yfirliti um viðskipti og stöður við tengd félög. Vísað er í skýringu 40 um félög í samstæðunni.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
2013				
Tengd félög	13.925	1.872	0	67
Stjórn og lykilstarfsmenn	3.347	3.222	8.460	55
	<u>17.272</u>	<u>5.094</u>	<u>8.460</u>	<u>122</u>
2012				
Tengd félög	47.719	288	1.581.404	248.734
Stjórn og lykilstarfsmenn	2.574	1.605	21.188	0
	<u>50.293</u>	<u>1.893</u>	<u>1.602.592</u>	<u>248.734</u>

Skýringar, frh.:

39. Tengdir aðilar, frh.:

Laun, mótframlag í lífeyrissjóð og hlunnindi forstjóra, stjórnar og stjórnenda greinast þannig:

	2013		2012	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Sigurður Viðarsson, forstjóri	41.507	3.930	35.739	3.338
Elín Jónsdóttir, formaður stjórnar	8.400	672	430	34
Júlíus Þorfinnsson, fyrrv. form., stjórnarmaður	2.683	215	5.551	444
Eiríkur Elís Þorláksson, stjórnarmaður	2.683	215	3.263	261
Andri Þór Guðmundsson, stjórnarmaður	1.617	129	0	0
Bjarki Már Baxter, stjórnarmaður	4.400	352	215	17
Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarmaður	1.517	121	0	0
Örvar Kærnested, stjórnarmaður	4.200	336	215	17
Helga Kristín Auðunsdóttir, varamaður	450	36	350	28
Hilmar Thors, varamaður	350	28	90	7
Steinn Logi Björnsson, fyrrv. stjrn., varamaður	150	12	4.246	340
Ármann Harri Þorvaldsson, varamaður	350	28	90	7
Daði Bjarnason, varamaður	350	28	0	0
Þórunn Pálsdóttir, varamaður	350	28	90	7
Eva Bryndís Helgadóttir, fyrrverandi formaður	200	16	1.344	107
Bryndís Hrafnkelsdóttir, fyrrverandi varamaður	350	28	350	28
Anna Skúladóttir, fyrrverandi varamaður	600	48	950	76
Lykilstjórnendur (5)	139.954	14.455	145.312	15.446
	210.111	20.677	198.235	20.157

Í árslok 2013 á forstjóri félagsins samtals 3.402 þús. hluti í félaginu í gegnum félag í hans eigu. Jafnframt eiga fimm stjórnendur hluti í félaginu, samtals að fjárhæð 2.253 þús.

Í árslok námu ógreiddar kaupaukagreiðslur vegna forstjóra 6,9 millj. kr. og 16,9 millj. kr. vegna lykilstjórnenda, sbr. skýr. 15.

40. Dótturfélög í samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

	Staðsetn.	Hluttur 2013	Hluttur 2012
Íslensk endurtrygging hf.	Ísland	99,7%	99,7%
Líftryggingamiðstöðin hf.	Ísland	100,0%	100,0%
TM fé ehf.	Ísland	100,0%	100,0%
Trygging hf.	Ísland	100,0%	100,0%

Skýringar, frh.:

41. Annað

Á árinu 2008 keypti Glitnir banki hf. ábyrgðartryggingu stjórnenda og stjórnarmanna (Directors' and Officers' Liability Insurance) hjá félaginu. Vátryggingarsamningnum var komið á fyrir milligöngu bresku vátryggingamiðlunarinnar Howden Insurance Brokers Ltd. í London. Í kjölfar falls bankans í október 2008 hafa verið gerðar kröfur um bætur úr vátryggingu þessari. Í tveimur dómum Hæstaréttar Íslands, annars vegar 14. febrúar 2013 og hins vegar 13. febrúar 2014, hefur félagið verið sýknað af kröfum um viðurkenningu á því að vátryggingin geti tekið til krafna sem gerðar voru eftir að vátryggingin rann út 1. maí 2009. Í ljósi þessara dóma er það mat félagsins að verulega hafi dregið úr líkum á því að til greiðslu bóta geti komið úr vátryggingunni. Engu að síður skal tekið fram að vátryggingarsamningurinn er að fullu endurtryggður á breskum endurtryggingarmarkaði og kröfur ásamt kostnaði sem kunna að falla til á grundvelli vátryggingarsamningsins munu því ekki falla á félagið.

Slitastjórn VBS fjárfestingarbanka hf. hefur krafist riftunar á greiðslum að fjárhæð 1.118 m.kr. vegna skuldauppgjörs VBS fjárfestingarbanka hf. við félagið. Stjórnendur telja málatilbúnað slitastjórnar langsóttan m.a. þar sem viðskiptin áttu sér stað meira en 6 mánuðum fyrir frestdag og því utan hefðbundins riftunarfrests. Við kaup fjárfesta á 60% hlut í félaginu árið 2012 varð að samkomulagi að Stoðir tryggðu félaginu skaðleysi vegna beins tjóns af ágreiningsmálum við VBS fjárfestingabanka.

42. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins eru eftirfarandi:	2013	2012
Eigið tjónshlutfall	73,0%	67,4%
Kostnaðarhlutfall vátryggingastarfsemi	22,2%	21,0%
Samsett hlutfall (eigið tjónshlutfall+kostnaðarhlutfall)	95,2%	88,5%
Eiginfjárlutfall	40,3%	37,3%

Viðauki við skýringu 30 (óendurskoðað).

Tjónaþróun greinist með eftirfarandi hætti:

Í efri hluta töflunnar (heildarfjárhæðir) kemur annars vegar fram hvernig heildarfjárhæð tjóna hvers tjónsárs frá og með 2005 hefur þróast milli ára, hins vegar núverandi staða. Í neðri hluta töflunnar (tjón í eigin hlut) hefur hlutdeild endurtryggjenda verið dregin frá stöðunni í efri hluta.

Heildarfjárhæðir

í millj. kr.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Mat á endanlegum tjónakostnaði:										
- í lok tjónsárs	6.409	6.528	7.828	9.073	8.728	8.320	8.760	8.365	9.442	
- einu ári síðar	6.516	7.060	8.623	10.400	9.226	8.127	9.009	8.778		
- tveimur árum síðar	6.428	7.133	8.918	10.125	8.865	7.894	8.728			
- þremur árum síðar	6.301	6.831	8.623	10.007	8.303	7.570				
- fjórum árum síðar .	5.763	6.530	8.558	9.771	8.110					
- fimm árum síðar ...	5.716	6.527	8.511	9.719						
- sex árum síðar	5.740	6.479	8.424							
- sjö árum síðar	5.737	6.483								
- átta árum síðar	5.720									
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2013	5.720	6.483	8.424	9.719	8.110	7.570	8.728	8.778	9.442	72.974
Uppsafnaðar tjónagreiðslur í árslok 2013	(5.652)	(6.409)	(8.248)	(9.485)	(7.605)	(6.719)	(6.941)	(5.107)	(3.956)	(60.122)
Tjónaskuld í árslok 2013	68	74	176	234	505	851	1.787	3.671	5.486	12.852
Tjónaskuld vegna fyrri ára (2004 og fyrr)										159
Heildar tjónaskuld í árslok 2013										13.011
Þar af er tjónaskuld vegna líftrygginga										79

Eigin tjón

í millj. kr.

Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2013	4.903	6.263	8.227	9.453	7.942	7.423	8.007	8.536	9.007	69.761
Uppsafnaðar tjónagreiðslur í árslok 2013	(4.835)	(6.189)	(8.051)	(9.222)	(7.445)	(6.581)	(6.224)	(5.013)	(3.558)	(57.118)
Tjónaskuld í árslok 2013	68	74	176	231	497	842	1.783	3.523	5.449	12.643
Tjónaskuld vegna fyrri ára (2004 og fyrr)										159
Eigin tjónaskuld í árslok 2013										12.802